



Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða
Skýrsla Umhverfisstofnunar
2018

Inngangur

Samkvæmt ákvæðum 79. gr. laga nr. 60/2013 skal Umhverfisstofnun gefa ráðherra árlega skýrslu um ástand náttúruverndarsvæða í umsjá stofnunarinnar. Í þessari skýrslu er að finna mikilvægar upplýsingar er varða ástand friðlýstra svæða en hér er þó einblínt á áfangastaði ferðamanna innan friðlýstu svæðanna. Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2010 gefið út skýrslur um ástand friðlýstra svæða og frá sama tíma hefur verið gefinn út listi um svæði í hættu, svokallaður Rauði listi, annað hvert ár.

Nú förum við af stað í annað sinn með nýtt verkfæri til að meta ástand áfangastaða innan friðlýstra svæða. Verkfærið var unnið af Umhverfisstofnun en á vordögum 2016 gerði Umhverfisstofnun og Stjórnstöð ferðamanna með sér samning um að fyrrgreindi aðilinn myndi hanna og þróa verkfæri sem nýta mætti til að leggja mat á svæði sem væru undir álagi vegna gestasóknar. Áhersla er lögð á að verkfærið leggi hlutlægt mat á verndarsvæði, sé samanburðarhæft milli svæða og gefi til kynna hvort ástand svæða fari batnandi eða versnandi milli ára. Þrír meginþættir (skipulag, innviðir og verðmæti) eru metnir til að byrja með en bæta má við nýjum meginþáttum og fella þætti út eftir því hvernig verkfærið þróast. Verkfærið sem hér fylgir er því enn í þróun og verður það sennilega komandi ár. Í einhverjum tilfellum hafa einkunnir svæða breyst án þess að nokkrar breytingar hafi átt sér stað á umhverfi eða innviðum. Í þeim tilfellum er um að ræða áhrif nýrra matsþátta en í ár eru matsþættirnir 27 en voru 23 í fyrri útgáfu.

Í þessari skýrslu er að finna ástandsmat 104 áfangastaða innan friðlýstra svæða ásamt ástandsmati á sex mjög fjölmönnum áfangastöðum svæða á náttúruminjaskrá eða svæðum í friðlýsingarferli.

Skipulag skýrslunnar er þannig að fremst er matseinkunn allra metinna svæða. Þeim er raðað eftir stafrófsröð innan hvers landshluta. Þar á eftir er kafli þar sem farið er annars vegar yfir svæði í hættu en hins vegar svæði sem standa vel að vígi. Að lokum er hið eiginlega ástandsmat hvers svæðis með tillögum að úrbótum um möguleika svæðis til að þjóna gestum og viðhalda verndargildi. Jafnframt er fjallað um breytingar milli ára ef það á við.

Verkfærið

Ýmsar leiðir eru þekktar erlendis til að meta ástand og álag á fjölsótt svæði og gera mat á stjórnun þeirra. Við gerð þessa verkfæris voru ýmis erlend tól skoðuð og hugmyndafræði þeirra nýtt. Ber sérstaklega að nefna *Management Effectiveness Tracking Tool - WWF* sem er verkfæri hannað til að meta virkni stjórnunar á friðlýstum svæðum. Aðferðarfræði ástandsmatsins er byggð á svipuðum grunni, þ.e. settar eru fram fullyrðingar um vissa þætti sem skipta ástand svæða máli. Sú fullyrðing sem á best við gefur vissa einkunn.

Sett hafa verið fram 27 viðföng sem skiptast í þá þrjá meginþætti sem verkfærið leggur mat á, skipulag, innviði og verðmæti. Hvert viðfang hefur fjórar til sex fullyrðingar sem gefa einkunn og einnig er dálkur sem merkt er í ef viðfang á ekki við umrætt svæði.

Kallaður var saman fundur margra hagsmunaaðila þar sem viðföng sem skipta máli er kemur að ástandsmati áfangastaða voru samin, rædd og metin. Í kjölfarið voru viðföngin fínþússuð og sett fram með einkunnum. Þá var sett fram reiknilíkan til að leggja lokamat á einkunnargjöf hvers metins svæðis.

Haustið 2018 unnu sérfræðingar í teymi náttúruverndar að uppfærslu matsverkfærisins. Í þeirri vinnu var reynt að losna við hnökra sem komið höfðu upp og bæta við viðföngum sem talið var að myndu hjálpa til við að gefa skýrari mynd af ástandi hvers áfangastaðar fyrir sig. Í næstu umferð, 2019, verður aftur lagt

mat á verkfærið og frekari úrbætur það lagað, enda verður þá kominn samanburður og reynsla af nýtingu verkfærisins.

Hafa skal í huga að verkfærið er hannað til að leggja mat á ástand svæða sem eru undir álagi vegna gestasóknar, þekktir áfangastaðir. Ekki er ástæða til að leggja mat á svæði sem fáir sækja og áhrif gesta eru óveruleg. Sama á við ef álag á svæði er vegna náttúrulegra þátta og/eða framkvæmda þriðja aðila s.s. virkjanir, vegaf framkvæmdir eða annað álag sem ekki er hægt að rekja beint til ferðamanna. Verkfærið metur gestaálag og leggur til leiðir til úrbóta. Þó eru stök viðföng sem heyra ekki beint undir álag gesta, en geta haft áhrif á upplifun þeirra, t.d. landnýting, framandi ágengar lífverur o.s.frv.

Frekari upplýsingar um verkfærið ásamt leiðbeiningum um notkun má finna í viðauka 1.

Efnisyfirlit

Áfangastaðir á „rauða listanum“ og svæði í hættu	12
Áfangastaðir sem standa vel.....	16
Ástandsmat, ástand og úrbætur	17
Suðvesturland	17
Álafoss.....	17
Ásfjall og Ástjörn-Fólkvangur.....	17
Ástjörn, Fólkvangur og friðland	18
Bakkatjörn.....	18
Borgir	19
Bringur	20
Eldborg í Bláfjöllum.....	20
Eldborg undir Geitahlíð.....	21
Fjaran við Kasthúsatjörn	21
Fossvogsbakkar	22
Garðahraun, Vífilstaðarhraun og Maríuhellar	22
Gálgahraun.....	23
Gróttu.....	23
Hamarinn	24
Háubakkar	24
Herdísarvík	25
Hleinar.....	26
Hlíð	26
Hvaleyrarlón.....	27
Kaldárhraun og Gjárnar	27
Kasthúsatjörn.....	28
Laugarás.....	28
Rauðhólar.....	29
Reykjanesfólkvangur.....	30
Reykjanesfólkvangur-Krísuvíkurbjarg	30
Reykjanesfólkvangur - Leiðarendi.....	31

Reykjanesfólkvangur - Seltangar	31
Reykjanesfólkvangur - Seltún	32
Reykjanesfólkvangur - Stapar og fjaran við Kleifarvatn.....	32
Reykjanesfólkvangur-Vigdísarvellir og Vigdísarvallaleið	33
Stekkjahraun	34
Tröllabörn	34
Tungufoss.....	35
Valhúsaæð	35
Varmárósar	36
Vífilstaðarvatn.....	36
Víghólar.....	37
Vesturland.....	38
Arnarstapi	38
Búðahraun	38
Eldborg.....	39
Geitland.....	39
Grábrók	40
Hraunfossar/Barnafoss	41
Húsafell	41
Ströndin Stapar-Hellnar	42
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	43
Djúpalón.....	43
Lóndrangar	44
Malarrif	44
Saxhóll.....	45
Skarðsvík	45
Skálasnagi.....	46
Svalþúfa.....	46
Öndverðarnes	47
Vestfirðir	48
Dynjandi	48
Hornstrandir.....	49
Hornstrandir - Hesteyri	49

Hornstrandir - Horn í Hornvík	50
Hornstrandir - Látrar	50
Hornstrandir - Veiðileysufjörður	51
Surtarbrandsgil	51
Vatnsfjörður	52
Vatnsfjörður - Flókalundur	52
Vatnsfjörður - Hörgsnes	53
Vatnsfjörður - Vatnsdalur	53
Vatnsfjörður - Þingmannaá	54
Norðvesturland	55
Hrútey í Blöndu	55
Kattarauga	55
Spákonufellshöfði	56
Norðausturland	57
Böggvisstaðafjall	57
Dettifoss að austan	57
Dimmuborgir	58
Glerárdalur	59
Herðubreiðarfriðland og Grafarlönd	59
Hraun	60
Hverfjall	61
Krossanesborgir	62
Seljahjallagil, Bláhvammur og Þrengslaborgir	62
Skútustaðagígar	63
Friðland í Svarfaðardal	64
Austurland	65
Álfaborg	65
Blábjörg í Berufirði	65
Díma í Lóni	65
Helgustaðanáma	66
Hólmanes	66
Neskaupsstaður fólkvangur	67
Teigarhorn náttúruvætti og fólkvangur	68

Suðurland	69
Álftaversgígar	69
Dverghamrar	69
Dyrhólaey	70
Dyrhólaey - Háey	70
Dyrhólaey - Lágey	71
Gullfoss	71
Háalda	73
Ingólfshöfði	73
Kirkjugólf	74
Skógafoss	74
Skógafoss láglendi	74
Skógafoss Skógaheiði	75
Miðhálandið	77
Fjallabak	77
Fjallabak - Hrafninnusker	77
Fjallabak - Landmannalaugar	78
Fjallabak - Laugahringur	78
Fjallabak - Laugavegur	79
Fjallabak - Landmannahellir	80
Fjallabak - Rauðufossar og Rauðufossakvísl	81
Hveravellir	81
Þjósárver	82
Svæði á náttúruminjaskrá	84
Látrabjarg, Bjargtangar	84
Geysir	85
Fjaðrárgljúfur	86
Fyrirhugað friðland Kerlingarfjalla	87
Hverasvæði í fyrirhuguðu friðlandi Kerlingarfjalla	88
Fyrirhugað friðland í Þjósárdal, Gjáin	89
Lokaorð	90
Viðauki 1	91

Einkunnir áfangastaða

Hér fyrir neðan má sjá töflu með upplýsingum um ástand allra metinna áfangastaða. Þeir eru flokkaðir eftir landssvæðum og einkunn áfangastaða skipt niður í þrjá flokka; þ.e. skipulag, innviði og verðmæti og heildareinkunn áfangastaðar. Vert er að benda á að í þarnaesta kafla eru frekari upplýsingar um ástand hvers staðar fyrir sig og yfirlit yfir brýnar úrbætur.

Árið 2018 var framkvæmt ástandsmat á 103 áfangastöðum ferðamanna innan friðlýstra svæða og að auki á sex áfangastaði á fjölsóttum svæðum. Í tilfellum þar sem friðuðu svæðin eru stór hafa verið skilgreindir fleiri en einn áfangastaður innan hins friðlýsta svæðis og er því að finna upplýsingar um allt að sex áfangastaði innan sumra friðaðra svæða, má þar nefna svæði eins og Þjóðgarðinn Snæfellsjökull og Friðlandið að Fjallabaki.

Tafla 1. Einkunnir áfangastaða

Suðvesturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Álafoss	6,25	8,89	5,64	6,65
Ásfjall	7,22	7,22	5,77	6,47
Ástjörn	6,67	7,62	6,25	6,71
Bakkatjörn	6,19	7,78	6,15	6,60
Borgir	6,67	6,67	6,35	6,50
Bringur	6,25	5,56	6,35	6,11
Eldborg í Bláfjöllum	4,76	5,83	7,44	6,44
Eldborg undir Geitahlíð	4,58	4,76	6,79	5,78
Fjaran við Kasthúsatjörn	5,24	7,78	7,44	7,07
Fossvogsbakkar	6,67	10,00	6,15	7,30
Garðahraun, Vífilstaðarhraun og Maríuhellar	7,78	8,89	6,54	7,43
Gálgahraun	6,67	7,22	7,12	7,05
Gróttta	5,0	8,33	6,44	6,65
Hamarinn	6,67	8,33	6,22	6,88
Háubakkar	7,22	9,17	6,67	7,46
Herdísarvík	5,19	5,56	6,92	6,19
Hleinar	6,11	4,44	5,87	5,53
Hlíð	6,67	6,67	5,96	6,30
Hvaleyrlón	6,11	5,83	7,31	6,66
Kaldárhraun og Gjárnar	7,78	6,0	6,92	6,85
Kasthúsatjörn	7,22	7,33	6,15	6,70
Laugarás	8,0	8,67	5,58	6,92
Rauðhólar	5,83	5,24	5,51	5,51
Reykjanesfólkvangur-Krísuvíkurbjarg	5,83	5,33	7,69	6,67
Reykjanesfólkvangur-Leiðarendi	4,76	8,33	5,19	5,95
Reykjanesfólkvangur-Selatangar	4,76	6,67	7,12	6,50
Reykjanesfólkvangur-Seltún	5,93	9,44	8,40	8,16

Reykjanesfólkvangur-Stapar við Kleifarvatn	4,76	6,67	5,83	5,83
Reykjanesfólkvangur-Vigdísarvellir/Vigdísarvallaleið	5,00	7,08	5,19	5,66
Stekkjahraun	6,00	8,00	7,95	7,55
Tröllabörn	5,0	4,76	7,44	6,20
Tungufoss	7,62	7,78	6,92	7,30
Valhúsahæð	6,67	-	6,15	6,30
Varmárósar	8,10	7,78	6,35	7,10
Vífilstaðarvatn	7,14	8,67	6,09	7,01
Víghólar	5,71	8,67	6,41	6,87
Vesturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Arnastapi	7,96	7,76	7,12	7,47
Búðahraun	6,48	9,72	9,42	8,89
Eldborg	6,46	7,78	8,72	7,99
Geitland	5,24	9,17	6,30	6,85
Grábrók	7,78	8,06	8,17	8,06
Hraunfossar	5,74	8,61	7,95	7,66
Húsafell	6,43	8,54	9,04	8,36
Ströndin Stapar-Hellnar	6,67	5,83	8,08	7,18
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Djúpalón	7,89	7,22	9,62	8,61
Lóndrangar	8,52	8,33	9,23	8,84
Malarrif	8,44	7,86	8,85	8,49
Saxhóll	7,89	7,62	8,40	8,08
Skarðsvík	8,33	6,11	9,52	8,35
Skálasnagi	8,63	7,33	9,76	8,87
Svalpúfa	9,17	8,67	8,80	8,84
Öndverðarnes	7,89	5,67	8,65	7,69
Vestfirðir	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Dynjandi	9,26	6,39	8,46	8,07
Hornstrandir, Hesteyri	7,50	7,22	7,69	7,53
Hornstrandir, Horn	7,50	7,22	7,69	7,53
Hornstrandir, Látrar	6,67	9,33	8,08	8,12
Hornstrandir, Veiðileysufjörður	7,50	9,33	9,04	8,80
Surtabrandsgil	7,92	10,0	10,0	9,56
Vatnsfjörður, Flókalundur	7,08	8,33	6,54	7,14
Vatnsfjörður, Hörgsnes	7,92	9,17	8,08	8,34
Vatnsfjörður, Vatnsdalur	7,50	9,05	9,42	8,92
Vatnsfjörður, Þingmannaá	7,50	7,04	7,50	7,38
Norðvesturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Hrútey	5,42	8,0	6,92	7,07
Kattarauga	7,50	8,0	10,0	8,94

Spákonufellshöfði	8,10	7,50	7,31	7,53
-------------------	------	------	------	------

Norðausturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Böggvistaðafjall	6,25	9,17	6,83	7,34
Dettifoss (að austan verðu)	5,42	5,71	3,59	4,55
Dimmuborgir	9,26	9,05	7,12	8,09
Glerárdalur	6,67	5,00	6,73	6,25
Herðubreiðarlindir	5,83	7,92	5,19	6,06
Hraun	5,0	8,67	8,27	7,69
Hverfjall	7,41	6,19	7,50	7,13
Krossanesborgir	8,89	7,33	8,65	8,35
Seljahjallagil	5,42	6,11	10,0	7,99
Skútustaðir	8,89	8,89	7,5	8,17
Svarfaðardalur	5,42	6,67	6,73	6,44

Austurland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Álfaborg	5,0	8,57	6,44	6,71
Blábjörg í Berufirði	5,83	6,67	7,12	6,73
Díma í Lóni	4,29	8,67	8,08	7,44
Helgustaðanáma	7,08	8,33	5,19	6,44
Hólmanes	7,08	7,22	5,77	6,44
Neskaupsstaður fólkvangur	5,83	7,78	5,90	6,39
Teigarhorn	9,17	6,67	7,31	7,57

Suðurland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Álftaversgígar	4,29	5,33	7,12	6,04
Dverghamrar	7,62	7,50	8,21	7,89
Dyrhólaey, Háey	5,56	6,25	8,46	7,25
Dyrhólaey, Lágey	7,04	7,5	6,35	6,80
Gullfoss	8,15	6,67	6,35	6,81
Háalda	5,71	7,22	9,36	8,02
Ingólfshöfði	7,5	8,57	9,81	8,99
Kirkjugólf	8,57	9,33	9,28	9,15
Skógafoss, Skógarheiði	5,42	5,24	5,96	5,65
Skógafoss, láglendi	5,93	6,3	6,67	6,41


Miðhálandið	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Fjallabak, Hrafninnusker	4,17	6,67	6,79	6,21
Fjallabak, Landmannalaugar	5,0	6,0	5,96	5,77
Fjallabak, Landmannahellir	4,58	5,19	6,73	5,86
Fjallabak, Laugahringur	5,42	6,11	6,15	5,99
Fjallabak, Laugavegur	5,0	5,71	6,15	5,79
Fjallabak, Rauðufossar	2,86	3,89	5,19	4,35
Hveravellir	7,08	8,15	5,82	6,71
Þjósárver	3,75	8,0	8,27	7,25

Áfangastaðir á „rauða listanum“ og svæði í hættu

Rauði listinn – Svæði í hættu árin 2010 til 2016

Umhverfisstofnun gefur árlega út skýrslu um ástand friðlýstra svæða á Íslandi. Á tveggja ára fresti hefur svo verið gefinn út svokallaður „rauði listinn – svæði í hættu“ sem byggður er á ástandsskýrslunni. Eitt af markmiðum rauða listans er að forgangsraða kröftum og fjármunum til verndunar, að auka meðvitund um ákveðna hættu og efla samstarf meðal umsjónaraðila, hagsmunaaðila og stofnana sem koma að fjármögnun, skipulagningu, vöktun og stjórnun svæða. Notuð var SVÓT aðferðafræði þar sem greindir voru styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Greiningin byggði á gögnum sem Umhverfisstofnun aflaði sér á ýmsan hátt, (sjá verklag hér að neðan) einkum frá landvörðum, í gegnum sjálfboðaliðastarf í náttúruvernd og aðra sérfræðinga stofnunarinnar sem vinna við og á svæðunum. Einnig leitaði Umhverfisstofnun upplýsinga í lok hvers árs frá sveitarfélögum og öðrum lögaðilum hvað varðar ástand friðlýstra svæða. Að auki lagði Umhverfisstofnun mat á þær ábendingar sem stofnunin fékk á hverju ári á einn eða annan hátt og varða friðlýst svæði á landinu (sjá einnig verklag fyrir gerð rauða listans). Umhverfisstofnun hefur nú unnið að gerð verkfæris sem koma skal í stað fyrri SVÓT aðferðafræði og nýttist við mat á ástandi áfangastaða. Niðurstaða í þeirri aðferðafræði verður einkunnargjöf fyrir hvert og eitt svæði sem er þá hægt að bera saman bæði svæði og ár. Aðferðafræðin er sótt í METT (management effectiveness tracking tool) sem útbúin var af WWF (Alþjóðasjóði villtra dýra).

HEIMILDIR OG SVÓT GREINING



Rauði listinn var þeim takmörkunum háður að hann var flókinn í framkvæmd og þess vegna var hann eingöngu gefinn út annað hvert ár. Með honum var einungis einblínt á svæði sem voru friðlýst og í umsjón Umhverfisstofnunar og þannig gaf hann ekki heildaryfirsýn um ástand náttúruverndarsvæða. Listinn náði t.d. ekki yfir svæði sem eru á náttúruminjaskrá og önnur svæði sem njóta sérstakrar verndar. Önnur athugasemd varðandi listann var að þótt ástand ákveðins ferðamannastaðar innan friðlýsts svæðis sé ekki gott, þýðir það ekki endilega að allt friðlýsta svæðið sé í hættu.

Tafla 2. Rauði listinn – Svæði í hættu 2012 – 2016.

2012	2014	2016
Rauð friðlýst svæði	Friðlýst svæði	Friðlýst svæði
Friðland að Fjallabaki Geysir Helgustaðanáma Laugarás Reykjanesfólkvangur Verndarsvæði Mývatns og Laxár	Friðland að Fjallabaki Geysir Helgustaðanáma Reykjanesfólkvangur Verndarsvæði Mývatns og Laxár	Friðland að Fjallabaki Geysir Helgustaðanáma Reykjanesfólkvangur Skógafoss Verndarsvæði Mývatns og Laxár
Appelsínugul	Friðlýst svæði	Friðlýst svæði
Dyrhólaey Eldborg í Bláfjöllum Fossvogsbakkar Geitland Grábrókargígar Gullfoss Háubakkar Hveravellir Kringilsárrani Rauðhólar Skógafoss Skútustaðagígar Surtarbrandsgil Teigarhorn	Dynjandi Dyrhólaey Eldborg í Bláfjöllum Fossvogsbakkar Geitland Grábrókargígar Gullfoss Háubakkar Kringilsárrani Laugarás Rauðhólar Skógafoss Skútustaðagígar Ströndin við Stapa og Hellna Surtarbrandsgil Teigarhorn	Dettifoss Dverghamrar Dynjandi Dyrhólaey Geitland Grábókargígar Gullfoss Kringilsárrani Rauðhólar Skútustaðagígar Ströndin við Stapa og Hellna Surtarbrandsgil Teigarhorn

Ástandsmat ferðamannastaða

Ástandsmat ferðamannastaða verkfærið var þróað út frá þeim athugasemdum sem höfðu komið fram vegna rauðlista greiningarinnar, ásamt þeirri ósk sérfræðinga að búið yrði til matstæki sem væri hraðvirkt og um leið hlutlægt þannig að fleiri umsjónaraðilar en Umhverfisstofnun gætu gert úttektir. Þannig væri unnt að fá heildaryfirsýn um ástand áfangastaða á Íslandi. Verkfærið einblínir á einn af stærstu þáttunum sem hafa áhrif á ástand náttúru Íslands, sem er ferðamennska og nýting náttúru til útivistar. Með notkun

Þess verkfæris sem hér er kynnt til sögunnar væri hægt að greina eftirsótt náttúrusvæði, sem eru í hættu vegna ferðamennsku og útivistar, á skilvirkan hátt.

Í framtíðinni ætti að vera hægt að birta nýjan lista yfir svæði í hættu – rauðir áfangastaðir, sem greinir betur áhrif ferðamanna á náttúru, á hverju ári í stað annar hvers árs og sameina hann og skýrsluna um ástandsmat ferðamannastaða (sem notar líka rauða/appelsínugula/græna flokkun). Rauðlitaður áfangastaður er í verulegri hættu hvað varðar verndargildi náttúrusvæðis þar um kring eða er í hættu að hluta til (appelsínugul-litaður áfangastaður). Til að teljast til „rauðs“ áfangastaðar þarf viðkomandi svæði að hafa fengið lægri heildareinkunn en 5 í ástandsmatinu. Jafnframt eru svæði sem fá lægri einkunn en 5 í undirþættinum *verðmæti*, flokkuð sem rauð. En undirþátturinn *verðmæti* segir til um hvort náttúra eða menningarminjar áfangastaðarins séu farin að láta á sjá (tengingin við rauða listann – svæði í hættu). Appelsínugulir áfangastaðir eiga á hættu að tapa verndargildi náttúrusvæðis þar um kring og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Til að teljast til appelsínuguls áfangastaðar þarf viðkomandi svæði að hafa fengið heildareinkunn á bilinu 5 – 6 í ástandsmatinu.

Vert er að ítreka að ekki er um sambærilegt matstæki að ræða milli fyrri ára og nú og kann það að skýra að hluta þá breytingu sem orðið hefur á listanum. Ástandsmat ferðamannastaða tekur ekki tillit til álags vegna annarra hagsmunaárekstra eins og kann að vera t.d. vegna orkunýtingar, landbúnaðarnotkunar, iðnaðar, áhrif þéttbýlis (t.a.m. skólphreinsun, byggingar) og annarrar starfsemi sem telst ekki til ferðamennsku (önnur ólögleg starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á náttúruverndarsvæði).

Tafla 3. Áfangastaðir í hættu 2018

Áfangastaðir í hættu

Dettifoss (að austanverðu)

Innan Friðlands að Fjallabaki: *Rauðufossar*

Svæði sem ekki eru friðlýst en voru metin

Geysir

Kerlingafjöll - hverasvæði

Þjórsárdalur - Gjáin

Appelsínugulir áfangastaðir

Álafoss

Ásfjall

Eldborg undir Geithlíð

Innan Friðlands að Fjallabaki: *Landmannalaugar, Landmannahellir, Laugahringur og Laugavegur.*

Helgustaðanáma

Herðubreiðarfriðland og Grafarlönd

Hleinar

Hlið

Hólmanes

Hveravellir

Laugarás

Neskaupsstaður - fólkvangur

Við Skógafoss er *Skógaheiði*

Rauðhólar

Innan Reykjanesfólkvangs:
Leiðarendi, Stapar við Kleifarvatn og Vigdísarvellir

Svæði sem ekki eru friðlýst en voru metin
Fjaðrárgljúfur
Látrabjarg/Bjartangar

Áfangastaðir sem standa vel

Í ár verður sett fram sú nýbreytni í skýrslunni að tilgreina sérstaklega áfangastaði innan friðlýstra svæða sem standast vel það álag sem á þeim er. Óneitanlega er misjafnt milli þessara staða hversu fjölsóttir þeir eru og hafa ber í huga að sumir þeirra koma vel út vegna fæðar ferðamanna.

Ekki er líklegt að ágætiseinkunn héldi sér ef gestakomur myndu aukast mikið án frekari innviðauppbýggingar. Öll þau svæði sem hér fara á eftir eiga það sammerkt að hafa fengið heildareinkunn yfir 8.

Vert er þó að tilgreina að hér er jafnframt að finna áfangastaði sem hafa verið byggðir upp til að taka við miklum fjölda gesta. Má þar nefna alla áfangastaði innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökull, sem og Dynjanda þar sem talsverð uppbygging hefur farið fram á síðari árum og er ekki lokið.

Tafla 4. Áfangastaðir sem standa vel

2018
Grænir áfangastaðir
Búðahraun
Dimmuborgir
Dynjandi
Grábrók
Háalda
Innan Hornstranda; <i>Látrar og Veiðileysufjörður</i>
Húsafell
Ingólfshöfði
Kattarauga
Kirkjugólf
Krossanesborgir
Skútustaðir
Surtarbrandsgil
Innan Vatnsfjarðar; <i>Hörgsnes og Vatnsdalur</i>
Innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökull; <i>Djúpalón, Lóndrangar, Malarrif, Saxhóll, Skarðsvík, Skálasnagi og Svalpúfa</i>

Í þessari töflu er að finna áfangastaði sem fyrir nokkrum árum voru í hættu, en hafa nú með auknu fjármagni og fylgjandi innviðauppbýggingu og betri stýringu náð sér þannig að þróuninni hefur verið snúið við. Hér má nefna Surtarbrandsgil sem var á appelsínugulum lista til ársins 2016, en hefur nú undanfarin tvö ár staðið mjög sterkt. Eins má nefna Dynjanda sem var einnig á appelsínugulum lista bæði 2014 og 2016 en hefur nú 2018 fengið þá innviðauppbýggingu sem þarf til að náttúruvættið og umhverfi þess geti sómasamlega boðið alla gesti sína velkomna. Dynjandi er því gott dæmi um vel heppnaða innviðauppbýggingu sem skilar sér í meiri verndun og verðmæti svæðisins.

Ástandsmat, ástand og úrbætur

Hér er að finna ástandsmat hvers áfangastaðar sem metinn hefur verið með verkfærinu. Áfangastöðunum er raðað upp eftir landshlutum og í stafrófsröð innan landshlutans. **Mikilvægt er að ítreka hér að í einhverjum tilfellum hefur einkunn áfangastaðar tekið breytingum án þess að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á svæðinu. Í þeim tilfellum má skýra breytingarnar á þeim lagfæringum sem hafa verið gerðar á verkfærinu frá fyrra ári.**

Suðvesturland

Álafoss

Álafoss er vinsælt útivistarsvæði sem er mikið nýtt af bæjarbúum í Mosfellsbæ og gestum. Er stutt að fara fyrir þá ferðamenn sem eru að heimsækja Álafossreitinn. Ágætir göngustígar eru sitthvoru megin við ána. Hjólreiðamenn samnýta stígana með göngufólki en borið hefur á að hjólað sé utan stíga. Til þess að komast að útsýnistöðum yfir fossinn og upplýsingarskiltum þarf jafnframt að fara utan stíga. Náttúrulegur gróður er á miklu undanhaldi vegna ágengra tegunda sem vaxa á svæðinu.

Álafoss – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,56	5,83
Innviðir áfangastaðar	6,67	8,89
Verðmæti áfangastaðar	5,77	5,64
Heildareinkunn áfangastaðar	5,97	6,65

Úrbætur

Fræðsluskilti um náttúruvættið er í vinnslu hjá sveitarfélaginu. Bæta þarf skipulag stíga um svæðið sem kæmi í veg fyrir að gestir svæðisins gengju utan þeirra til að komast að útsýnistöðum yfir fossinn eða að fræðsluskiltum. Úrbætur myndu hlífa gróðri. Leita þarf leiða til að koma í veg fyrir hjólreiðar utan stíga. Mosfellsbær hefur kortlagt útbreiðslu ágengra tegunda innan sveitarfélagsins og er aðgerðaráætlun í vinnslu.

Ásfjall og Ástjörn-Fólkvangur

Ásfjall er vinsælt svæði til útivistar og liggur umhverfis friðlandið við Ástjörn. Innan svæðisins er að finna mörg góð fræðsluskilti. Skipulagðir stígar liggja meðfram byggðinni en ekki upp á fjallið sjálft og hafa þar myndast villustígar sem eru misskýrir og ekki er vitað til að sé viðhaldið. Hjólreiðamenn nýta stígana á fjallinu ásamt göngufólki en vinsældir hjólreiða sem ferðamáta hafa aukist á undanförunum árum. Hefur umferð reiðhjóla utan vegkerfis jafnframt færst yfir á gönguleiðir og kindagötur vegna sóknar í auknar torfærur. Góð útsýnisskífa er á toppi fjallsins en engir eiginlegir stígar liggja að henni eða merkingar um hvernig hægt er að komast þangað. Mjög mikil lúpína er á svæðinu.

Ásfjall – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,14	7,22
Innviðir áfangastaðar	5,56	7,22
Verðmæti áfangastaðar	4,1	5,77
Heildareinkunn áfangastaðar	5,13	6,47

Breytingar á milli ára

Ákveðið var að bílastæði við íþróttasvæði Hauka þjóni einnig fólkvanginum og útskýrir það breytinguna á milli ára.

Úrbætur

Bæta þarf skipulag stíga á sjálfu fjallinu, loka villustígum og auðkenna þær leiðir sem til stendur að nýta áfram með merkingum eða með því að bæta sýnileika þeirra. Kemur það í veg fyrir myndun nýrra stíga. Afmarka þarf sérstakar hjólaleiðir ef umferð hjóla eykst á sjálfu fjallinu til að minnka líkur á árekstrum milli hjóla- og göngufólks þar sem stígar eru þröngir og erfitt að mætast. Til að auðvelda aðgengi að útsýnisskífu og koma í veg fyrir óþarfa árekstra er mælt með að útbúa stíg að skífunni. Skoða þyrfti mögulegar aðgerðir til að stemma stigu við lúpínu innan svæðisins.

Ástjörn, Fólkvangur og friðland

Ástjörn er vinsælt útivistarsvæði. Ástand innviða er gott þótt stígur sé blautur á stöku stað. Gróður hefur lítillaga látið á sjá við alfaraleiðir. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er umferð fólks um svæðið óheimil á varptíma (1. maí til 15. júlí). Ekki er vitað til að farið sé eftir því banni en úttekt á svæðinu fór fram utan varptíma. Mikil lúpína er á svæðinu en ekki er vitað hvort mótvægisgerðir séu í gangi.

Ástjörn – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,14	6,67
Innviðir áfangastaðar	10	7,62
Verðmæti áfangastaðar	4,1	6,25
Heildareinkunn áfangastaðar	6,33	6,71

Úrbætur

Skoða þyrfti aðgerðir til að stemma stigu við lúpínu innan svæðisins.

Bakkatjörn

Vinsælt útivistar- og fuglaskoðunarsvæði. Góð skilti eru á staðnum en misræmi er í textum á þeim hvort hundar séu leyfðir á svæðinu eða ekki. Góðir stígar liggja að svæðinu og upp að því sem stýra umferð frá viðkvæmum svæðum en tengistíga vantar að fuglaskoðunarhúsi sem þarna var byggt. Mikið er um að lagt

sé í vegköntum á meðan bílstjórar og farþegar skoða fræðsluskilti og mynda fugla sem eru á tjörninni. Einkum við austurenda hennar þar sem fræðsluskilti eru um svæðið og á móts við hólmann. Gróður í vegkantinum er farinn að láta á sjá.

Bakkatjörn – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,19
Innviðir áfangastaðar	9,33	7,78
Verðmæti áfangastaðar	7,44	6,15
Heildareinkunn áfangastaðar	7,79	6,60

Breytingar á milli ára

Umferð gangandi fólks við Bakkatjörn er mikill og hefur aukist til muna. Áður var svæðið nýtt af útivistarfólki en nú hefur bæst við heimsóknir ferðafólks.

Úrbætur

Uppfæra þarf texta á skiltum til að samræma upplýsingar. Útbúa þarf tengistíg frá göngustíg sem liggur meðfram friðlandinu að fuglaskoðunarhúsi til að stýra betur umferð. Skoða þarf leiðir til að minnka gróðurskemmdir vegna bíla sem lagt er í vegköntum og meta hvort athæfið hafi neikvæð áhrif á umferðaröryggi. Ef svo er gæti þurft að endurskoða staðsetningu fræðsluskilta.

Borgir

Náttúruvætti í miðri byggð. Á svæðinu er gott skilti með upplýsingum um svæðið og áhugaverða staði innan þess. Komin er svolítill skemmd í skiltið og styttest í þörf á viðhaldi. Ágætur stígur liggur um svæðið en ekki að þeim stöðum sem skiltið sýnir. Gestir svæðisins ganga því mikið út fyrir stíginn með þeim afleiðingum að troðningar hafa orðið að veruleika. Trjágróður er byrjaður að sá sér innan svæðisins og lúpína er að vaxa hratt.

Borgir – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	6,67
Innviðir áfangastaðar	5,56	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,95	6,35
Heildareinkunn áfangastaðar	6,83	6,50

Breyting á milli ára

Lúpína dreifist hratt um svæðið.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar innan svæðisins og stika leiðir að minjunum svo gestir svæðisins geti skoðað þær. Fylgjast þarf með að ræktaðar tegundir úr görðum og í nágrenninu sái sér ekki innan svæðisins.

Bringur

Um er að ræða útivistarsvæði á vegum Mosfellsbæjar sem nýtt er af bæjarbúum og öðrum gestum. Engar upplýsingar er að finna að um friðlýst svæði sé að ræða. Grunur er um að fólk tjaldi á svæðinu við ána en það hefur þó ekki verið staðfest. Tjöldun og næturdvöl er óheimil á svæðinu. Einhverjar stikaðar leiðir liggja um svæðið en mikið er af villustígum. Í stiga sem er á einni gönguleiðinni vantar tröppur sem gerir hann varasaman í aurbleytu. Svæðið er nýtt til hrossabeitar. Tóftir sem eru innan svæðisins hafa látið mikið á sjá vegna ágangs hrossa og er komið rof í þær.

Bringur – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	6,25
Innviðir áfangastaðar	5,00	5,56
Verðmæti áfangastaðar	5,58	6,35
Heildareinkunn áfangastaðar	5,45	6,11

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á svæðinu sem segja að um friðlýst svæði sé að ræða og kynna betur umgengnisreglur svæðisins, þ.m.t, bann við næturdvöl. Loka þarf villustígum og lagfæra stíga. Girða þarf tóftirnar af til að hlífa þeim vegna ágangs hrossa. Bæta þarf eftirlit á svæðinu.

Eldborg í Bláfjöllum

Eldborg í Bláfjöllum er staðsett innan Bláfjallafólkvangs sem er vinsælt útivistarsvæði höfuðborgarbúa. Stikaðar hafa verið gönguleiðir upp á borgina og Drottninguna. Eftirlit á svæðinu er óreglulegt. Svæðið var sett á appelsínugulan lista Umhverfisstofnunar árið 2010. Árið 2015 fór Umhverfisstofnun í aðgerðir á svæðinu með aðstoð sjálfboðaliða þar sem gönguleiðir voru stikaðar, keðjustigi settur upp í mesta brattanum til að hlífa undirlagi, bílastæði lagfært og farið í aðgerðir til að loka villustígum og græða upp mosa. Fer stikum fækkandi og lokanir á villustígum ógreinilegar. Keðjustiginn var lagður í of miklum bratta og leiðin er hál. Setja þarf upp handrið til að koma í veg fyrir að fólk fari út fyrir stíginn. Svæðið er mosavaxið og þolir því ekki mikinn ágang.

Eldborg í Bláfjöllum – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,29	4,76
Innviðir áfangastaðar	6,67	5,83
Verðmæti áfangastaðar	4,87	7,44
Heildareinkunn áfangastaðar	5,23	6,44

Úrbætur

Bæta þarf eftirlit með svæðinu. Lagfæra þarf göngustíga, endurnýja stikur, bæta lokanir á villustígum og græða upp mosa á stærstu villustígum. Endurskoða þarf legu stígsins þar sem keðjustiginn liggur. Skoða þarf möguleika á að koma upp handriðum við keðjustigann.

Eldborg undir Geitahlíð

Áningarstaður innan Reykjanesfólkvangs. Engin skilti á svæðinu eða merkingar sem gefa til kynna að um náttúruvætti sé að ræða. Landvarsla hluta úr ári sem tengist Reykjanesfólkvangi. Engir skipulagðir stígar til staðar og mikið af villuslóðum. Meginögnguleiðin upp á topp er ekki auðkennd með neinum hætti. Bílastæði ekki afmarkað. Slóði upp að Stóru Eldborg liggur frá bílastæði. Mikil akstur er utan vega út af bleytu og keyrt nálægt brún hrauntraðar. Vegur sem liggur að svæðinu er lélegur. Gróður farinn að láta á sjá vegna ágangs þar sem gengið er utan stíga. Ummerki um malarnám til staðar.

Eldborg undir Geitahlíð – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,29	4,58
Innviðir áfangastaðar	4,44	4,76
Verðmæti áfangastaðar	6,15	6,79
Heildareinkunn áfangastaðar	5,30	5,78

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á svæðinu og lengja landvarðatímabil. Laga þarf megingönguleiðina, loka villuslóðum og afmarka bílastæði til að stýra umferð betur um svæðið. Laga þarf til malarnámu á svæðinu svo minna beri á henni.

Fjaran við Kasthúsatjörn

Vinsælt útivistar- og fuglaskoðunarsvæði. Engar merkingar fyrir fólkvanginn. Góður stígur liggur að svæðinu á mörkum friðlandsins og fólkvangsins í fjörunni og er hann samnýttur með hestafólki. Lítið bílastæði er við svæðið en mörk þess óljós og renna saman við göngu-/reiðstíg sem getur skapað hættu fyrir hestafólk ef margir bílar eru á bílastæðinu. Aðgengi að fjörunni lélegt en krönglast þarf yfir sjóvarnargarð til að komast að henni.

Fjaran við Kasthúsatjörn - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	5,24
Innviðir áfangastaðar	6,67	7,78
Verðmæti áfangastaðar	7,44	7,44
Heildareinkunn áfangastaðar	6,87	7,07

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á svæðinu. Endurskoða þyrfti legu reiðstígs í gegnum bílastæðið.

Fossvogsbakkar

Mikil umferð fólks er um svæðið sem tengir saman tvö vinsæl útivistarsvæði í Fossvogsdal, Nauthólsvík og Öskjuhlíð. Góðir stígar liggja um svæðið en eitthvað er um villustíga og traðk þar sem gengið er fram á brún bakkanna. Ekki er mælt með því að gengið sé út á bakkana af öryggisástæðum vegna hrunhættu. Eitthvað er um að fólk kroti nöfn sín í setið. Mikið er af lúpínu og þistli á svæðinu og er útbreiðsla þeirra vöktuð en engar mótvægisáðgerðir eru í gangi. Lúpína og þistill ógna ekki verndargildi minja sem eru forsenda friðunarinnar.

Fossvogsbakkar – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	8,1	6,67
Innviðir áfangastaðar	8,33	10,00
Verðmæti áfangastaðar	6,15	6,15
Heildareinkunn áfangastaðar	7,15	7,30

Úrbætur

Flýta þarf uppsetningu skiltis um öryggismál á svæðinu og loka villustígum sem liggja fram á brún. Skilgreina þarf örugg svæði og beina umferðinni þangað. Skoða þyrfti mögulegar aðgerðir til að stemma stigu við ágengum tegundum innan svæðisins og setja fram aðgerðaráætlun.

Garðahraun, Vífilstaðarhraun og Maríuhellar

Vinsælt útivistarsvæði í þéttbýli. Ágæt fræðsluskilti en engar merkingar sem gefa til kynna að um friðlýst svæði sé að ræða. Bann við lausagöngu hunda ekki virt og einhver umferð vélknúinna farartækja á göngustígum. Góðir stígar liggja um svæðið og er verið að vinna í lagningu fleiri gönguleiða. Hluti stígakerfisins er með lýsingu og vetrarþjónustu. Mikill umferð um lífríkissvæði en stígar stýra umferð frá viðkvæmum svæðum.

Garðahraun, Vífilstaðarhraun og Maríuhellar– ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,24	7,78
Innviðir áfangastaðar	10,0	8,89
Verðmæti áfangastaðar	6,92	6,54
Heildareinkunn áfangastaðar	7,4	7,43

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á svæðinu, stemma stigu við lausagöngu hunda og koma í veg fyrir akstur vélknúinna farartækja á stígum.

Gálgahraun

Vinsælt útivistarsvæði í þéttbýli. Ágætt fræðsluskilti en engar merkingar sem gefa til kynna hverskonar friðun sé um að ræða. Bann við lausagöngu hunda er ekki virt. Góðir stígar meðfram svæðinu á tvo vegu en annars stikaðar gönguleiðir. Inn á milli eru náttúrulegir hrauntroðningar. Bílastæði ómerkt en mikið um að fólk komi gangandi eða hjólandi inn á svæðið úr íbúðarbyggð í nágrenninu. Gróður að mestu heilbrigður en traðk er við alfaraleiðir og lúpína við svæðið. Fura er farin að sá sér. Takmörkuð stýring á fuglasvæðum.

Gálgahraun– ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	6,67
Innviðir áfangastaðar	8,33	7,22
Verðmæti áfangastaðar	5,58	7,12
Heildareinkunn áfangastaðar	6,35	7,05

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á svæðinu. Leita þarf leiða til að stemma stigu við lausagöngu hunda. Bæta þarf stýringu gesta til að minnka neikvæð áhrif á fuglalíf. Skoða þarf mótvægisáðgerðir vegna lúpínu til að koma í veg fyrir að hún skjóti rótum innan friðlandsins. Tilgangur friðunar var að skapa náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði til náttúrulegrar endurnýjunar staðargróðurs með það að markmiði að ekki verði raskað líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Þyrfti því að fara í aðgerðir til að uppræta tegundir sem ekki tilheyra staðargróðri og borist hefur inn á svæðið.

Gróttta

Vinsælt útivistarsvæði. Í næsta nágrenni eru önnur vinsæl útivistarsvæði og við jaðar þeirra liggur fjölfarin göngu- og hjólaleið. Nokkur skilti eru staðsett þar sem gengið er inn á svæðin, bæði fræðslu- og viðvörunarskilti. Búið er að krotta á skiltin og skemma þau með límmituðm. Óskýrir stígar liggja um svæðið og er nokkuð um að þeim sé ekki fylgt. Gamlar hleðslur eru að hrynja á svæðinu. Dæmi um að fólk fari inn á svæðið á lokunartíma en umferð er óheimil yfir varptímann.

Gróttta – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	5,0
Innviðir áfangastaðar	6,67	8,33
Verðmæti áfangastaðar	8,08	6,44
Heildareinkunn áfangastaðar	7,4	6,65

Breyting á milli ára:

Ferðamenn/gestir virða ekki lokanir á varptíma og trufla lífríkið mjög.

Úrbætur

Bæta þarf varúðarmerkingar á svæðinu og aðgreina varúðarmerkingar betur frá fræðsluskiltum. Stýra þarf betur umferð um svæðið til að vernda viðkvæm svæði. Meta þarf ástand menningarminja. Skoða þarf leiðir til að hindra að fólk sé að fara inn á svæðið á lokunartíma.

Hamarinn

Útivistarsvæði í hjarta Hafnarfjarðar. Takmarkaðir innviðir eru innan svæðisins. Skipulagður stígur liggur hálf leið upp á topp með ofaniburði. Eftir það taka við slóðar og troðningar. Efst á toppnum eru svo skilti og útsýnisskífa en engir stígar liggja þar á milli. Þar sem engir eiginlegir stígar liggja um stóran hluta svæðisins er nokkuð um traðk. Mikið af hundaskít á svæðinu og eitthvað um lausagöngu hunda.

Hamarinn – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,14	6,67
Innviðir áfangastaðar	4,44	8,33
Verðmæti áfangastaðar	8,72	6,22
Heildareinkunn áfangastaðar	7,23	6,88

Breyting á milli ára:

Umgengni hefur farið versnandi, ekki síst er sjáanleg aukning á hundaskít. Margir villustígar liggja um svæðið. Greni og fura dreifa sér um hamarinn í miklu magni. Jafnframt er kerfill áberandi.

Úrbætur

Klára þyrfti stíginn sem á að liggja upp á topp hamarsins eða merkja leiðina upp á topp. Loka þarf villustígum og hlífa svæðum sem liggja undir ágangi. Fræða þarf eigendur hunda um að þrifa upp eftir þá.

Háubakkar

Gott fræðsluskilti er á svæðinu. Aðgengi að þeim minjum sem njóta verndar er ekki gott, enginn stígur liggur að þeim sem er skiljanlegt þar sem eingöngu er hægt að komast að þeim þegar fjarar út.

Ekki er vitað hve margir sækja útivistarsvæði sem er í næsta nágrenni við Geirsnef, vinsælt hundasvæði. Nokkuð er um rusl á Háubökkum en samkvæmt friðlýsingarskilmálum er losun á rusli óheimil á svæðinu. Þá hefur fundist grill og reykofn sem hafði verið í notkun stuttu áður en úttektaraðilar voru á svæðinu. Reykjavíkurborg hefur hreinsað svæðið reglulega af rusli í samræmi við umsjónarsamning. Lúpína er á svæðinu en ógnar ekki þeim minjum sem eru forsenda friðunar.

Háubakkar – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	8,1	7,22
Innviðir áfangastaðar	7,5	9,17
Verðmæti áfangastaðar	5,13	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,39	7,46

Úrbætur

Samkvæmt verndar- og stjórnunaráætlun náttúruvættisins verður stígabörf um svæðið metin þegar vinnu við deiliskipulag Vogabyggð er lokið. Leita þarf leiða til að bæta umgengni um náttúruverndarsvæðið. Skoða þyrfti mögulegar aðgerðir til að stemma stigu við lúpínu innan svæðisins og setja fram aðgerðaráætlun.

Herdísarvík

Eitthvað er um að ferðamenn heimsæki svæðið en þar sem það er ekki í alfararleið og engin landvarsla þá er ekki vitað hve margir heimsækja það. Á svæðinu eru fín skilti um búsetu og ábúendur en ekkert um að svæðið sé friðlýst. Talsvert er um að fólk keyri eftir tünnum og út og suður. Grunur leikur á að fólk nýti svæðið til gistingar. Engir skipulagðir stígar eru um svæðið en þeir stígar sem eru til staðar eru til komnir frá því búseta var á svæðinu. Mikið um að gengið sé utan þeirra. Eitthvað er um salernispappír á svæðinu og rusl er í fjörum sem rekið hefur á land. Bílastæði ekki afmörkuð og ómerkt, keyrt inn á tún til að leggja bílum. Engin stýring til að beina fólki frá viðkvæmum lífríkissvæðum eða menningarminjum. Ef svæðið væri nær alfararleið er hætt við að ástand svæðisins væri verra vegna ágangs þar sem þar er engin stýring eða innviðir til staðar. Ef vinsældir þess aukast er hætt við að svæðið myndi fljótt láta á sjá.

Herdísarvík– ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,29	5,19
Innviðir áfangastaðar	2,67	5,56
Verðmæti áfangastaðar	7,69	6,92
Heildareinkunn áfangastaðar	5,62	6,19

Breytingar á milli ára

Akstur utan vega hefur aukist og er nú farin að hafa neikvæð áhrif á svæðið.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á bílastæðum og gönguleiðum til að stýra umferð um svæðið og hlífa viðkvæmum hlutum þess. Bæta þarf landvörslu. Æskilegt væri að hreinsa rusl úr fjörum. Meta þarf þörf fyrir innviði og uppbyggingu svæðisins með tilliti til hversu mörgum gestum svæðið á að þjóna. Æskilegt að slíkt yrði gert í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

Hleinar

Vinsælt útivistarsvæði í næsta nágrenni við þéttbýli. Góð skilti eru á svæðinu og áningarstaður en enginn eiginlegur stígur liggur um svæðið og eru gönguleiðir ekki afmarkaðar. Eitthvað er um lausagöngu hunda á svæðinu sem er óheimil og mikið um hundaskít. Eftir að úttekt fór fram voru framin skemmdarverk á menningarminjum innan svæðisins og hluti þeirra fjarlægður. Það mál er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

Hleinar – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,14	6,11
Innviðir áfangastaðar	6,67	4,44
Verðmæti áfangastaðar	6,15	5,87
Heildareinkunn áfangastaðar	6,5	5,53

Breyting á milli ára

Árið 2018 voru tvö friðuð hús innan svæðisins rífin. Krot og skemmdarverk voru unnin á menningarminjum. Eitthvað er um tjaldgistingu á svæðinu sem og lausagöngu hunda, þar af leiðandi hundaskítur á svæðinu. Óheimil og tilviljanakennd vörðuhleðsla er innan svæðisins. Við opin slóða er mikið rusl og eiturlyfjaneysla, mikið af nálum.

Úrbætur

Afmarka þarf gönguleiðir um svæðið til að hlífa viðkvæmum svæðum fyrir ágangi. Skoða þarf leiðir til að takmarka lausagöngu hunda innan svæðisins og bæta verulega umgengni um svæði.

Hlið

Um er að ræða svæði sem á að vera aðgengilegt almenningi til útivistar og almenningsnota. Því miður þá er aðgengi að svæðinu ekki gott. Meginhluti þess er girtur af með rafmagnsgirðingu og nýttur sem beitarhólf fyrir hross. Ef fara á um svæðið þarf því að fara í gegnum beitarhólfið eða ganga eftir illfærum grjótkömbum. Nokkuð er um lúpínu og kerfil á svæðinu. Á svæðinu eru fræðsluskilti um endurheimt kríuvarps og gróðurfar. Skiltin þurfa viðhald, annað þeirra er orðið ansi veðrað. Bílastæði er samnýtt með ferðapjónustuaðila sem er með rekstur við fólkvanginn. Framkvæmdir ferðapjónustuaðila við svæðið hafa haft áhrif inn fyrir fólkvangsmörkin. Ekki gafst tækifæri til að skoða dýralíf svæðisins þar sem athuganir fóru fram utan varp- og fartíma þeirra tegunda sem nýta svæðið.

Hlið – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	6,67
Innviðir áfangastaðar	3,33	6,67
Verðmæti áfangastaðar	2,12	5,96
Heildareinkunn áfangastaðar	3,3	6,30

Úrbætur

Skipuleggja/útbúa þarf gönguleiðir um svæðið sem myndi bæta aðgengi almennings að því og gera fólki kleift að fara um svæðið án þess að þurfa að fara í gegnum beitarhólf eða ganga eftir grjótkömbum. Lagfæra þarf skilti sem eru farin að láta á sjá.

Hvaleyrarlón

Hvaleyrarlón er fólkvangur í jaðri byggðar í Hafnarfirði. Á svæðinu er að finna auðugt dýralíf. Aðgengi að svæðinu er gott og hefur verið vinsælt til útivistar en við jaðar þess er að finna golfvöll. Svæðið hentar vel til fuglaskoðunar. Ágæt bílastæði eru utan fólkvangsins. Góðir stígar liggja um hluta svæðisins en um aðra hluta þess er gert ráð fyrir útivistarleið skv. deiliskipulagi. Engar merkingar um leiðina fundust þó þegar svæðið var tekið út. Vegslóði liggur út í Hvaleyrarhöfða sem er ekki merktur á kort. Engar ágengar tegundir fundust á svæðinu. Skortur er á merktum gönguleiðum um svæðið og því ekki vitað hve mikil umferð liggur um viðkvæm lífríkissvæði. Eitthvað er um lausagöngu hunda á svæðinu.

Hvaleyrarlón- ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,11
Innviðir áfangastaðar	4,44	5,83
Verðmæti áfangastaðar	7,44	7,31
Heildareinkunn áfangastaðar	6,47	6,66

Úrbætur

Merkja þyrfti gönguleið um svæðið þar sem gert er ráð fyrir útivistarleið til að stýra umferð fólks um svæðið og koma í veg fyrir ágang á viðkvæm lífríkissvæði. Bæta þarf upplýsingar til gesta svæðisins um hvaða reglur gilda um hunda innan fólkvangsins.

Kaldárhraun og Gjárnar

Vinsælt útivistarsvæði innan Reykjanesfólkvangs, mikið nýtt að hluta. Umferð er töluverð um svæðið af gangandi, hjólandi og ríðandi fólki. Engin bílastæði eru innan svæðis eða við það, bílum er lagt í vegkanta eða utan vega. Stikaðar gönguleiðir liggja um svæðið og beina umferð að mestu frá viðkvæmum svæðum og menningarminjum sem þarna eru.

Kaldárhraun og Gjárnar – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	7,78
Innviðir áfangastaðar	5,56	6,00
Verðmæti áfangastaðar	6,54	6,92
Heildareinkunn áfangastaðar	6,1	6,85

Breyting á milli ára

Nýtt deiliskipulag var samþykkt 2018.

Úrbætur

Bæta þyrfti úr bílastæðismálum á svæðinu og er það mál í vinnslu. Eins þyrfti að loka nokkrum villustígum.

Kasthúsatjörn

Kasthúsatjörn er friðlýst sem friðland til að vernda tjörnina með fjölskrúðugu fuglalífi hennar og lífríki, en tjörnin er strandtjörn, grunn og lífrík. Tjörnin býr yfir líffræðilegri fjölbreytni og er ákjósanleg til rannsókna og fræðslu. Í dag er svæðið vinsælt útivistar- og fuglaskoðunarsvæði. Góð fræðsluskilti eru við svæðið en engar merkingar um ástæðu friðunar. Góður stígur liggur að svæðinu á mörkum friðlandsins og fólkvangsins í fjörunni og er hann samnýttur með hestafólki. Lítið bílastæði er við svæðið en mörk þess óljós og renna saman við göngu-/reiðstíg sem getur skapað hættu fyrir hestafólk ef margir bílar eru á bílastæðinu. Hestabeit er í beitarhólfum sem ná niður á vatnsbakkann. Umferð fólks um friðlandið er takmörkuð á varptíma frá 1. maí til 1. júlí. Beit fer fram í hólfunum meðan varptími stendur yfir. Ef fólk þarf að sinna hrossum á þeim tíma innan beitarhólfa er brotið gegn ákvæðum friðlýsingarinnar. Gróður að mestu heilbrigður en ekki vitað um ástand í beitarhólfum þegar líður á sumarið því athugun fór fram að vori til. Svæði innan þéttbýlis og nokkuð um að kettir heimsæki svæðið allt árið um kring.

Kasthúsatjörn– ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,14	7,22
Innviðir áfangastaðar	7,33	7,33
Verðmæti áfangastaðar	6,86	6,15
Heildareinkunn áfangastaðar	7,05	6,70

Breyting á milli ára

Lítið bílastæði hefur þau áhrif að fólk leggur bílum sínum oft út á göngustíg sem liggur utan við bílastæðið. Það hefur neikvæð áhrif á aðgengi hestaumferðar. Áhyggjur eru af lausagöngu katta sem sennilegar er meiri en talið hefur verið. Lausagöngun getur hún haft neikvæð áhrif á fuglalíf.

Úrbætur

Endurskoða þyrfti legu reiðstígs í gegnum bílastæðið. Kanna þarf áhrif beitar á gróðurfar nokkrum sinnum yfir sumarið til að meta beitarálag. Brýna þarf fyrir kattareigendum á svæðinu að kettir séu með bjöllur eða haldið inni yfir varptímamann.

Laugarás

Laugarás hefur mikið gildi sem útivistarsvæði í miðri íbúðarbyggð og nálægt öðrum mikilvægum útivistarsvæðum í Reykjavík. Gott upplýsingarskilti er við svæðið. Ágætur stígur liggur um svæðið en komið

er að viðhaldi og þarf að bera í hann. Margir villustígar liggja í allar áttir um ásinn og svæðið er farið að láta á sjá vegna ágangs. Verndargildi svæðisins fellst í jökulsorfnum grágrýtisklökkum sem eru byrjaðar að hverfa undir gróður. Mikið er af lúpínu á svæðinu og er stefnt að því að uppræta hana skv. verndar- og stjórnunaráætlun svæðisins.

Laugarás – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	8,57	8,0
Innviðir áfangastaðar	6,67	8,67
Verðmæti áfangastaðar	2,82	5,58
Heildareinkunn áfangastaðar	5,07	6,92

Úrbætur

Leita þarf leiða til að viðhalda sýnileika grágrýtisklappanna sem eru forsenda friðunar svæðisins. Skoða þyrfti mögulegar aðgerðir til að stemma stigu við lúpínu innan svæðisins og setja fram aðgerðaráætlun. Bæta þarf stíga sem eru á svæðinu og loka villustígum.

Rauðhólar

Rauðhólar eru vinsælt útivistarsvæði og liggur í næsta nágrenni við önnur útivistarsvæði, Heiðmörkina og Elliðavatn. Gott skilti er við eitt af bílastæðunum innan svæðisins sem sýnir göngu- og reiðleiðir um svæðið. Á svæðinu vantar þó merkingar eða stikur sem sýna legu göngustíganna og nokkuð er um villuslóða Reiðleið sem liggur um svæðið lítur vel út en er ómerkt. Svæðið ber þess þó merki að hestamenn hafi riðið víðar um svæðið og jafnvel upp á gervígana með tilheyrandi raski. Virðist rask á gígum vera mest næst bílastæðunum en gígarnir fjær eru í betra ástandi. Gróður er að mestu heilbrigður en ber merki ágangs. Lúpína finnst innan svæðisins.

Rauðhólar – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	5,83
Innviðir áfangastaðar	6,0	5,24
Verðmæti áfangastaðar	4,23	5,51
Heildareinkunn áfangastaðar	5,02	5,51

Breyting á milli ára

Nú hafa bæst við ummerki eftir akstur mótórhjóra á svæðinu. Einnig er hjólað á reiðhjólum utan stíga. Gestir taka með sér grjót af svæðinu og veggjakrot er sýnilegt. Svæðið er merkt á Internetinu sem ratsvæði. Við eftirlit sáu landverðir tvær manneskjur trampa á mosanum fram og til baka. Að því er virtist leitandi að punktum.

Úrbætur

Reykjavíkurborg vinnur að úttekt á svæðinu. Bæta þarf merkingar göngu- og reiðleiða og loka þarf villuslóðum. Bæta þarf umgengni hestamanna um svæðið og fjarlæga villuslóðir sem hafa myndast vegna ferða þeirra um svæðið, einkum þær sem liggja upp á sjálfa gígana.

Reykjanesfólkvangur

Reykjanesfólkvangur er í næsta nágrenni við stærstu sveitarfélög landsins og er aðgengi að svæðinu nokkuð gott. Hægt er að koma akandi inn í fólkvanginn úr fjórum áttum. Til viðbótar liggja tvær leiðir að mörkum fólkvangsins, þaðan er hægt að halda för áfram gangandi innan fólkvangsins.

Innan Reykjanesfólkvangs er fjöldi gönguleiða og fornar þjóðleiðir. Á svæðinu eru skipulagt tjaldsvæði við Krókamýri. Tjaldsvæðið er opið frá 1.júní til loka september. Salernisaðstaða er auk þess opin við Seltún frá 15. maí til 15. október.

Jarðfræði svæðisins er merkileg á heimsvísu en svæðið er hluti af gosbelti sem liggur þvert í gegnum Ísland. Þar er að finna eldstöðvar, miklar hraunbreiður og jarðhitasvæði. Mörg eldfjöll eru innan fólkvangsins, einkum lágur hraundyngjur og gossprungur. Hafa nokkur hraun runnið þar á sögulegum tíma. Landslagið einkennist af móbergsfjöllum og -stöpum í óteljandi myndum. Inn á milli eru fjölbreytt hraun, grösugir balar og vellir ásamt jarðhitasvæðum með tilheyrandi litadýrð.

Land er víða vel gróið þótt jarðvegseyðing setji mark sitt á hluta svæðisins. Naðurtunga sem er á valista Náttúrufræðistofnunar yfir plöntur í hættu vex innan svæðisins við hverri norðan Trölladyngju. Veiði er í nokkrum vötnum innan svæðisins og í Krísuvíkurbjargi er að finna mikla sjófuglabyggð.

Á svæðinu er jafnframt að finna minjar um búsetuhætti fyrri alda og atvinnuhætti. Meðal minjar um vinnslu brennisteins og verstöðvar.

Reykjanesfólkvangur-Krísuvíkurbjarg

Vinsælt útivistarsvæði og áfangastaður ferðamanna innan Reykjanesfólkvangs. Ófullnægjandi merkingar eru á staðnum. Landvarsla er hluta úr ári. Skipulagðar gönguleiðir eru ekki til staðar. Eitthvað er um að hjólreiðamenn á „fatbikes“ séu að hjóla eftir bjarginu en engar hjólaleiðir eru þar. Engin merkt bílastæði og eitthvað um að fólk hafi óheimila næturdvöl. Sauðfé fer fækkandi á svæðinu. Beitarhólf er við bjargið en lítið nýtt. Ástand menningarminja er gott.

Krísuvíkurbjarg – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,76	5,83
Innviðir áfangastaðar	4,44	5,33
Verðmæti áfangastaðar	10,0	7,69
Heildareinkunn áfangastaðar	7,40	6,67

Úrbætur

Fjármagn er komið í bættar merkingar Lengja þarf landvörslutímabil. Afmarka þarf gönguleiðir til að stýra umferð um staðinn til verndar lífríkis og af öryggisástæðum.

Reykjanesfólkvangur - Leiðarendi

Hellirinn Leiðarendi er innan Reykjanesfólkvangs. Fjöldi gesta, bæði innlendra sem erlenda, sækir staðinn heim árlega en ferðapjónustufyrirtæki selja ferðir í hellinn auk þess sem fólk heimsækir hann á eigin vegum. Mikið álag er á hellum og er svo komið að þar hafa orðið óafturkræfar skemmdir á dropasteinum auk þess sem borið hefur á slæmri umgengni. Umhverfi hellisins hefur látið á sjá og gróðurskemmdir eru áberandi í kringum stíginn sem liggur að honum. Í kringum hellismunann er mosavaxið hraun sem lætur mikið á sjá við traðk. Bílastæði við hellinn er frekar lítið og ómerkt, sem er kostur ef halda á staðsetningu leyndri fyrir gestum. Frekar auðvelt er þó að nálgast upplýsingar um staðsetningu í bókum og á Interneti ef fólk ætlar sér að heimsækja hellinn yfirhöfuð.

Leiðarendi – ástand	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,76
Innviðir áfangastaðar	8,33
Verðmæti áfangastaðar	5,19
Heildareinkunn áfangastaðar	5,95

Úrbætur

Bæta þarf fræðslu um umgengni og öryggismál við hellinn. Þau skilti sem eru í og við hellinn eru staðsett þannig að gestir eru komnir nokkuð inn í hellinn áður en þeir fá upplýsingar og skiltin eru eingöngu á íslensku.

Auka þarf eftirlit á staðnum allt árið um kring, þar sem ferðir í hellinn eru ekki bundnar við sumarið. Lagfæra þarf gróðurskemmdir við stíg sem liggur að hellinum og í kringum hann. Bæta þyrfti stýringu gesta um hellinn, bæði hvar gengið er og hve stórir hópar mega heimsækja hann í einu. Í dag eru viðkvæmustu minjarnar girtar af en ef margt er um manninn í hellinum er hætta á að aðrar minjar skemmist í þrengslunum.

Reykjanesfólkvangur - Seltangar

Vinsæll áfangastaður ferðamanna innan Reykjanesfólkvangs. Ágætis skilti til staðar frá Þjóðminjasafninu sem þarfnast endurnýjunar. Landvarsla hluta úr ári. Eitthvað er um akstur utan vega í fjörunni en hægt er að komast þangað frá bílastæði. Gönguleið er í sandinum og ekki mikið um villulóða. Afmarka mætti gönguleiðina betur. Kindagötur hafa breyst í göngustíga vegna ágangs ferðamanna og er farið að sjá á gróðri á minjasvæðinu. Skemmdir á minjum af völdum gesta eru minniháttar en svæðið er farið að láta á sjá vegna landbrots. Um afturkræfar skemmdir er að ræða ef svæði fær hvíld. Vegur að svæðinu er lélegur og fólk ekur utan vega. Engin áningarstaður til staðar en þörf á honum.

Seltangar – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	3,81	4,76
Innviðir áfangastaðar	3,33	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,69	7,12
Heildareinkunn áfangastaðar	5,70	6,50

Úrbætur

Bæta þarf merkingar um að óheimilt sé að aka utan vega í fjörunni. Lengja þarf landvörslutímabil. Endurnýja þarf skilti og bæta við merkingum um umgengisreglur og bann við akstri utan vega við fjöruna. Afmarka þarf gönguleiðir um minjasvæðið til að takmarka neikvæð áhrif ferðamanna. Skoða þarf leiðir til að minnka akstur utan vega við akstursleið að svæðinu.

Reykjanesfólkvangur - Seltún

Vinsæll áfangastaður ferðamanna innan Reykjanesfólkvangs. Landvarsla er hluta úr ári á staðnum. Góðar merkingar eru fyrir hendi og hefur mikil uppbygging átt sér stað á staðnum undanfarin ár. Skipulagðir göngustígar eru víða og út frá staðnum eru stikaðar leiðir sem er haldið við óregluglega. Salerni eru opin hluta úr ári en lokuð yfir vetrartímann. Er þá engin salernisaðstaða á stóru svæði. Eitthvað er um að fólk hafi næturdvöl þrátt fyrir að þar sé óheimilt að tjalda. Engar ágengar tegundir eru innan staðarins en lúpína norðan og sunnan við það.

Seltún – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	5,93
Innviðir áfangastaðar	8,10	9,44
Verðmæti áfangastaðar	9,04	8,40
Heildareinkunn áfangastaðar	8,29	8,16

Úrbætur

Lengja þarf landvörslutímabil yfir árið og sólahringinn. Skoða þarf hvort þörf sé á að fjölga landvörðum á vakt. Skoða þyrfti möguleika að bæta salernisaðstöðu á staðnum yfir vetrartímann ef landvarsla á staðnum verður aukin.

Reykjanesfólkvangur - Stapar og fjaran við Kleifarvatn

Staparnir og fjaran við Kleifarvatn er vinsæll áfangastaður ferðamanna innan Reykjanesfólkvangs. Landvarsla er hluta úr árinu á staðnum. Mikið er um akstur utan vega í fjörunum sitthvoru megin við báða stapana. Engar gönguleiðir eru á stöpunum. Bílastæði eru afmörkuð en ómerkt og er svo komið að gróður er horfinn af stöpunum vegna traðks og ágangs þar sem umferð gangandi er ekki stýrt um þá. Að öllum líkindum er um óafturkræfar skemmdir að ræða. Dæmi eru um að tjaldað sé utan í stöpunum og við vatnið sem er óheimilt. Lúpína vex við Stapana og í fjallshlíðinni hinumegin við vegin. Lúpína hefur fært sig yfir fjallið og yfir á Djúpavatsleið. Mótvægisgerðir eru í gangi en virðast bera takmarkaðan árangur.

Stapar við Kleifarvatn – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	2,86	4,76
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	2,56	5,83
Heildareinkunn áfangastaðar	3,73	5,83

Úrbætur

Lengja þarf landvörslutímabil og koma í veg fyrir akstur utan vega. Bæta þarf merkingar á staðnum og afmarka gönguleiðir á útsýnisstaði. Skoða þarf þörf á umfangsmeiri mótvægisáðgerðum vegna lúpínu.

Reykjanesfólkvangur-Vigdísarvellir og Vigdísarvallaleið

Vinsæll áfangastaður og útivistarsvæði ferðamanna. Landvarsla hluta úr ári. Mikið er um akstur utan vega við Djúpavatsleið sem liggur að svæðinu. Góðar og stikaðar gönguleiðir liggja um svæðið, viðhaldi þeirra er ábótavant. Er kominn tími á að endurnýja merkingar á þeim. Salernisaðstaða er við tjaldstæði en er aðeins opin hluta úr ári. Tjaldstæðið er ekki merkt og hvergi auglýst. Bílastæði eru ómerkt og anna fjölda. Vegur sem liggur að svæðinu þ.e. Djúpavatsleið er skilgreindur fjallvegur, engin þjónusta yfir vetrartímam. Vegur kemur oft illa undan vetri. Lúpína er í litlu magni. Gamlar búsetuminjar eru á svæðinu en lítið sem ekkert álag á þeim þar sem minjunum er ekki gert hátt undir höfði. Á svæðinu var áður efnistaka í gömlum gígum. Óafturkræfar skemmdir eru því á jarðminjum. Ein náma hefur verið löguð svo ekki beri mikið á skemmdunum en ekkert hefur verið gert fyrir aðrar.

Vigdísarvellir – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,29	5,0
Innviðir áfangastaðar	8,15	7,08
Verðmæti áfangastaðar	6,73	5,19
Heildareinkunn áfangastaðar	6,60	5,66

Breyting á milli ára:

Akstur utan vega (krossarar og sexhjól) hefur aukist með mjög neikvæðum afleiðingum.

Úrbætur

Lengja þarf landvörslutímabil. Leita þarf frekari leiða til að koma í veg fyrir akstur utan vega. Fara þarf í viðhald á stikum við gönguleiðir en merkingarnar gegna veigamiklu öryggishlutverki. Bæta þarf merkingar á bílastæðum. Skoða möguleika á að merkja búsetuminjar og koma upp fræðsluefni um þær. Fara þarf í mótvægisáðgerðir gegn lúpínu áður en hún breiðir meira úr sér. Laga þarf til gamlar efnisnámur svo minna beri á þeim.

Stekkjahraun

Vinsælt útivistarsvæði í byggð. Engar merkingar sýna að um friðlýst svæði sé að ræða. Gott stígakerfi liggur um svæðið en eitthvað er um að fólk fari út fyrir stíga og hafa því myndast villustígar. Einhverjar smávægilegar gróðurskemmdir eru á svæðinu sem fylgja traðki utan stíga en eru afturkræfar.

Stekkjahraun – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	6,00
Innviðir áfangastaðar	7,78	8,00
Verðmæti áfangastaðar	6,67	7,95
Heildareinkunn áfangastaðar	6,77	7,55

Breyting á milli ára

Furutrú eru að dreifa sér um svæðið ofan í göngustíga og víðar. Taka þarf ákvörðun um hve miklu af þessu fallega svæði, þessari fallegu íslensku flóru, skal fórnað undir trjágróður.

Úrbætur

Útbúa þarf merkingar á svæðinu. Bæta þarf mól í nokkra stíga til að gera þá skýrari og loka villustígum. Stöðva þyrfti dreifingu furutrúna til verndunar íslenskrí flóru.

Tröllabörn

Ekki er ljóst hversu vinsælt svæðið er sem útivistarsvæði en vitað er að fólk staldrar við og skoðar svæðið. Skilti við svæðið er farið að láta á sjá og upplýsingar eru eingöngu á íslensku. Engar skipulagðar eða stikaðar gönguleiðir eru um svæðið og gróður farinn að láta á sjá vegna ágangs. Bílastæði er lítið en þar sem ekki er vitað hve margir heimsækja svæðið er ekki hægt að meta hvort það beri þann fjölda sem heimsækir svæðið. Hætta er á akstri utan vega þar sem bílastæði er ekki afmarkað með neinum hætti.

Tröllabörn – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,76	5,0
Innviðir áfangastaðar	3,33	4,76
Verðmæti áfangastaðar	7,44	7,44
Heildareinkunn áfangastaðar	5,77	6,20

Úrbætur

Stika þarf betur gönguleiðir um svæðið til að stýra umferð gesta frá viðkvæmum svæðum og koma í veg fyrir frekara tjón á gróðri. Loka þarf villustígum sem hafa myndast og afmarka bílastæði betur. Bæta mætti merkingar á svæðinu en svæðið hefur mikið fræðslugildi.

Tungufoss

Tungufoss er vinsælt svæði til útivistar og er fjölsótt af bæjarbúum og öðrum gestum. Innan svæðisins eru, auk fossins, menningarminjar. Fínt fræðsluskilti er á svæðinu um menningarminjarnar en tengingu vantar frá stígakerfinu sem liggur um svæðið. Jafnframt vantar betri tengingu við íbúðarhverfi og þær minjar sem þar eru. Hefur þetta leitt til þess að gestir svæðisins eru mikið að fara út fyrir stíga. Lúpína er áberandi á svæðinu.

Tungufoss – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5	7,62
Innviðir áfangastaðar	6,67	7,78
Verðmæti áfangastaðar	5,77	6,92
Heildareinkunn áfangastaðar	5,85	7,30

Úrbætur

Fræðsluskilti um náttúruvættið er í vinnslu hjá sveitarfélaginu. Bæta þarf skipulag stíga um svæðið sem kæmi í veg fyrir að gestir svæðisins gengju utan þeirra til að komast að útsýnisstöðum og fræðsluskiltum. Þannig mætti hlífa gróðri. Mosfellsbær hefur kortlagt útbreiðslu ágengra tegunda innan sveitarfélagsins og er aðgerðaráætlun í vinnslu. Mosfellsbær og Umhverfisstofnun hafa nú sótt um fjárveitingu til að bæta stýringu gesta við fossinn til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður.

Valhúshæð

Valhúshæð er staðsett í miðri íbúðarbyggð við útivistarsvæði þar sem er að finna fótboltavöll og frisbígvöll. Engar merkingar eru við svæðið sem gefa til kynna að um friðlýst svæði sé að ræða eða fræðsluefni um verndargildi þess. Engin stýring er á svæðinu og er þar ekki að finna neinar skipulagðar eða stikaðar gönguleiðir. Engir innviðir eru innan svæðisins. Gróður er að mestu heilbrigður, traðk er við alfaraleiðir en um er að ræða afturkræfar skemmdir. Ástand náttúruminja er almennt gott.

Valhúshæð – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	6,67
Innviðir áfangastaðar	-	-
Verðmæti áfangastaðar	8,08	6,15
Heildareinkunn áfangastaðar	5,40	6,30

Breyting á milli ára

Lúpína og ýmsar garðplöntur finnast á svæðinu. Einnig hafa trjáplöntur verið gróðursettar í og við svæðið með misjöfnum árangri. Mikilvægt er að halda trjágróðri úr nálægum gördum í skefjum þar sem flóra svæðisins er afar fjölbreytt og falleg.

Úrbætur

Bæta þyrfti stýringu gesta um svæðið til að koma í veg fyrir rask minja vegna ágangs, einkum ef umferð um svæðið eykst umfram það sem hún virðist vera í dag. Erfitt er sem stendur fyrir ókunnuga að átta sig á hvað verið sé að vernda á svæðinu og hvar það er að finna. Því er hættá á að jarðminjum verði raskað fyrir slysi.

Varmárósar

Varmárósar er einn af tveimur fundarstöðum fitjasefs hér á landi. Meginmarkið friðlýsingar svæðisins er vernd fitjasefsins. Svæðið er jafnframt nýtt til útivistar og er í næsta nágrenni við hesthúsabyggð Mosfellsbæjar. Kominn er tími á viðhald fræðsluskiltis sem er orðið ólæsilegt. Hrossabeit er óheimil innan friðlandsins en beitarhólf sem ná innan friðlandsmarkana en eru ekki staðsett nálægt fundarstöðum fitjasefsins. Fyrir utan skilti eru engir innviðir innan svæðisins.

Varmárósar – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	8,10
Innviðir áfangastaðar	0,0	7,78
Verðmæti áfangastaðar	7,50	6,35
Heildareinkunn áfangastaðar	5,1	7,10

Breyting á milli ára

Ágengar tegundir s.s. þistill, lúpína og hindber eru í mikilli útbreiðslu mjög nálægt fitjasefinu. Enn er mikil hrossabeit innan marka friðlandsins.

Úrbætur

Fræðsluskilti um náttúruvættið er í vinnslu hjá sveitarfélaginu. Skoða þarf mörk friðlandsins til að meta hvort hægt sé að koma í veg fyrir beit innan friðlandsins. Kanna þarf hversu margir nýta svæðið til útivistar til að meta hvort þörf sé á að koma fyrir stikuðum/merktum gönguleiðum. Ekki er talin þörf á að stýra umferð fólks frá vaxtarsvæði fitjasefs þar sem hún vex á frekar blautu svæði og ólíklegt að mikil umferð verði þar í kring. Mikilvægt er að Náttúrufræðistofnun Íslands vakti náttúru svæðisins og lífríki og upplýsi Umhverfisstofnun og sveitarfélagið Mosfellsbæ um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

Vífilstaðarvatn

Um er að ræða vinsælt útivistarsvæði í jaðri höfuðborgarsvæðisins með tengingu við önnur útivistarsvæði. Umsjón með svæðinu er góð. Komuð hefur upp eggjaþjófnaður á svæðinu. Lausaganga hunda er bönnuð en bann ekki alltaf virt. Góður stígur liggur um svæðið en villustígar eru til staðar sem liggja niður að vatninu og aðeins upp í hlíðarnar. Reiðhjól nýta göngustíga samhliða gangandi umferð en ekki er mikil umferð þeirra um svæðið. Við svæðið eru fjögur bílastæði sem virðast ráða vel við þann fjölda sem sækir svæðið heim. Ekki er þó hægt að útiloka að ef svæðið fyllist leiti gestir einfaldlega á önnur útivistarsvæði í

nágrenninu. Mikið er af lúpínu á svæðinu og er hún slegin næst göngustígum til að takmarka útbreiðslu hennar.

Vífilstaðarvatn – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	7,14
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,67
Verðmæti áfangastaðar	6,41	6,09
Heildareinkunn áfangastaðar	6,98	7,01

Úrbætur

Bæta þarf eftirlit á svæðinu á varptíma fugla til að fylgja eftir banni við lausagöngu hunda og auka fræðslu til hundaeigenda.

Víghólar

Náttúruvætti í miðri byggð. Gott fræðsluskilti er á svæðinu en engar merkingar að um friðlýst svæði sé að ræða. Skipulagðir stígar eru um svæðið, bæði malarstígar og með bundnu slitlagi. Eitthvað er um að farið sé utan stíga og er gróður farinn að láta lítillega á sjá á stöku stað vegna traðks.

Víghólar – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	5,71
Innviðir áfangastaðar	6,67	8,67
Verðmæti áfangastaðar	8,72	6,41
Heildareinkunn áfangastaðar	7,53	6,87

Breyting á milli ára

Áhyggjuefni er að mörk náttúruvættisins hafa ekki verið virt, einhverjir húseigendur hafa notað náttúruverndarsvæðið til að geyma dót á. Lúpína og ýmsar garðplöntur dreifa sér um svæðið.

Úrbætur

Afmarka þarf betur göngustíga til að koma í veg fyrir að farið sé út fyrir þá. Fara þarf í aðgerðir til að koma í veg fyrir að gróður vaxi yfir jarðminjar.

Vesturland

Arnarstapi

Arnarstapi er skammt austan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og undir umsjón starfsmanna hans. Ekki er fullljóst hve margir gestir koma árlega á Arnarstapa, en í Þjóðgarðinn komu rúmlega 400.000 gestir árið 2017 og má áætla að flestir þeirra hafi einnig komið við á Arnarstapa.

Talsvert hefur verið framkvæmt á Arnarstapa og margt er á döfinni. Þá er ætlunin að endurgera stíg milli Arnarstapa og Hellna árið 2019. Mikil fjölgun ferðamanna er yfir vetrartímann og þarf að huga að vetrarþjónustu ef gestum fjölgar áfram.

Fjöldi kría verpir á Arnarstapa og liggur gönguleið um helsta kríuvarpið á staðnum. Leggja þarf mat á áhrif gesta á varpið.

Arnarstapi – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,90	7,96
Innviðir áfangastaðar	9,61	7,76
Verðmæti áfangastaðar	7,50	7,12
Heildareinkunn áfangastaðar	7,95	7,47

Úrbætur

Áfram verði unnið að endurbótum og úrbótum á staðnum. Þá er mikilvægt að finna aðferð til að leggja mat á fjölda gesta. Skilgreina þarf betur ferðir landvarða um svæðið, fjölga heimsóknnum og bæta skráningu og eftirlit. Auka þarf eftirlit að vetri.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 kemur fram að Arnarstapi fái úthlutun upp á 5.000.000 í verkefni sem átti að hefjast árið 2018. Um ræðir endurnýun útsýnispalls við Gatklett á Arnarstapa.

Búðahraun

Búðahraun er utan vert á sunnanverðu Snæfellsnesi. Svæðið er friðlýst vegna jarðmyndana og gróðurs. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull fer með umsjón svæðisins. Á svæðinu er vinsælt hótél og kirkja. Ekki eru til skilgreindar tölur um hve margir sækja þjónustustaðina heim og hve margir nýta sér friðlandið til útivistar. Flestir gestir virðast þó aka beint að kirkjunni, skoða hana og nærumhverfi en fara lítið inn í friðlandið sjálft.

Búðahraun ástand	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaða	6,48
Innviðir áfangastaðar	9,72
Verðmæti áfangastaðar	9,42
Heildareinkunn áfangastaðar	8,89

Úrbætur

Mikilvægt er að greina fjölda gesta á staðnum og nýtingu þeirra. Tryggja þarf að gestir valdi ekki miklu álagi á landið með því að viðhalda göngustígum og merkingum. Þrjú fræðsluskilti voru í friðlandinu en eru nú máð og slitin og hafa verið fjarlægð. Til stendur að endurgera þau og hefur þegar verið óskað eftir fjármagni til þess. Innviðir eru að mestu góðir, en lagfæra þarf lítinn hluta gönguleiðar milli bílastæða og endurskoða vegvísa innan svæðisins.

Eldborg

Eldborg er áberandi gosgígur við minni Hnappadals. Óvissa er um fjölda gesta, en þeir skipta þúsundum árlega. Staðurinn er ekki merktur og gestir sem ganga að gígnum hafa yfirleitt aflað sér vitneskju um gönguleið áður en komið er á staðinn. Nokkuð er farið að sjá á stígum og villustígar hafa myndast víða. Upphækkun á gígin sjálfan (þrep og stígar) er illa farin og varasöm á köflum. Gestir nýta aðstöðu ferðaþjónustunnar á Snorrastöðum s.s. bílastæði og salerni í heimsókn sinni. Gott útsýni er af toppi gígsins. Toppsvæðið er vel varið með girðingum og náttúrulegum hömrum og er álag lítið.

Eldborg - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,00	6,46
Innviðir áfangastaðar	7,50	7,78
Verðmæti áfangastaðar	9,04	8,72
Heildareinkunn áfangastaðar	7,78	7,99

Breytingar á milli ára

Úrbætur voru unnar sumarið 2018 á efri hluta stíg upp á toppsvæði gígsins (hlaðin 113 þrep) og hafði það þegar áhrif á aðgengi og verndun jarðminja.

Úrbætur

Skilti við upphaf gönguleiðar verður endurhannað og prentað. Auka þarf samstarf við landeigendur á Snorrastöðum og gera samning um afnot af bílastæði eða uppbyggingu nýs bílastæðis fyrir Borgina. Skipuleggja þarf landvörslu við Eldborg og efla talningu á fjölda gesta.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 kemur fram að Eldborg fær samtals 4.600.000 kr. úthlutun á tímabilinu 2018-2020. Árin 2019 og 2020 er gert ráð fyrir fjármagni til að endurbæta göngustíg að Eldborg, loka aflögustígum og merkja gönguleiðir.

Geitland

Geitland er stór afréttur í Borgarfirði vestan Langjökuls. Um Geitland liggur vegur um Kaldadal til Þingvalla. Allnokkur umferð er um svæðið en aðeins hluti gesta stoppar. Ekki er ljós hve margir sækja Geitland heim. Þrátt fyrir stærð svæðisins er talið óhætt að meta það sem eina heild enda áningarstaðir mjög fáir innan þess. Átroðningur er því að mestu við akvegi. Svæðalandvörður Vesturlands hefur umsjón með svæðinu. Nokkuð er um akstur utan vega og lúpína er útbreidd víða.

Geitland - ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,76	5,24
Innviðir áfangastaðar	7,78	9,17
Verðmæti áfangastaðar	6,73	6,30
Heildareinkunn áfangastaðar	6,60	6,85

Úrbætur

Gera þarf gróðurúttekt á svæðinu. Bæta þarf merkingar við akstursleið og tryggja að leiðir séu réttar. Upplýsingar við innakstur á svæðinu væru mikill kostur. Lúpína er útbreidd og þarf að gera áætlun um heftingu útbreiðslu, ekki síst við Geitána. Brýnt er að vinna verndaráætlun fyrir svæðið.

Grábrók

Grábrók er í alfaraleið við hringveg 1 í Borgarfirði. Nálægð við Þjóðveg og stærð bílastæðis takmarkar fjölda ferðamanna á Grábrók, þ.e. þegar bílastæði er fullt aka flestir gestir áfram án viðkomu. Teljari sem telur fjölda ferðamanna var settur á svæðið í nóvember 2017. Árið 2018 gengu samkvæmt teljaranum 76.389 gestir á Grábrók. Álag á umhverfið er lítið og gestir almennt ánægðir með svæðið, aðkomuna og útlit þess.

Grábrók - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,14	7,78
Innviðir áfangastaðar	5,24	8,06
Verðmæti áfangastaðar	5,29	8,17
Heildareinkunn áfangastaðar	5,66	8,06

Breytingar á milli ára

Talsvert hefur verið unnið við uppbyggingu Grábrókar sem ferðamannastaðar undanfarin ár og hefur tekist vel til. Samhliða uppbyggingu hefur verið unnið að mosauppgræðslu og villustígar fjarlægðir með góðum árangri. Enn er þó talsvert í land enda var umgengni slæm til margra ára.

Úrbætur

Tréstigi og pallar varða leiðina uppá Grábrók. Enn er ólokið við lítinn hluta göngupalla en fjármagn hefur fengist til þess verkefnis fyrir árið 2019. Leggja þarf árlegt fjármagn í viðhald göngustígs, þ.e. bæta efni í stíg og lagfæra þrep. Ekki er um stórar upphæðir að ræða. Jafnframt þarf að halda áfram mosauppgræðslu og ljúka viðgerðum á gömlum skemmdum. Skynsamlegt væri að koma upp fræðsluskilti við Grábók á komandi árum.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 er gert ráð fyrir 6.300.000 í verkefni við Grábrók. Um ræðir áframhald uppbyggingar göngupalls frá bílastæði upp á topp Grábrókar og fræðslu og upplýsingaskilti. Öll verkefni eiga að hefjast árið 2019 og er áætlað fjármagn upp á 4.800.000 til verksins það ár.

Hraunfossar/Barnafoss

Staðurinn er einn af vinsælustu áfangastöðum á Vesturlandi og er stöðug umferð um hann allt árið. Ekki liggur fyrir hver fjöldi ferðamanna er en Vegagerðin er með talningarnema á staðnum og út frá honum má átæla að um 250.000 gestir hafi komið að fossunum 2018 (með fyrirvara).

Göngustígar liggja með árfarvegi og tengistígar. Útsýnispallar eru til staðar og þá er svæðið deiliskipulagt. Svæðalandvörður sinni svæðinu til áramóta. Talsvert traðk er á svæðinu og vetrarumferð hefur aukið álag á það.

Hraunfossar/ Barnafoss - ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	5,74
Innviðir áfangastaðar	7,33	8,61
Verðmæti áfangastaðar	8,03	7,95
Heildareinkunn áfangastaðar	7,36	7,66

Breytingar á milli ára

Bílastæði var lagfært og malbikað haustið 2018.

Úrbætur

Mikilvægt er að hefja vinnu við hönnun staðarins. Einkenni þess er bútasaurur, pallar, girðingar og stígar án samræmis. Erfitt er að halda áfram sambærilegri uppbyggingu án þess að heildarsýn svæðisins sé fyrir hendi. Strax þarf að fara í úrbætur handan göngubrúar. Þar er hættusvæði og vantar handstuðning (klappir). Setja mætti gönguhlið á brúna sem lokað yrði með lás yfir vetrartímann. Merkingar og skilti þarfnast endurskoðunar.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 kemur fram að svæðið fái úthlutun upp á 2.000.000. Er það verkefni til að laga gróðurskemmdir sem og uppsetning skilta við fossana. Árið 2019 kemur 1.600.000 af fjárhæðinni til úthlutunar.

Húsafell

Húsafell er vinsæll staður ofarlega í Borgarfirði sem fjölmargir sækja heim. Staðurinn er vel gróinn og veðursæld mikil. Sú staðreynd ásamt mikilli þjónustu í boði dregur fjölmarga gesti að. Óvissa er þó um heildarfjölda ferðamanna. Margskonar gestanot eru á staðnum, gisting, afþreying, ganga, útreiðar, hjólræiðar o.s.frv. Svæðalandvörður Vesturlands sér um staðinn. Ágætir afmarkaðir stígar eru í friðlandinu. Lítið er um merkingar umsjónaraðila og óvíst hvort gestir átti sig á friðlýsingunni, þ.e. veru þeirra á friðlýstu svæði.

Húsafell - ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,52	6,43
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,54
Verðmæti áfangastaðar	9,62	9,04
Heildareinkunn áfangastaðar	8,20	8,36

Úrbætur

Endurskoða þarf friðlýsingarákvæði (beit t.d.). Bæta þarf merkingar umsjónaraðila og leiðbeiningar til ferðamanna. Auka þarf og skilgreina vel landvörslu á svæðinu. Þá þarf að efla samstarf við heimamenn og landeigendur.

Ströndin Stapar-Hellnar

Einna vinsælasta gönguleiðin á Snæfellsnesi liggur milli Arnastapa og Hellna. Óvíst er um fjölda göngumanna, en áætla má að þeir skipti þúsundum árlega. Hluti leiðarinnar liggur með varasamri bjargbrún. Litlar merkingar eru við eða á gönguleiðinni. Vinna er hafin við verndaráætlun svæðisins. Stígurinn er að mestu troðningur myndaður á fjölda árum. Í bleytutíð myndast pollar og aur, sem og ýmsir villustígar og troðningar. Stöku fótaslys hafa orðið á leiðinni. Þar sem ekki er merkt hringleið milli Arnastapa og Hellna ganga flestir ferðamenn sömu leið til baka.

Ströndin Stapar – Hellnar - ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	6,67
Innviðir áfangastaðar	5,56	5,83
Verðmæti áfangastaðar	6,35	8,08
Heildareinkunn áfangastaðar	6,10	7,18

Úrbætur

Byggja þarf upp göngustíg milli Arnarstapa og Hellna án þess að skaða upplifun núverandi stígar og skoða kost þess að gera hringtengingu (ætti ekki að vera flókið þar sem gamall akvegur liggur gegnum hraunið nokkru ofar göngustígar). Bæta þarf jafnframt merkingar og öryggisleiðbeiningar til gesta, setja upp útsýnispall Arnarstapamegin og öryggisgirðingar þar sem tæpt er á brún. Auka þarf eftirlit með leiðinni á veturna.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær ströndin á milli Stapa og Hellna úthlutun upp á 11,8 milljónir. Þar af er nýr útsýnispallur við ströndina við Stapa og Hellna og öryggisgirðing við bjargbrún ofan fjöru verkefni sem á að hefjast árið 2018. Síðar á þessu þriggja ára tímabili er svo gert ráð fyrir að fara í að gera varanlegan göngustíg milli Arnarstapa og Hellna, 1,5 km langan kafla.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001. Svæðið innan hans afmarkast af Dagverðará að sunnanverðu og að Hellissandi að norðan. Allur jökullinn er innan þjóðgarðsins. Í þjóðgarðinum starfa tveir fastráðnir starfsmenn allt árið. Yfir sumarmánuði bætast landverðir við. Gestastofa er rekin innan þjóðgarðsins á Malarrífi og er hún opin alla virka daga að vetri og einnig um helgar á sumrin. Áætlaður fjöldi gesta 2017 er um 420.000.

Djúpalón

Djúpalón er í suðurhluta Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Fjöldi gesta sækir staðinn heim árlega. Djúpalón er einn þeirra staða hérlendis sem hefur fengið mikla umfjöllun og hefur sterkt aðdráttarafl. Áætlað er að 1/3 hluti gesta þjóðgarðsins komi á Djúpalón eða rúmlega 150.000 gestir árið 2018. Staðurinn er á mörkum þess að geta borið fjölda gesta og reynir þar einna mest á bílastæði sem er lítið og aðkomuleið þröng. Oft verður umferðarteppa við svæðið og í seinni tíð hefur ekki síst stærri rútum fækkað þar vegna ástandsins. Salerni eru á Djúpalóni og rekin yfir sumartímann. Hluta af vanda bílastæðisins má rekja til salernanna (lengja dvöl gesta).

Göngustígur liggur frá bílastæði niður í fjöru og má velja tvær leiðir. Báðir stígarnir eru undir miklu álagi og þarfnast endurbóta. Öryggismál eru einn þeirra þátta sem eru fyrirferðamiklir á Djúpalóni, enda brimþung fjara sem gestir sækja í. Stöðugt er unnið að endurbótum.

Djúpalón - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,52	7,89
Innviðir áfangastaðar	5,67	7,22
Verðmæti áfangastaðar	9,42	9,62
Heildareinkunn áfangastaðar	8,01	8,61

Breytingar á milli ára

Fjármagn hefur fengist til þess að lagfæra bílastæðið og endurnýja salernið og verður það jafnframt flutt ofan vegamóta að Djúpalóni. Sumarið 2018 hófst við lagfæringu efri stígsins sem liggur frá bílastæði og niður í fjöruna.

Úrbætur

Þegar er hafin vinna við efri göngustíg að Djúpalóni og viðhald á gönguleið að neðri stíg hefur verið aukið. Bílastæði er í hönnun og verður endurnýjað 2019 og salerni færð. Endurnýja þarf öll skilti á Djúpalóni og til stendur að setja upp skiltavegg. Áfram þarf að vinna við göngustíga.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 er úthlutað 63 milljónum til verkefna við Djúpalónssand. Þ.a. er 60 milljónir vegna verkefna sem eiga að hefjast árið 2018, en það eru endurnýjun salerna og stækkun bílastæðið. Síðar á tímabilinu er svo úthlutað 3 milljónum til að bæta gönguleið að Djúpalónssandi.

Lóndrangar

Lóndrangar eru áberandi kennileiti í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og draga þeir tugi þúsunda gesta til sín árlega. Ekki er akvegur að þeim en gengið er frá tveimur stöðum, Malarrifi og Svalþúfu. Göngustígar eru fremur illa farnir og talsvert um villuslóða. Engin aðstaða eða áningarstaður er við drangana sjálfa og sér nokkuð á gróðri við þá og milli þeirra. Samhliða hönnunar útsvæðis við Malarrif er æskilegt að hanna gönguleiðir að Lóndröngum. Skoða mætti einnig kost þess að setja upp hringleið frá upphafsstöðum.

Lóndrangar - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,86	8,52
Innviðir áfangastaðar	7,67	8,33
Verðmæti áfangastaðar	9,23	9,23
Heildareinkunn áfangastaðar	8,52	8,84

Úrbætur

Lagðir verði góðir stígar að Lóndröngum frá Malarrifi og Svalþúfu og hafist handa þegar árið 2019. Samhliða verður metin kostur þess að mynda hringleið í hrauninu ofan núverandi gönguleiðar. Setja þyrfti upphafsskilti á hvorum stað og vegpósta. Setja þarf áningarstað við drangana og öryggisgirðingar.

Malarrif

Á Malarrifi var opnuð gestastofa Þjóðgarðsins í júnílok 2016. Gestastofan er opin allt árið og sóttu 76.000 gestir hana 2018. Gestastofan var opin alla virka daga ársins og um helgar frá sumarbyrjun til áramóta. Samhliða opnun gestastofunnar fjölgaði gestum verulega og er áætlað að á bilinu 150-250.000 gestir hafi komið á Malarrif 2018. Utan að skoða gestastofuna eða nýta salerni á staðnum sem eru opin allan sólahringinn, sóttu gestir í fjöruna við Malarrif, salthúsið, leiktækin, að vitanum eða gengu að Lóndröngum. Sífelld fjölgar gestum á Malarrifi og ber staðurinn gestafjöldann vel.

Malarrif – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,76	8,44
Innviðir áfangastaðar	6,39	7,86
Verðmæti áfangastaðar	8,27	8,85
Heildareinkunn áfangastaðar	7,66	8,49

Breytingar á milli ára

Miklar framkvæmdir hafa verið á Malarrifi 2018 en er þar vinna við bílastæðið stærsti einstaki þátturinn.

Úrbætur

Ljúka þarf uppbyggingu bílastæðis og malbika. Ljúka þarf við uppbyggingu gestastofu og lóðar. Bæta þarf útiaðstöðu fyrir gesti. Hanna þarf gönguleiðakerfi við Malarrif, bæta stíga og fækka villustígum. Leggja þarf góðan göngustíg frá Malarrifi að Lóndröngum. Samhliða mætti bæta merkingar og fræðsluskilti. Setja þarf upp gott skilti við þjóðveg sem vísar á salernin og gestastofu. Stefna skal að opnun gestastofunnar alla daga ársins og fjölga starfsmönnum.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær Malarrif úthlutað 40 milljónum. Þar af 38 milljónum í verkefni sem eiga að hefjast árið 2018, en það er bílastæði við gestastofuna á Malarrifi og lokafrágangur gestastofu og bílastæðis. Árið 2018 koma 2 milljónir koma til úthlutunar en það er í göngustíg milli Malarrifs og Svalþúfu.

Saxhóll

Saxhóll er einn af vinsælli áfangastöðum innan þjóðgarðsins. Fyrir fáum árum var settur upp stálstigi uppá topp gígsins frá bílastæði. Fyrir utan fjölmargar viðurkenningar sem umræddur stigi og hönnun fékk, fjölgaði gestum einnig verulega og álag á umhverfi snarminnkaði. Í dag er áætlað að milli 130 til 150 þúsund gestir gangi á gíginn árlega. Álag á akveg, bílastæði og gígtopp hefur samhliða aukist verulega og liggur svæðið undir skemmdum. Að gígnum liggur malarvegur og bílastæði er óslett malarstæði. Á toppi gígsins er sjónskífa

Saxhóll - ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,62	7,89
Innviðir áfangastaðar	8,67	7,62
Verðmæti áfangastaðar	8,53	8,40
Heildareinkunn áfangastaðar	8,37	8,08

Úrbætur

Byggja þarf upp og malbika vegarkafli frá þjóðvegi og að Saxhól. Samhliða þyrfti að byggja upp, malbika og merkja bílastæði við hólinn. Setja þarf göngupalla á gígtoppinn og útsýnissvæði með öryggisgirðingum. Þá þarf að setja upp bættar merkingar við gíginn, og fræðsluskilti.

Sótt hefur verið um fjármagn vegna umræddra framkvæmda í innviðasjóð.

Skarðsvík

Skarðsvík er innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Er ekið um hana á leiðinni út í Öndverðarnes. Nokkur óvissa er með fjölda gesta sem kemur í eða ekur fram hjá Skarðsvík. Ein talning fór fram sumarið 2018 og sýndi að 24% gesta í þjóðgarðinum þann dag ók út í Öndverðarnes. Af þeim fóru 52% í Skarðsvík eða um 50.000 gestir á ári út frá þeirri gráðun. Bílastæði við Skarðsvík er lítið og annar illa umferð. Þrátt fyrir mikla umferð sér lítið á vikinni.

Skarðsvík - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	9,05	8,33
Innviðir áfangastaðar	8,00	6,11
Verðmæti áfangastaðar	8,94	9,52
Heildareinkunn áfangastaðar	8,71	8,35

Úrbætur

Lagfæra þarf og afmarka bílastæði við Skarðsvík og aðkomuleið að vikinni og áfram út á Öndverðarnes (Vegagerðin að hluta). Vegur er þröngur og fá útskot en umferð þung. Leggja áherslu á að handtelja gesti í Skarðsvík og gráða saman við heildarfjölda gesta í Þjóðgarðinum. Svæðið er deiliskipulagt og ráð gert fyrir salernum við Skarðsvík. Skoða þarf þann þátt samhliða heildarhönnun þjóðgarðsins. Bæta má merkingar og fræðslu við Skarðsvíkina. Bæta má eftirlit landvarða og skilgreina í Skarðsvík og auka þarf vetrarlandvörslu/þjónustu.

Skálasnagi

Skálasnagi er í vestanverðum þjóðgarðinum (Öndverðarnes). Þar hefur verið farið í uppbyggingu áningarstaðar, fræðslu, göngupalla og útsýnispalls með öryggisgirðingu. Öll uppbygging er til fyrirmyndar. Vegur og bílastæði fá hinsvegar fallelkunn. Vegur er í raun slóði sem hefur verið færður til eftir sjávarrofi og aldrei uppbyggður. Er í raun að verða ófær öllum bílum. Þar sem svæðið er uppbyggt með hjólastóla í huga þarf aðgengi fyrir bíla að vera gott. Vissulega má setja bílastæði upp annarsstaðar, en þá þarf að malbika hjólastólastíg að staðnum.

Skálasnagi - ástand	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaða	8,63
Innviðir áfangastaðar	7,33
Verðmæti áfangastaðar	9,76
Heildareinkunn áfangastaðar	8,84

Úrbætur

Mikilvægt er að lagfæra akveg og bílastæði við Skálasnaga, enda bera þeir innviðir engan vegin umferðina í dag. Þegar hefur verið sótt um fjármagn í Innviðasjóð.

Svalþúfa

Svalþúfa er vinsæll áningarstaður rétt vestan suðurmarka Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Fjöldi gesta sækir staðinn heim árlega. Áætlaður er að tæp 25% gesta sem koma í Þjóðgarðinn stoppi á Svalþúfu. Gestir stoppa að meðaltali í 34 mínútur á staðnum og 14,5% þeirra ganga að Lóndrögnum. Áætlað er að um 110.000 gestir hafi gengið á Svalþúfu 2018.

Nýr stígur var lagður um Svalþúfu 2017 og virkar vel. Ágætt bílastæði er við Svalþúfu og góður áningarstaður fyrir ferðamenn, hlaðinn skjólveggur, tvö áningaborð og pallur.

Svalþúfa - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	8,71	9,17
Innviðir áfangastaðar	9,00	8,67
Verðmæti áfangastaðar	7,88	8,80
Heildareinkunn áfangastaðar	8,36	8,84

Úrbætur

Ljúka þarf við gerð göngustígar um Svalþúfu, bæta við einum útsýnispalli og reisa öryggisgirðingar við bjargbrún. Endurskoða þarf núverandi skilti við Svalþúfu og setja upp fræðsluskilti, jafnt við bílastæði sem bjargbrún. Brýnt er að hanna og leggja nýjan göngustíg að Lóndröngum auk merkingar á gönguleiðinni (vegþóstur). Loka þarf jarðvegsrofi í vestanverðri þúfunni. Skoða þarf hálkuvörn göngustíga að vetri ef umferð eykst áfram (vetrarumferð aukist um 60% milli ára).

Öndverðarnes

Öndverðarnes er í raun minjaheildarsvæði (útræði og búseta) í vestanverðum þjóðgarðinum. Um 35.000 gestir sækja þangað árlega. Staðurinn er undir nokkru álagi vegna gesta enda vart búinn undir mikla gestasókn. Hann ver sig samt nokkuð vel. Í Öndverðarnesi er viti, lítið óskipulagt bílastæði, gönguleiðir, menningarminjar og fræðsluskilti. Lítið hefur verið framkvæmt þar undanfarin ár. Árið 2019 stendur til að lagfæra aðalgöngustíg.

Öndverðarnes - ástand	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaða	7,89
Innviðir áfangastaðar	5,67
Verðmæti áfangastaðar	8,65
Heildareinkunn áfangastaðar	7,69

Úrbætur

Endurhanna þarf og lagfæra akveg út í Öndverðarnes og bílastæði í samráði við hagsmunaaðila. Óskað hefur verið eftir fjármagni í Innviðasjóð til þess að setja upp minjaheildarsvæði og fræðslustíg í Öndverðarnesi. Slík framkvæmd mun auka veg svæðisins, leggja áherslu á arfleið þjóðarinnar og leiða til bættrar umgengni og viðhalds á menningarminjum svæðisins. Fylgja þarf málinu eftir.

Önnur svæði innan þjóðgarðs sem fengu úthlutun úr verkefnaáætlun um innviði

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 var tveimur milljónum úthlutað til að bæta göngustíg í Öndverðarnesi.

Vestfirðir

Dynjandi

Fossinn Dynjandi og tilheyrandi fossaröð í Dynjandisá er í Arnarfirði og er friðlýst sem náttúruvætti. Dynjandi er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á Vestfjörðum og þangað koma að meðaltali um 800 ferðamenn daglega á háönn skv. talningum. Inni í þeirri tölu eru ekki ferðamenn sem koma að landi í Dynjandisvogi úr Zodiac bátum skemmtiferðaskipa en nokkuð er um slíkt. Vinsælt er að ferja farþega skemmtiferðaskipa sem leggja að höfn á Ísafirði á rútum að Dynjanda en innviðir á svæðinu hafa illa borið þessa auknu umferð allra síðustu ár. Dynjandisheiði er ekki haldið opið yfir vetrartímann og stjórnast vetrarálag því nokkuð af tíð. Með fyrirhuguðum samgöngubótum og áætlaðri aukningu á bílaumferð er ljóst að Dynjandi verður heilsársáfangastaður innan nokkurra ára. Árið 2018 var aðkoma bætt með því að nýtt bílastæði var hannað og útbúið. Hafist var handa við að auka aðgengi hreyfihamlaðra og undirbúningi vegna nýrra salerna fram haldið. Tveir útsýnispallar af fimm áætluðum hafa verið settir upp. Landvarsla við Dynjanda var aukin sumarið 2018. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er í gildi en þarfnast uppfærslu.

Dynjandi - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,62	9,26
Innviðir áfangastaðar	4,29	6,39
Verðmæti áfangastaðar	6,92	8,46
Heildareinkunn áfangastaðar	6,36	8,07

Breytingar á milli ára

Nýtt bílastæði var útbúið við Dynjanda og göngustígar umhverfis það og ný áningarsvæði hönnuð. Einnig var byrjað á verki er snýr að því að gera göngustíg upp að Hrísvaðsfossi aðgengilegan hreyfihömluðum. Skiltamál voru einnig bætt þó enn sé eitthvað eftir, m.a. hafa verið hönnuð og prentuð skilti sem verða sett upp vorið 2019 af Vegagerðinni. Gengið var frá leyfisveitingum vegna nýrra salernishúsa og afdreps fyrir landvörð sem áætlað er að rísi vorið 2019, þau hafa verið smíðuð og verða flutt á staðinn.

Úrbætur

Sumarið 2018 var viðvera landvarðar á Dynjanda aukin talsvert og mikilvægt er að halda því áfram og bæta enn frekar í, það verður auðveldara þegar útbúið verður afdrep fyrir landvörð. Óheimil næturdvöl á svæðinu er algeng þrátt fyrir skilti. Ljúka þarf við þær framkvæmdir sem áætlaðar eru (malbika göngustíg færan hjólastólum, reisa ný salerni, klára smíði og uppsetningu þeirra útsýnispalla sem út af standa, koma fyrir rafhleðslustæðum) og uppfæra þarf deiliskipulag en í því er m.a. gert ráð fyrir tjaldsvæði sem Ísafjarðarbær aflagði árið 2015. Stígar og tröppur meðfram ofanverðri Dynjandisá þarfnast stöðugs viðhalds og er árlega unnið að því að halda þeim í horfinu. Stærra átak í þessum efnum þarf innan fárra ára. Stækka þarf hið friðlýsta svæði svo það nái yfir allt vatnasvið Dynjanda og verndun fossanna sé tryggð til frambúðar. Stjórnunar- og verndaráætlun þarf að uppfæra. Setja þarf upp tilbúin aðkomuskilti hins friðlýsta svæðis sem og leiðbeinandi skilti við bílastæði.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fékk Dynjandi úthlutað 60.000.000 til að endurnýja salernishús.

Hornstrandir

Hornstrandir voru nánast eingöngu heimsóttar yfir hásumarið. En svæðið hefur nú þróast í áfangastað allt árið um kring, í litlum mæli þó yfir vetrarmánuðina. Yfir sumarið er áætlað að um 6000 manns heimsæki friðlandið, hluti af þeim hópi eru landeigendur sem hafast við í sumarhúsum sínum. Vetrarferðamennska er aðallega fólgin í ljósmyndaferðum og skíðaferðum. Talningar sumarið 2018 gefa til kynna að um 1250 manns hafi gegnið um svæði í 2 daga eða meira. Meðal dvalartími þessara göngumanna innan Hornstranda var 4,7 dagar.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fékk friðlandið Hornstrandir úthlutað 17,6 milljónum til framkvæmda á tímabilinu. Þ.a. eru 17,2 milljónir til framkvæmda á Hesteyri en 400 þúsund til gerðar upplýsingarskila á Hornströndum. Sú fjárhæð er áætluð til framkvæmda á árinu 2019.

Hornstrandir - Hesteyri

Mjög stór hluti þeirra sem heimsækja Hornstrandir kemur við á Hesteyri. Á það jafnt við um dagsferðamenn sem og göngumenn sem ganga um strandir í marga daga. Út frá talningum er hægt að ætla að sumarið 2018 hafi a.m.k. 3500 gestir heimsótt Hesteyri. Viðvera landvarða var mikil á Hesteyri sumarið 2018, frá 9. júní til 19. ágúst, en full ástæða er til að hafa viðveru landvarðar þar allt sumarið.

Skipulag og stefnumótun vantar til að vinna sem best áfram með svæðið. Aðalskipulag er til staðar en ekki er búið að vinna deiliskipulag fyrir Hesteyri og því erfitt að halda áfram með vinnu á svæðinu, svo sem vinnu við göngustíga eða aðrar framkvæmdir. Undanfarið ár hefur vinna við verndar- og stjórnunaráætlun staðið yfir og verður lok þeirrar vinnu til mikillar bóta fyrir svæðið.

Hesteyri – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,62	7,50
Innviðir áfangastaðar	8,00	7,22
Verðmæti áfangastaðar	6,73	7,69
Heildareinkunn áfangastaðar	7,26	7,53

Breytingar á milli ára

Sumarið 2018 var eingöngu farið í lágmarks viðhald göngustíga á Hesteyri og í nánasta umhverfi Hesteyrar.

Úrbætur

Bæta þarf innviði á Hesteyri, er þar sérstaklega litið til salernisaðstöðu á svæðinu sem og íverustaðar fyrir landvörð. Jafnframt þarf að styrkja göngustíga og brú yfir Hesteyrará. Vinna þarf að því að ná tókum á kerfli á svæðinu, en kerfill er skilgreindur sem framandi ágeng tegund. Mikilvægt er að vinna að skipulagi innan þorsins fari fram.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fékk friðlandið á Hornströndum úthlutað 17,6 milljónum, þar af 17,2 milljónum til framkvæmda á Heysteryri. Til framkvæmda árið 2019 eru áætlaðar 16.000.000 í þjónustuhús og 800.000 af 1.200.000 í viðhald á göngustígum.

Hornstrandir - Horn í Hornvík

Sumarið 2018 gefa talningar í Hornvík til kynna að um 1200 manns hafi gengið á Hornbjarg. Er hér bæði um að ræða göngumenn sem dvelja að meðaltali 2 nætur á tjaldsvæðinu innar í Hornvíkinni og þeir sem koma í dagsferðir. Einnig koma gestir Hornbjargsvita í göngur á Hornbjarg. Svæðið er þokusælt og blautt og því einstaklega viðkvæmt fyrir ágangi. Jafnframt er svæðið með hvað mestan ábúðarpéttleika refs og huga þarf að stýringu til að vernda hann á grenjatímum. Landvarsla er regluleg á svæðinu en starfsstöð landvarðar í Hornvík er í um klukkutíma göngu fjarlægð.

Horn- ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	7,50
Innviðir áfangastaðar	6,00	7,22
Verðmæti áfangastaðar	7,31	7,69
Heildareinkunn áfangastaðar	6,72	7,53

Úrbætur

Bæta þarf upplýsingagjöf við Horn með skiltum við lendingarstað. Stígar á og við Horn eru ekki gerðir til að þola mikinn ágang og þar sem ekki stendur til að vinna rammgerðari stíga, enda svæðið skilgreint sem 1B samkvæmt IUCN, þá er eðlilegast að huga að fjöldatakmörkunum til að vernda þetta viðkvæma svæði, á það sérstaklega við eftir mikla bleytutíð. Hugsa þarf að frekari fræðslu til gesta um hvernig eigi að haga sér í nálægð við refi/refagreni.

Hornstrandir - Látrar

Töluverður fjöldi gesta fer í gegnum Látra á ferðum sínum um Hornstrandir. Á það bæði við um göngumenn sem dvelja nokkra daga á svæðinu en einnig dagsferðamenn sem ganga frá Hesteyri. Þrátt fyrir að innviðir á Látrum séu ekki miklir, þá þjóna þeir svæðinu vel.

Látrar – ástand	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67
Innviðir áfangastaðar	9,33
Verðmæti áfangastaðar	8,08
Heildareinkunn áfangastaðar	8,12

Úrbætur

Bæta þarf upplýsingagjöf í formi skilta.

Hornstrandir - Veiðileysufjörður

Veiðileysufjörður er hluti af algengustu gönguleið Hornstranda, sem er Veiðileysufjörður, Hornvík, Hlöðuvík og endað á Hesteyri – eða öfugt. Um 600 göngumenn fara um Veiðileysufjörð á hverju ári. Mjög litir innviðir eru á svæðinu en passlegir fyrir umfangið og tegund ferðamenskunnar.

Veiðileysufjörður - ástand	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,50
Innviðir áfangastaðar	9,33
Verðmæti áfangastaðar	9,04
Heildareinkunn áfangastaðar	8,80

Úrbætur

Nauðsynlegt er að dreyna/styrkja hluta af göngustíg, rétt áður en komið er að tjaldstaðnum. Einnig setja upp skilti með frekari upplýsingum um svæðið og umgengni um það.

Surtarbrandsgil

Surtarbrandsgil er í landi Brjánslækjar á Barðaströnd og er friðlýst sem náttúruvætti. Þar má finna steingerðar leifar gróðurs sem klæddu landið á tertíer-tímabilinu. Sýning Umhverfisstofnunar um Surtarbrandsgil var opnuð haustið 2016 og er í gamla prestbústaðnum á Brjánslæk, utan hins friðlýsta svæðis. Þaðan eru leiddar göngur með landverði á sumrin, fimm sinnum í viku. Uppganga í gilið er óheimil nema í fylgd landvarðar. Nokkuð hefur fækkað í göngum eftir að sýningin var opnuð en sumarið 2017 fóru rúmlega 150 ferðamenn í gilið og 165 sumarið 2018, aðrir láta sér nægja að skoða steingervinga á sýningunni. Álagi hefur þannig verið létt af giliinu sjálfu og eins er ljóst að ferðaskrifstofur fara síður í gilið eftir að tekið var fyrir óskrifaða reglu liðinna ára um leiðsögumenn mættu fara einir með hópa ef þeir létu vita af sér. Mikið var um brottnám steingervinga á árum áður en tekist hefur að koma í veg fyrir það að mestu með uppbyggingu innviða og fræðslu. Innviðir eru að stærstu leyti utan hins friðlýsta. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið var samþykkt og tekin í gildi árið 2018.

Surtarbrandsgil - ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	7,92
Innviðir áfangastaðar	10,0	10,0
Verðmæti áfangastaðar	8,72	10,0
Heildareinkunn áfangastaðar	8,53	9,56

Breytingar á milli ára

Hækkuð einkunn vegna skipulags hefur að mestu með það að gera að á árinu var samþykkt stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Surtarbrandsgil, auk þess sem vegvísir var settur upp við Brjánslæk.

Mjög góður árangur við verndun Surtarbrandsgils hefur náðst á undanförunum árum með opnun sýningar, tilfærslu upphafs gönguleiðar og skipulögðum göngum landvarða í gilið. Einsýnt er að álagi hefur verið létt af giliinu og færri freista uppgöngu án eftirlits þegar merkingar hafa verið fjarlægðar.

Úrbætur

Enn á eftir að setja upp upplýsingaskilti um sýninguna við bílplan prestbústaðarins. Það hefur verið hannað og fer upp vor/sumar 2019. Samningur Umhverfisstofnunar og Frændgarðs ehf. um rekstur sýningar rennur út árið 2019 og óljóst er með hvaða hætti endurnýjaður samningur verður. Enn fremur verður þess enn vart að rangar upplýsingar um uppgöngu í gilið sé að finna í ferðahandbókum.

Vatnsfjörður

Vatnsfjörður gengur úr norðanverðum Breiðafirði og er friðlýstur sem friðland. Til eyja, hólma, skerja og fjara Vatnsfjarðar taka líka lög nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar. Um Vatnsfjörð liggur þjóðvegur 60, Vestfjarðavegur sem stendur til að lagfæra á komandi árum. Hugmyndir Vegagerðarinnar um breyttar veglínur, þ.á.m. um þverun fjarðarinnar verða kynntar í frummatsskýrslu sem Vegagerðin gerir ráð fyrir að verði skilað til yfirlesturs hjá Skipulagsstofnun í mars 2019. Innan Vatnsfjarðar er talsvert mikil gegnumumferð en engin talning, önnur en talning landvarða á gestum tjaldsvæðis, er fyrir hendi. Innan friðlandsins eru fjórir staðir sem flokka má sem áfangastaði ferðamanna: Flókalundur og umhverfi, Hörgsnes, Vatnsdalur og svæði við Þingmannaá. Fjögur aðkomuskilti fyrir friðlandið hafa verið hönnuð og prentuð og bíða uppsetningar Vegagerðarinnar. Lúpína vex ekki innan friðlands en henni hefur verið sáð í sumarhúsaloðir skammt utan friðlands. Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnsfjörð hófst árið 2017 en er í biðstöðu vegna óvissu um fyrirsjáanlegar framkvæmdir Vegagerðarinnar.

Vatnsfjörður fékk úthlutað 2.550.000 til skilta og göngustígagerðar í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020. Vinna við hönnun skilta hófst árið 2018.

Vatnsfjörður - Flókalundur

Margir ferðamenn sem leið eiga um Vatnsfjörð stoppa við Hótel Flókalundur og því er þar nokkurs konar þungamiðja fólks í friðlandinu. Þar er veitingasala, verslun, eldsneytissala og tjaldstæði. Í næsta nágrenni er orlofsbyggð, sundlaug og hlaðin náttúruleg. Eina salernisaðstaðan og sorplosunin í friðlandinu er í Flókalundi. Deiliskipulag fyrir Flókalundur var samþykkt árið 2018 en innan þess er einungis byggingarreitir hótelsins vegna óvissu um legu Vestfjarðarvegar nr. 60.

Flókalundur - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,24	7,08
Innviðir áfangastaðar	7,14	8,33
Verðmæti áfangastaðar	6,15	6,54
Heildareinkunn áfangastaðar	6,23	7,14

Breytingar á milli ára

Landvarsla var aukin í Vatnsfirði sumarið 2018.

Úrbætur

Upplýsingaskilti um friðlandið er í hönnun og verður sett upp við hótél Flókalund árið 2019. Á því verða kynntar umgengnisreglur friðlandsins, helstu gönguleiðir, saga, minjar og lífríki. Landvarsla var aukin árið 2018 og nauðsynlegt er að ekki verði dregið úr henni. Setja þarf upp varúðar og upplýsingaskilti við Hellulaug og verður það gert árið 2019. Vegagerðarmál þurfa að komast á hreint og halda þarf áfram vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun. Hótelið liggur mjög nálægt þjóðveginum og skapast talsverð hætta af því þegar umferð gangandi fólks neðan bílastæðis er einhver þó ekki hafi orðið alvarleg slys.

Vatnsfjörður - Hörgsnes

Hörgsnes er á mörkum friðlandsins austan megin fjarðar. Þar eru merkilegar jarðminjar, mikil gróðursæld, stórt bílastæði (rétt utan friðlandsmarka) og stikuð gönguleið sem leiðir að Gíslahelli.

Hörgsnes - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,24	7,92
Innviðir áfangastaðar	9,05	9,17
Verðmæti áfangastaðar	7,31	8,08
Heildareinkunn áfangastaðar	7,34	8,34

Breytingar á milli ára

Landvarsla var aukin í Vatnsfirði sumarið 2018.

Úrbætur

Gott væri að setja áningarborð á bílastæðið og ítarlegt upplýsingaskilti auk smáskilta við athyglisverða staði á nesinu svo sem klettinn Hörg og við Gíslahelli. Skilti við Gíslahelli er meðal skilta fyrir Vatnsfjörð sem eru í hönnun í janúar 2019. Lagfæra þarf gönguleið um nesið, dreng stíg lítilla og halda áfram lagfæringum á gömlum trétröppum úr afgangsvið úr nágrenninu.

Vatnsfjörður - Vatnsdalur

Vatnsdalur gengur inn úr Vatnsfirði, akvegur í dalbotni er einungis fær fjórhjóladrifnum bílum. Vegurinn er ekki þjónustaður af Vegagerðinni, árlega loka landverðir honum í leysingum á vorin svo hann verði ekki fyrir skemmdum af völdum aksturs. Í Vatnsdal er lítið um innviði utan nokkurra áningarborða og stikaðra gönguleiða að Smalahellu og í kringum Vatnsdalsvatn sem lagfærðar eru árlega. Veiði er í vatninu.

Vatnsdalur - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,24	7,50

Innviðir áfangastaðar	8,89	9,05
Verðmæti áfangastaðar	8,85	9,42
Heildareinkunn áfangastaðar	8,1	8,92

Breytingar á milli ára

Landvarsla var aukin í Vatnsfirði sumarið 2018.

Úrbætur

Koma þarf fyrir varanlegum merkingum við Smalahellu, skiltið er í hönnun. Nokkuð er um akstur utan vega á malareyrum við Vatnsdalsvatn og í dalbotninum. Þar þarf að koma fyrir varanlegum lokunum og áberandi skiltum. Eins þarf að viðhafa eftirlit á rjúpnaveiðitímabilinu.

Vatnsfjörður - Þingmannaá

Þingmannaá rennur til sjávar í Vatnsfirði austanverðum. Nálægt ósum hennar er upphaf gömlu akleiðarinnar yfir Þingmannaheiði sem er skreytt ágætlega heillegri vörðuröð þó sumar séu illa farnar. Vegurinn hefur verið aflagður og er einungis fær mjög vel útbúnum bílum. Landverðir loka honum í leysingum á vorin svo hann verði ekki fyrir skemmdum af völdum aksturs. Í Þingmannaá eru fallegir fossar og gljúfur og á svæðinu er upphaf nokkurra stikaðra gönguleiða að finna. Friðlýstar fornminjar, smiðju Gests Oddleifssonar, er að finna á svæðinu.

Þingmannaá - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,24	7,50
Innviðir áfangastaðar	7,14	7,04
Verðmæti áfangastaðar	6,73	7,50
Heildareinkunn áfangastaðar	6,53	7,38

Breytingar á milli ára

Landvarsla var aukin í Vatnsfirði sumarið 2018.

Úrbætur

Það þarf að stækka útskot eða útbúa bílastæði við Þjóðveg og fjölga áningaborðum. Setja þarf upp varanleg skilti við Nafnlaus foss, í Reynilundi, við vörður og smiðjutóft. Hanna þarf og lagfæra gönguleið sem liggur við gljúfur og loka betur af stöðum þar sem skriðuhætta er.

Norðvesturland

Hrútey í Blöndu

Ekki hafa farið fram formlegar talningar á gestakomum í eyjuna, en bæði heimamenn á Blönduósi og ferðamenn sækja eyjuna heim. Ekki var skipuleg landvarsla í Hrútey sumarið 2018, þar sem eyjan er í umsjón sveitarfélagsins, en landvörður Umhverfisstofnunar heimsótti þó svæðið. Heimamenn sinna svæðinu samvirkusamlega.

Hrútey - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,76	5,42
Innviðir áfangastaðar	6,67	8,0
Verðmæti áfangastaðar	6,28	6,92
Heildareinkunn áfangastaðar	6,07	7,07

Breytingar á milli ára

Aðkoman að Hrútey var lagfærð með akvegi niður að brú og bílastæði fyrir fatlaða. Almenna bílastæðið er þó enn fyrir ofan aðkomuna að Hrútey.

Úrbætur

Bæta þarf göngustíga til að koma í veg fyrir að gengið sé út fyrir stíga og eins að villustígar myndist. Sérstaklega þarf að skoða stígagerð að áfangastöðum/útsýnisstöðum. Setja þarf upp fullnægjandi skilti og ráðast í aðgerðir gagnvart lúpínu sem er norðvestan til á eyjuni.

Kattarauga

Lítið er vitað um hversu margir gestir sækja Kattarauga heim. Landvarsla hefur verið mjög takmörkuð, en sumarið 2018 var þó í fyrsta skipti starfandi landvörður á norðurlandi vestra í 6 vikur. Að auki heimsækir sérfræðingur svæðið a.m.k. einu sinni á ári. Þess á milli hefur landeigandinn eftirlit með svæðinu.

Kattarauga - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,24	7,50
Innviðir áfangastaðar	7,78	8,0
Verðmæti áfangastaðar	9,62	10
Heildareinkunn áfangastaðar	8,20	8,94

Breytingar á milli ára

Nú er unnið eftir virkri stjórnar- og verndunaráætlun sem tók gildi á vormánuðum 2018. Sumarið 2018 var létt girðing sett umhverfis tjörnina og þannig stuðlað að stýringu gesta um staðinn. Jafnframt hafði landvörður eftirlit með staðnum yfir hásumarið 2018.

Úrbætur

Skipta þarf út fræðsluskilti á staðnum . Skiltið er nú tilbúið og bíður uppsetningar.

Spákonufellshöfði

Fólkvangurinn Spákonufellshöfði er mikið nýttur af heimamönnum til útivistar og göngu. Ekki er um reglulega landvörslu að ræða enda er Spákonufellshöfði er í umsjón sveitarfélagsins. Verkstjóri sveitarfélagsins hefur umsjón með fólkvanginum sem og heimamenn sem fylgjast með aðstæðum og koma ábendingum til starfsmanna sveitarfélagsins Skagastrandar þegar við á.

Spákonufellshöfði - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,11	8,10
Innviðir áfangastaðar	7,78	7,50
Verðmæti áfangastaðar	7,31	7,31
Heildareinkunn áfangastaðar	7,18	7,53

Úrbætur

Spákonufellshöfði er í góðu ásigkomulagi, þess utan hve mikil lúpína vex þar. Halda þarf áfram vinnu við að hefta útbreiðslu lúpínu.

Norðausturland

Böggvisstaðafjall

Fólkvangurinn í Böggvisstaðafjalli liggur upp fjallið ofan við Dalvík. Þar er skíðasvæði, skógrækt, göngustígar og berjaland. Umsjón og rekstur svæðisins er á ábyrgð Dalvíkurbyggðar.

Böggvisstaðafjall - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,33	6,25
Innviðir áfangastaðar	8,0	9,17
Verðmæti áfangastaðar	6,99	6,83
Heildareinkunn áfangastaðar	6,91	7,34

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar eru á milli ára.

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Merkingar mætti bæta og koma upp upplýsinga- og aðkomuskiltum.

Dettifoss að austan

Dettifoss og fossaröðin í Jökulsá að austan eru friðlýst sem náttúruvætti og eru í umsjón Vatnajökulspjóðgarðs en vesturhluti Jökulsár fellur undir þjóðgarðinn við Dettifoss.

Að Dettifossi að austan (DFA) komu rúmlega 103 þúsund árið 2017 en ferðamönnum fjölgaði um 20% milli árána 2017 og 2018. Svæðið er að jafnaði aðgengilegt frá júní fram í september en aðgengi er háð tíðarfari. Vatnssalerni er á staðnum, malarbílastæði og afmarkaðir náttúrulegir göngustígar sem hafa verið grjóthreinsaðir.

Lítill uppbygging hefur verið við DFA hin síðari ár og má segja að innviðir séu ekki í takti við þá fjölgun gesta sem hefur orðið. Sjálfboðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar komu á svæðið 2016 og 2017 til að vinna að endurbótum og endurheimt gróðurs sem hafði farið hálloka undan álagi gangandi fólks.

Dagleg landvarsla er við DFA á sumrin en strjálfi að hausti og leggst af þegar færð hamlar för.

Dettifoss (að austan verðu) - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	5,42
Innviðir áfangastaðar	6,67	5,71
Verðmæti áfangastaðar	7,12	3,59
Heildareinkunn áfangastaðar	6,90	4,55

Breytingar á milli ára

Við Dettifoss að austan á sér stað nokkur gróðureyðing og hafa tilraunir til að endurheimta gróðurfar ekki skilað tilætluðum árangri á sama tíma og illa gengur að afmarka gönguleiðir með fullnægjandi árangri. Innviðir anna því ekki þeirri umferð sem er á svæðinu, öryggi gesta er ekki tryggt og náttúrufar lætur á sjá.

Úrbætur

Styrkja þarf þá innviði sem fyrir eru á staðnum með endurbótum og nánari afmörkun stíga. Endurbætur á salernisaðstöðu og bílastæði eru aðkallandi auk þess sem vinna þarf að endurheimt gróðurs. Lagfæra þarf merkingar á staðnum, bæði við bílastæði og leiðarmerkingar á gönguleiðum

Nú er unnið að uppbyggingu vegar með bundnu slitlagi vestan Jökulsár sem verður til þess að aðgengi að Dettifossi, og öðrum náttúruperlum vestan Jökulsár, stórbatnar. Því er mikilvægt að halda að sér höndum með stórfelda uppbyggingu staðarins austan ár þar til ljóst er hver þróun ferðamannafjölda og tegundar ferðamennsku verður á svæðinu.

Dimmuborgir

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti austan Mývatns. Þangað liggur mikill straumur ferðamanna, samkvæmt talningu eru gestir svæðisins rúmlega 400 þúsund á ári. Fjölgun gesta nam rúmum 16% milli ára 2016 og 2017 en lítilsháttar fækkun varð á milli ára 2017 og 2018.

Landgræðslan fer með umsjón Dimmuborga og hefur framkvæmt talsvert á svæðinu hin síðari ár. Verndaráætlun er í gildi fyrir svæðið og er samstarf Umhverfisstofnunar og Landgræðslunnar með miklum ágætum.

Dimmuborgir þola vel þá umferð sem þar er og gengur skipulag verndaráætlunar vel upp.

Dimmuborgir - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	9,05	9,26
Innviðir áfangastaðar	8,57	9,05
Verðmæti áfangastaðar	7,12	7,12
Heildareinkunn áfangastaðar	7,91	8,09

Breytingar á milli ára

Unnið var að endurbótum á göngustígum á milli ára auk þess sem skilti hafa að mestu verið endurnýjuð. Enn er mikil þörf fyrir endurbætur og merkingar á bílastæðum.

Helstu athugasemdir lúta að merkingum á bílastæði, koma þarf upp betri merkingum á aðkomuleiðum og upplýsingum við bílastæði auk þess sem skerpa þarf á að unnið sé eftir stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Úrbætur

Unnið verður að áframhaldandi endurbótum á staðnum sem felst helst í stækkun og merkingum bílastæðis og áframhaldandi malbikun stíga þar sem umferð er hvað mest.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær Landgræðsla ríkisins úthlutun vegna Dimmuborga, samtals 26 milljónir. Verkefnin sem á að hefja á árinu 2018 lúta að lagfæringum á leiðum, viðgerðum vegna traðks, malbikun göngustíga og lokafrágangi efsta bílastæðis.

Koma þarf á fundi landeigenda og Umhverfisstofnunar og fara yfir stjórnunar og verndaráætlun. Aðgerðaráætlun þarfnast endurskoðunar árið 2019.

Glerárdalur

Fólkvangurinn í Glerárdal er útivistarsvæði í umsjón Akureyrarbæjar. Þar eru gönguleiðir og dalurinn er einnig vinsæll áfangastaður á veturna.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Glerárdal var samþykkt árið 2018.

Glerárdalur - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,67
Innviðir áfangastaðar	6,11	5,00
Verðmæti áfangastaðar	7,31	6,73
Heildareinkunn áfangastaðar	6,85	6,25

Breytingar á milli ára

Stjórnunar- og verndaráætlun var samþykkt fyrir svæðið á árinu en þar er að finna stefnumótun um viðhald og framtíð dalsins. Stefnt er á uppbyggingu innviða á árinu 2019.

Úrbætur

Unnið er að endurbótum í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun og aðgerðaráætlun hennar.

Herðubreiðarfriðland og Grafarlönd

Herðubreiðarfriðland er rétt utan Vatnajökulspjóðgarðs (VJP) í Ódáðahrauni og í umsjón þjóðgarðsins. Mest umferð um svæðið er frá júní til október en þess utan er torfært á svæðið og almennt mjög takmörkuð umferð. Landvarsla er á svæðinu júní-október þar sem landverðir VJP fara um svæðið, daglega á háannatíma en strjálá á jaðartímum. Í Herðubreiðarlindum rekur Ferðafélag Akureyrar (FFA) gistiskála, tjaldsvæði og almenningssalerni. Á þeirra vegum starfar skálavörður yfir sumarmánuðina.

Mikið gegnumstreymi ferðamanna er í Grafarlöndum og Herðubreiðarlindum. Gistinóttum í skála og á tjaldsvæði FFA fer fjölgandi. Talningar gefa til kynna að um 20.500 gestir hafi farið í gegnum Herðubreiðarlindir og má gera ráð fyrir að hluti þeirra hafi áð á svæðinu. Það er fækkun milli ára.

Aukin ásókn ferðamanna í sumarbyrjun getur ógnað fuglavarpi. Annars eru helstu ógnir vegna ágangs vatns. Hátt yfirborð grunnvatns síðustu ár hefur valdið auknu álagi á viðkvæma náttúru. Þá hafa sveiflur í rennsli Jökulsár á Fjöllum haft mikil áhrif við útfall Lindaár og á mela austan þjónustusvæðis.

Svæðið er vel varið af náttúrunnar hendi fyrir ágangi fólks enda um torfæra leið að fara. Auðvelt er að ná utan um þá umferð sem er um svæðið að sumri með landvörslu og hóflegri stýringu. Borið hefur á þörf á styrkingu innviða við bílplön, tjaldsvæði og skála vegna vatnafars síðustu ára.

Síðustu tvö ár hefur verið unnið í lagfæringum og minniháttar tilfærslu á stöku gönguleiðum auk þess sem farið hefur verið í varnir við ágangi vatns með tilraunum til að lækka vatnsstöðu yfirborðsvatns. Þær aðgerðir hafa skilað góðum árangri auk þess sem grunnvatnshæð virðist fara lækkandi.

Við Grafarlönd er mikil umferð og sýnileg hnignun gróðurs.

Herðubreiðarfriðland og Grafarlönd - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,24	5,83
Innviðir áfangastaðar	8,10	7,92
Verðmæti áfangastaðar	7,69	5,19
Heildareinkunn áfangastaðar	7,29	6,06

Breytingar á milli ára

Góður árangur hefur náðst í að draga úr vatnsrofi auk þess sem innviðir á þjónustusvæði hafa verið styrktir til að þola betur þá umferð sem um svæðið fer þó lætur svæðið á sjá eftir álag síðustu ára. Ástæða er til að vakta framvindu gróðurs, meta þörf fyrir aukna innviðauppbyggingu og meta áhrif umferðar á dýralíf.

Úrbætur

Auka þarf viðveru landvarða á svæðinu, bæta upplýsingagjöf og stýringu. Fylgjast þarf vel með vatnafari með tilliti til hárrar grunnvatnsstöðu og grípa til aðgerða ef þörf krefur. Stjórnunar- og verndaráætlun vantar fyrir svæðið auk þess sem svæðið er ekki deiliskipulagt m.t.t. uppbyggingar. Skýra þarf hvaðan fjármagn svæðisins til rekstrar og landvörslu svo hægt sé að bæta ástand. Við Grafarlönd þarf að koma fyrir klósettaðstöðu og merkja gönguleiðir.

Hraun

Jörðin Hraun í Öxnadal er fólkvangur þar sem góð aðstaða er til útivistar og náttúruskoðunar. Þar eru stikaðar gönguleiðir. Vinna þarf stefnumótun fyrir fólkvanginn til að skipuleggja framtíða nýtingu og uppbyggingu.

Hraun - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5	5,0
Innviðir áfangastaðar	10	8,67
Verðmæti áfangastaðar	10	8,27
Heildareinkunn áfangastaðar	8,95	7,69

Breytingar á milli ára

Óveruleg breyting hefur orðið milli ára en munur á einkunnum skýrist helst af endurskoðuðu ástandsmati á milli ára.

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Hverfjall

Náttúruvættið Hverfjall í Mývatnssveit er sívaxandi áfangastaður ferðamanna enda gígurinn einstök náttúrusmíð og aðgengilegur staður með útsýni yfir Mývatnssveit. Gestir svæðisins voru rúmlega 141 þúsund árið 2017 og dreifast yfir allt árið þótt aðgengi sé mjög takmarkað á veturnum vegna legu vegslóða og þjónustuleysis. Tæplega 16% fjölgun gesta varð 2016-2017 og eru þá ótaldir þeir sem koma gangandi á staðinn. Salernisaðstaða og upplýsingaskilti er við bílastæði norðan við Hverfjall.

Stjórnunar- og verndaráætlun er fyrir Hverfjall auk þess sem það er deiliskipulagt.

Aðgengi bílumferðar að náttúruvættinu er slæmt vegna niðurgrafins vegslóða að fjallinu. Slóðinn er þó oftast bílfær að sumri. Bílastæði er af náttúrunnar hendi en ber ekki það álag sem er á svæðinu. Bágt ástand vegarins verður þess valdandi að fólk gengur upp á gíginn víðar en heimilt er, þ.e. fer stystu leið upp þar sem það stoppar bíla sína. Þá er akstur utan vega þekkt vandamál þar sem fólk reynir að komast hjá hindrunum á leið sinni að uppgöngunni. Göngustígar eru af náttúrunnar hendi en er viðhaldið af landvörðum og bera álagið með ágætum.

Hverfjall - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	8,57	7,41
Innviðir áfangastaðar	5,00	6,19
Verðmæti áfangastaðar	7,44	7,50
Heildareinkunn áfangastaðar	7,02	7,13

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar eru á milli ára en þó var unnið að vegabótum á haustmánuðum. Gera þarf betur. Stjórnunar og verndaráætlun kallar á endurskoðun. Þá voru afmarkanir stórbættar uppi á gígnum.

Úrbætur

Lagfæra þarf veg að uppgöngu Hverfjalls að norðan en slæmt ástand torveldar aðgengi að gígnum auk þess sem fólk veldur tjóni á náttúrufari svæðisins með því að ganga upp gíginn þar sem það leggur bílum sínum þegar ekki er fært alla leið að uppgöngunni. Slæmt ástand vegar veldur því einnig að akstur utan vega er þekkt vandamál.

Byggja þarf upp bílastæði sem ber þann umferðarfjölda sem er á staðnum.

Krossanesborgir

Krossanesborgir eru fólkvangur norðan við Akureyrarbæ. Þar eru skipulagðar gönguleiðir og upplýsingaskilti. Fólkvangurinn er vinsælt til náttúruskoðunar og þar er fjölskrúðugt fuglalíf. Akureyrarbær fer með umsjón fólkvangsins. Talning fer fram á fjölda gesta á svæðinu.

Krossanesborgir - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,62	8,89
Innviðir áfangastaðar	8,33	7,33
Verðmæti áfangastaðar	9,04	8,65
Heildareinkunn áfangastaðar	8,55	8,35

Breytingar á milli ára

Fólkvanginum er vel viðhaldið og hann er vinsæll til útivistar. Akureyrarbær sinnir uppbyggingu vel og stefnir á að bæta merkingar árið 2019.

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun svo vinna og uppbygging verði markvissari.

Seljahjallagil, Bláhvammur og Þrengslaborgir

Seljahjallagil er í hálendisbrún ofan Mývatnssveitar og langt utan alfaraleiðar. Þangað liggja torfærir vegir frá Hverfjalli og Grænavatni. Slæmt aðgengi verður þess valdandi að álag af völdum ferðamanna á svæðinu er takmarkað og er vernd þess því nokkuð örugg, sé horft til Seljahjallagils og Bláhvamms. Betra aðgengi er að Þrengslaborgum en lítil umferð er þó enn á svæðið.

Ekki er vitað hve umferð er mikil.

Ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum að svo stöddu til þess að bæta ástand svæðisins. Svæðið gæti orðið vinsæll áfangastaður með bættu aðgengi.

Seljahjallagil og nágrenni - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,11	5,42
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,11
Verðmæti áfangastaðar	10	10
Heildareinkunn áfangastaðar	8,28	7,99

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið og marka þannig stefnu um uppbyggingu svæðisins.

Skútustaðagígar

Skútustaðagígar eru einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna við Mývatn. Gervigígarnir eru skammt frá Þjóðveginum sem liggur í gegnum Skútustaði. Líklegt er að staðurinn laði til sín svipaðan og Dimmuborgir eða um og yfir 400 þúsund manns á ári.

Staðurinn, sem er einstakur á heimsvísu, er mikið raskaður af manna völdum. Ræktuð tún eru milli gíganna. Þá hefur uppbygging vegna ferðamanna og almenns aðgengis haft áhrif á ásýnd staðarins.

Svæðið er deiliskipulagt og hefur uppbygging verið í samræmi við skipulag. Stjórnunar- og verndaráætlun hefur ekki verið unnin sérstaklega fyrir staðinn. Náttúruvættið er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og því nær stjórnunar- og verndaráætlun Mývatns og Laxár óbeint yfir svæðið.

Á árunum 2014 – 2017 var mikið framkvæmt við Skútustaðagíga, stígar byggðir upp og útsýnisstaðir bættir. Staðurinn er því vel í stakk búið að taka á móti gestum þó ástæða sé til að bæta aðstöðu lítilla á Hræðuhver með stækkun útsýnisstaðar, breikkun göngustígar að hluta og bættu öryggi gesta.

Skútustaðagígar - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,62	8,89
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,89
Verðmæti áfangastaðar	5,19	7,5
Heildareinkunn áfangastaðar	6,55	8,17

Breytingar á milli ára

Rask á Hræðuhver var lagfært sem stórbætti alla ásýnd svæðisins auk þess að bæta nokkuð úr öryggi gesta. Stígur um svokallaðan tjarnarhring var færður en áfram þarf að vinna í honum.

Úrbætur

Við Hræðuhver þarf að framlengja útsýnispall lítilla til vesturs og breikka göngustíg uppi á Hræðuhver til að bæta aðstöðu og öryggi gesta.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fengu Skútustaðagígar úthlutun upp á 5,4 milljónir. Þ.a. 4,5 milljónir í lokafrágang við malbikun á göngustígum, verkefni sem á að hefjast árið 2018, og 900 þúsund í skiltagerð sem kemur til framkvæmda árið 2019.

Friðland í Svarfaðardal

Friðland Svarfdæla er eitt elsta friðland á Íslandi. Þar er einstakt fuglalíf á votlendum eyrum Svarfaðardalsár og fjölbreytt svæði til útivistar. Dalvíkurbyggð fer með umsjón svæðisins í samráði við umsjónarnefnd friðlandsins. Gestir eru ekki taldir á svæðinu en það er mat að aðsókn aukist ár frá ári.

Stjórnunar- og verndaráætlun er tilbúin fyrir friðlandið en hefur þó ekki verið samþykkt. Fjallað er um svæðið í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Innviðauppbygging hefur verið talsverð á síðustu árum og er markmiðið að efla svæðið sem útivistarsvæði sem og friðland fugla.

Ásýnd svæðisins er víðast góð og er umferð fólks, gangandi og ríðandi, vel stýrt á þar til gerðum stígum. Nokkur gömul námusvæði eru innan marka friðlandsins.

Friðland í Svarfvaðardal - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	8,1	5,42
Innviðir áfangastaðar	10	6,67
Verðmæti áfangastaðar	6,99	6,73
Heildareinkunn áfangastaðar	8,03	6,44

Breytingar á milli ára

Uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu m.a. með uppbyggingu göngubrúar á Svarfaðardalsá en þörf er á að byggja með betri hætti upp gönguleiðir að brúnni. Enn er vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun ekki lokið.

Úrbætur

Ljúka þarf við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og vinna eftir henni. Lagfæra þarf og loka námum sem hafa neikvæð áhrif á ásýnd friðlandsins í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun. Auka þarf landvörslu á svæðinu til að bæta umgengni og stýringu gesta. Bæta þarf gönguleiðir milli Hánefsstaðareits og Húsabakka.

Austurland

Álfaborg

Álfaborg er fólkvangur og vinsælt útivistarsvæði mikið nýtt af bæjarbúum í Borgafirði Eystri og gestum þeirra. Eins og nafnið bendir til er Álfaborgin bústaður álfa. Í borginni er svonefnt Völvuleiði. Það er engin landvarsla en starfsmenn hreppsins líta eftir svæðinu. Eitt upplýsingaskilti er á svæðinu. Umferð hefur aukist verulega á síðustu árum og má sjá það á gróðri.

Álfaborg – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5	5,0
Innviðir áfangastaðar	7,92	8,57
Verðmæti áfangastaðar	5,9	6,44
Heildareinkunn áfangastaðar	6,25	6,71

Úrbætur

Viðhalda þarf reglulega gönguleið, bæta skilti og uppræta lúpínu sem þar er.

Blábjörg í Berufirði

Blábjörg er vinsælt náttúruvætti. Blábjörg eru hluti af sambræddu líparíttúfflagi eða flikruberghi, sem hefur verið kallað Beru-fjarðartúff (Berufjörður acid tuff). Fín bílastæði eru á staðnum og göngustígur niðri í fjöru. Engin landvarsla er á staðnum en landeigandi hefur umsjón með staðnum hluta úr ári.

Blábjörg í Berufirði – ástand	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,83
Innviðir áfangastaðar	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,12
Heildareinkunn áfangastaðar	6,73

Úrbætur

Lagfæra og afmarka betur gönguleiðina niðri í fjöru. Afmá þarf villustíga. Bæta þarf reglulega landvörslu, setja þarf upp fræðsluskilti. Æskilegt væri að setja upp teljara.

Díma í Lóni

Díma er vinsælt náttúruvætti, aðallega heimsótt á sumrin. Hún hefur augljóslega lengi verið eyja í Jökulsá og ber merki þess að vera sorfin af ánni. Lóðrétt standberg er norðanmegin, þar sem áin rennur í dag. Það er aðkomuskilti við Dímu sem sett var upp árið 2012. Fín bílastæði eru á staðnum og gönguslóðar upp í Dímu. Hestaumferð er bönnuð á staðnum Engin landvarsla..

Díma í Lóni – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	2,86	4,29
Innviðir áfangastaðar	3,33	8,67
Verðmæti áfangastaðar	10	8,08
Heildareinkunn áfangastaðar	6,7	7,44

Úrbætur

Lagfæra þarf girðingu sem reist hefur verið gegn beit. Afmarka betur gönguleið eftir þörfum (stika).

Helgustaðanáma

Helgustaðanáma er mjög vinsælt útivistarsvæði sem er mikið nýtt af ferðamönnum erlendum sem innlendum. Lítið bílastæði er við veginn sem þjónar samt vel umferðinni. Klósett er við bílastæðið og fin fræðslu og upplýsingaskilti um umgengni. Umhverfisstofnun vann Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Helgustaðanámu vorið 2018. Landvörður starfaði við friðlýst svæði á Austurlandi sumarið 2017 og 2018. Umhverfisstofnun fékk verkfræðistofuna Eflu til að vinna öryggisúttekt fyrir Helgustaðanámu. Þar koma fram margar ábendingar um atriði sem þarf að laga og hafa í huga vegna öryggismála á svæðinu.

Helgustaðanáma – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,42	7,08
Innviðir áfangastaðar	5,83	8,33
Verðmæti áfangastaðar	4,23	5,19
Heildareinkunn áfangastaðar	4,88	6,44

Breytingar á milli ára:

Nú er unnið eftir virkri stjórnunar- og verndaráætlun.

Úrbætur

Nauðsynlegt að sinna landvörslu áfram, svæðið þarf daglega umsjón allt árið um kring. Draga þarf úr steinatöku með auknum sýnileika, skiltum, betri upplýsingagjöf og svo frv. Gönguleiðin liggur undir skemmdum vegna vatnsrofs og þarfnast viðhalds fljótlega.

Hólmanes

Hólmanes er bæði fólkvangur og friðland og er vinsælt útivistarsvæði sem er mikið nýtt af bæjarbúum á Reyðarfirði sem og gestum þeirra. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið tók gildi árið 2017. Fjarðabyggð og Umhverfisstofnun hafa unnið drög að umsjónarsamningi sem stefnt er að skrifað verði undir sem fyrst. Umhverfisstofnun hefur ráðið landvörð fyrir svæði á Austurlandi.

Hómanes - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,62	7,08
Innviðir áfangastaðar	7,14	7,22
Verðmæti áfangastaðar	5,10	5,77
Heildareinkunn áfangastaðar	6,18	6,44

Breytingar á milli ára

Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar hafa unnið að viðhaldi gönguleiða og í upprætingu lúpínu.

Úrbætur

Tröppur á gönguleið frá bílastæði þarfnast viðhalds. Stika þarf leið meðfram ströndinni og setja upp skilti um hrunhættu. Afmarka þarf betur gönguleið og setja upp girðingu á ýmsum stöðum til að beina vegfarendum á réttar slóðir. Auka þarf landvörslu og upplýsingaveitu. Hómanes er eftirsótt vegna kvikmyndatöku og fyrirtæki þurfa að fara að lögum og sækja um leyfi. Mikilvægt er því að halda áfram með landvörslu.

Neskaupsstaður fólkvangur

Fólkvangurinn er mjög vinsælt útivistarsvæði sem er mikið nýtt af bæjarbúum á Reyðafirði sem og gestum. Sveitarfélagið hefur ekki verið með landvörslu á staðnum, en Náttúrustofa Austurlands fer með vöktun. Umhverfisstofnun hefur ráðið landvörð fyrir svæði á Austurlandi. Landvörðurinn hefur aðstoðað sveitarfélagið með því að fara reglulega í eftirlit á fólkvanginn.

Neskaupsstaður fólkvangur - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	5,83
Innviðir áfangastaðar	5,56	7,78
Verðmæti áfangastaðar	5,38	5,90
Heildareinkunn áfangastaðar	5,7	6,39

Breytingar á milli ára:

Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunnar hafa unnið að viðhaldi gönguleiða.

Úrbætur

Viðhalds er áfram þörf á gönguleið á blautum svæðum, s.s. í upphaf gönguleiðar til Páskahellis og bæta þarf við merkingum. Landvarsla er mikilvæg á svo eftirsóttu útivistarsvæði.

Teigarhorn náttúruvætti og fólkvangur

Teigarhorn er vinsælt útivistarsvæði, að hluta fólkvangur og að hluta friðland. Heilsárslandvörður starfar á svæðinu frá Djúpvogshreppi.

Teigarhorn náttúruvætti - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	9,17
Innviðir áfangastaðar	8,33	6,67
Verðmæti áfangastaðar	6,15	7,31
Heildareinkunn áfangastaðar	6,75	7,57

Úrbætur

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær Umhverfisstofnun úthlutun upp á 2,7 milljónir vegna náttúruvættisins. Er það vegna aðgerða vegna brottnáms geislasteina, aðkomuskilti sem og upplýsingaskilti og öryggis- og verndargirðingar. Árið 2019 er úthlutað 1.600.000 í girðingagerð.

Suðurland

Álftaversgígar

Álftaversgígar eru við Þjóðveg 1 og eru því í alfaraleið. Ekki er vitað um fjölda gesta sem hafa viðkomu á staðnum. Áningarstaður er við Álftaversveg nr. 211 á vegum Vegagerðarinnar. Þar er gamalt upplýsingaskilti frá Minjastofnun, tvö skilti frá Kötlu jarðvangi með nafni staðarins og upplýsingum um jarðsöguna. Einnig er skilti frá Umhverfisstofnun um bann við næturdvöl. Bílastæði er lítið og illa afmarkað. Eitt áningarborð er við bílastæðið og tröppur upp á einn gíginn að útssýnisskífu.

Ekið er utan vega við bílastæðið og veldur það gróðurskemmdum. Tröppum upp á gíg er ekki viðhaldið og hafa þær látið á sjá. Ekkert skipulag og ósamræmi er á upplýsinga- og fræðsluskiltum þar sem láðst hefur að sækja um leyfi fyrir uppsetningu nokkurra þeirra.

Álftaversgígar - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,44	4,29
Innviðir áfangastaðar	3,33	5,33
Verðmæti áfangastaðar	6,15	7,12
Heildareinkunn áfangastaðar	5,03	6,04

Breytingar á milli ára

Aukið eftirlit er með svæðinu.

Úrbætur

Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun og deiliskipulag fyrir áningarstað. Stækka þarf og afmarka bílastæði og skipuleggja það fyrir bíla og rútustæði. Koma þarf á samræmdu útliti skilta á áningarstað í samræmi við skiltahandbók og fjarlægja óþarfa skilti. Lagfæra þarf gönguleið upp að sjónskífu og laga tröppur.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær svæðið úthlutað þremur milljónum króna árið 2019 í verkefni skipulag svæðis og greiningarvinna fyrir svæðið.

Dverghamrar

Dverghamrar eru við Þjóðveg 1 í Skaftárhrepp. Bílastæði er vel afmarkað og liggur rétt við Þjóðveginn. Ekki er vitað um fjölda gesta sem hefur viðkomu á svæðinu, en álag vegna gesta er ekki mjög mikið. Landvörður hefur eftirlit með staðnum hluta úr ári. Upplýsingaskilti eru frá Vegagerðinni við bílastæðið um jarðfræði og sögu Dverghamra. Búið er að byggja upp hluta göngustígs sem liggur í hring um staðinn. Umferð um Dverghamra er allt árið um kring.

Dverghamrar - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	7,62
Innviðir áfangastaðar	6,67	7,50
Verðmæti áfangastaðar	8,72	8,21
Heildareinkunn áfangastaðar	7,63	7,89

Breytingar á milli ára

Bætt var við leiðbeinandi skiltum og girðingum við göngustíg þannig að umferð um svæðið er stýrt frá villustígum.

Úrbætur:

Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Klára þarf framkvæmdir við uppbyggingu göngustígs og afmarka gönguleiðir. Tryggja þarf heilsárs landvörslu á svæðinu.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær náttúruvættið úthlutað árið 2019 1,7 milljón í verkefnið framhald á uppbyggingu göngustígar um Dverghamra.

Dyrhólaey

Dyrhólaey skiptist í tvo áningarstaði, Háey og Lágey. Friðlandið er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á Suðurlandi. Ekki er vitað um nákvæman fjölda gesta sem heimsækja svæðið. Landvarsla er allt árið um kring. Í byrjun sumars er svæðinu lokað yfir nóttina þegar landvarsla er ekki til staðar til verndar fuglavarpi. Salernisaðstaða er á Lágey sem er opið allt árið um kring og er í umsjón landvarða.

Endurskoða þarf stjórnunar- og verndaráætlun Dyrhólaeyjar og gera nýja aðgerðaráætlun til næstu 5 ára.

Dyrhólaey - Háey

Á Háey liggur 4x4 einbreiður malarvegur. Viðhaldi á vegi er ábótavant og verður hann reglulega illfær fólksbílum og hættulegur á köflum. Bílastæðið er afmarkað en ekki uppbyggt eða með merktum stæðum. Á háannatíma skapast stundum öngþveiti á bílastæðinu. Göngustígar frá bílastæði eru í ágætu standi en þarf að lagfæra. Búið er að afmarka gönguleiðir og útsýnisstaði með girðingum og draga þannig úr álagi á svæðinu og auka öryggi gesta. Gestir fara þó margir út fyrir girðinguna og þarf landvörður reglulega að hafa afskipti af þeim.

Dyrhólaey, Háey - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	5,56
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,25
Verðmæti áfangastaðar	6,35	8,46
Heildareinkunn áfangastaðar	6,40	7,25

Breytingar á milli ára

Landvarsla er nú allt árið um kring. Setja þarf upp nýtt fræðslu og upplýsingaskilti á Háey sem eyðilagðist í óveðri. Stýring gangandi umferðar um Háey var aukin með uppsetningu girðinga og fjölgun á leiðbeinandi skiltum.

Úrbætur

Endurskoða þarf deiliskipulag fyrir Háey. Lagfæra þarf veg og bílastæði með ofaníburði og bæta við merkingum. Lagfæra þarf og hanna göngustíga frá grunni, nota besta fánlega malarefni í stígana. Yfirfara þarf girðingu með bjargbrún og skipta út staurum sem eru komnir til ára sinna. Gera þarf ný upplýsinga- og fræðsluskilti.

Dyrhólaey - Lágey

Salernishús var sett við bílastæðið sem hefur bætt verulega umgengni á staðnum. Akvegur inn á Lágey er malbikaður en er farinn að skemmast í köntunum. Einstaka göngustíga þarf að lagfæra eða hanna frá grunni eins og á útsýnisstað á Brestnefi. Girðing með bjargbrúninni er farin að gefa eftir á einstaka stað.

Dyrhólaey, Lágey - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,67	7,04
Innviðir áfangastaðar	7,78	7,5
Verðmæti áfangastaðar	5,96	6,35
Heildareinkunn áfangastaðar	6,60	6,80

Breytingar á milli ára

Klárað var að ganga frá umhverfi salernishússins og gönguleið frá nýja bílastæðinu. Unnið var að viðhaldi gönguleiðar milli Lágeyjar og Háeyjar, sett um leiðbeinandi skilti og girðingar á kafla.

Úrbætur

Klára þar frágang við gamla bílastæðið sem var aflagt og endurheimta náttúrulegt ástand. Klára þarf nýja bílastæðið, malbika og merkja stæði fyrir bíla og rútur. Hanna þarf nýjan göngustíg á Brestnefi ásamt útsýnisstað. Hanna þarf nýtt útsýnissvæði sem verður fært hjólastólum við enda göngustígar frá bílastæði. Gera þar ný fræðslu og upplýsingaskilti við nýja bílastæðið og við þau svæði sem á við. Setja þarf upp teljara til að fá nákvæmar tölur um fjölda gesta sem heimsækja Dyrhólaey.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 er úthlutað 8,7 milljónum til verkefna í Dyrhólaey. Fjármagnið fer í endurbætur á göngustíg á Lágey og endurheimt náttúrulegs svæðis á gamla bílastæðinu árið 2019.

Gullfoss

Gullfoss er einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og er nauðsynlegt að allir innviðir taki mið af því. Góða stýringu þarf á ferðamönnum með uppbyggðum stígum, girðingum og upplýsingaskiltum.

Settur var upp teljari við efri stíg að Gullfossi í byrjun maí 2017, samkvæmt honum fóru um 700.000 gestir þar um fram að áramótum. Því má áætla að ferðamenn sem heimsóttu Gullfoss hafi farið yfir milljón árið 2017. Árið 2018 voru gestir um milljón sem fóru um Gullfoss skv. teljara.

Margt hefur áður verið vel gert við Gullfoss sem nú er þó úr sér gengið eða úrelt. Núverandi göngustígar og útsýnispallur anna ekki umferð flesta daga ársins. Göngustígar eru aðeins tveir metrar að breidd en þyrftu að vera um fjórir metrar miðað við núverandi ásókn. Trefjaefnið í pöllum er sveigt og brotnar auðveldlega. Því þolir stígakerfi ekki þann fjölda sem fer þar um né heldur vetrarþjónustu. Upplýsinga- og fræðsluskilti eru of fá miðað við fjölda ferðamanna. Útsýnisstaðir eru of fáir og litlir. Fáir starfsmenn hafa sinnt svæðinu, einn heilsársstarfsmaður og aðrir tímabundið. Bílastæði eru sprungin á háannatíma og leggja ferðamenn bílum sínum meðfram vegi og skapa þannig hættu.

Kostir eru að góð þjónusta er á staðnum með salernum, veitingum og gistiplássi. Nýr stigi milli efra og neðra svæðis hefur verið tekinn í notkun. Stefnt er að því að halda framkvæmdum áfram þegar vora fer við endurgerð göngustíga. Ljóst er að átak þarf til að áfangastaðurinn Gullfoss geti borið núverandi fjölda ferðamanna og verið landinu til sóma.

Gullfoss - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	7,62	8,15
Innviðir áfangastaðar	5,83	6,67
Verðmæti áfangastaðar	6,35	6,35
Heildareinkunn áfangastaðar	6,48	6,81

Breytingar á milli ára

Eingöngu var viðhaldi sinnt á staðnum og skipt út brotnum og ónýtum borðum á göngupöllum. Girðingastaurar voru endurnýjaðir að hluta.

Úrbætur

Við Gullfoss þarf að endurnýja nærri allt stígakerfi og útsýnispalla fyrir utan nýjan stiga milli efra og neðra svæðis. Núverandi allar og stígakerfi annar ekki lengur þeim mikla fjölda sem sækir Gullfoss heim og er orðið mjög illa farið. Bæta þarf við uppbyggðum stígum og fjölga upplýsinga- og fræðsluskiltum. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða sem fyrst og útbúa svæðið þannig að það geti tekið sómasamlega við þeim mikla fjölda gesta sem sækja Gullfoss heim. Fjölga þarf heilsársstörfum landvarða á Gullfossi.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær svæðið úthlutað 161.044.000. Þar af eru 62.187.000 til verkefna sem eiga að hefjast árið 2018/2019. Um ræðir endurnýjun stígs (G1) og torgs (G2) ásamt skiltum. Síðar á tímabilinu verði unnið að endurnýjun útsýnispalls (D1) og lagfæringu á göngu- og reiðleið meðfram Hvítá, nýjum stíg (A1 frá D2), uppsetningu varnargirðingar austan við neðra bílastæði að Gullfossi og uppsetningu skilta.

Háalda

Háalda er lítið náttúruvætti staðsett við Þjóðveg 1. Ekki er talið að mikill fjöldi gesta hafi viðkomu á staðnum. Álag á svæðinu er því lítið en bæta þarf innviði. Bílastæði eru vel afmörkuð. Ekkert fræðsluskilti er á staðnum og gönguleið ekki afmörkuð og óljós.

Háalda - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,00	5,71
Innviðir áfangastaðar	5,56	7,22
Verðmæti áfangastaðar	9,36	9,36
Heildareinkunn áfangastaðar	7,42	8,02

Breytingar á milli ára

Gamalt skilti tekið niður og leiðbeinandi skilti sett upp um bann við næturgistingu.

Úrbætur

Setja þarf upp fræðsluskilti og gera skýra gönguleið um svæðið.

Ingólfshöfði

Friðlandið Ingólfshöfði er ekki mjög aðgengilegt almenningi þar sem enginn eiginlegur vegur liggur að höfðanum og löng ganga eftir fjöru. Flestir sem heimsækja Ingólfshöfði fara með ferðapjónustuaðilum sem eiga land sem liggur að Ingólfshöfði. Skipulagðar ferðir eru þangað yfir sumartímamann með ferðapjónustuaðilum á staðnum. Utan þess tíma er lítil sem engin umferð ferðamanna um friðlandið. Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er á lokametrunum.

Ingólfshöfði - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	7,5
Innviðir áfangastaðar	8,67	8,57
Verðmæti áfangastaðar	9,62	9,81
Heildareinkunn áfangastaðar	8,54	8,99

Breytingar á milli ára

Aukið samtal og samráð við heimamenn. Aukið eftirlit. Gerð var athugun á því hvort ferðapjónusta hefði hugsanlega neikvæð áhrif á fuglalíf og niðurstaða athugunar var að öllum líkindum hefur það ekki neikvæð áhrif miðað við hvernig ferðapjónustu er háttað þar í dag.

Úrbætur

Setja þarf aðkomuskilti við mörk friðlandsins með umgengnisreglum og fræðsluskilti í höfðanum um náttúru og sögu svæðisins. Endurnýja þarf bækling um friðlandið. Merkja þarf gönguleið um höfðann og huga að öryggismálum.

Kirkjugólf

Kirkjugólf er lítið náttúruvætti á Kirkjubæjarklaustri. Svæðið er stutt frá Þjóðvegi 1 og gestir sem heimsækja staðinn valda þar litlu álagi. Bílastæði er vel afmarkað og ágæt fræðsluskilti við staðið og inni á staðnum. Búið er að byggja upp göngustíg frá bílastæði að Kirkjugólfinu. Ljúka þarf frágangi á köntum, drenum og útsýnisstað við stuðlabergsgólfið.

Kirkjugólf - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	8,57
Innviðir áfangastaðar	6,67	9,33
Verðmæti áfangastaðar	8,72	9,28
Heildareinkunn áfangastaðar	7,63	9,15

Breytingar á milli ára

Aukið eftirlit og göngustígar úr öðrum áttum hafa verði merktir með stikum.

Úrbætur

Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið og tryggja landvörslu allt árið um kring. Merkja þarf staði fyrir bíla og rútu á bílastæði og klára frágang á göngustíg.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær svæðið úthlutað 1,7 milljónum árið 2019 í verkefnið afmörkun gönguleiða og lokun aflögustíga við Kirkjugólf.

Skógafoss

Skógafoss er einn af vinsælustu viðkomustöðum ferðamanna á landinu en ekki er vitað um nákvæman fjölda sem heimsækir staðinn ár hvert. Umferðin er nokkuð jöfn yfir allt árið en hæsti topparnir voru í ár um mitt sumar og fram á haust. Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er á lokastigi. Einn landvörður sinnir svæðinu allt árið ásamt Dyrhólaey.

Skógafoss láglandi

Gert er ráð fyrir umtalsverðum skipulagsbreytingum á láglandinu við Skógafoss og verður bílastæði og tjaldsvæði m.a. flutt út fyrir hið friðlýsta svæði. Göngustígar frá bílastæði voru lagfærðir árið 2017 og girðingar voru settar upp meðfram göngustígum, svæði sem voru illa farin vegna átroðnings voru grædd upp og hafa nú jafnað sig að mestu. Framkvæmdum við göngustíga er ekki lokið en stefnt á að leggja stíg að núverandi þjónustuhúsi.

Skógafoss láglandi - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	5,93
Innviðir áfangastaðar	5,71	6,3
Verðmæti áfangastaðar	5,83	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	5,88	6,41

Breytingar á milli ára

Aukin landvarsla, betri stýring um staðinn og endurheimt gróðurs hefur skilað árangri. Ferðamönnum hefur fjölgað. Álag á innviði hefur aukist.

Úrbætur

Ljúka þarf framkvæmdum við göngustíga og tröppur upp á Skógaheiði. Mikilvægt er að flytja bílastæði og tjaldsvæði út fyrir friðlýsta svæðið og byggja þá aðstöðu upp. Setja þarf upp skilti með upplýsingum um umgengnisreglur og öryggismál. Auka þarf viðveru landvarða yfir sumartímamann. Tryggja þarf fjármagn í viðhald innviða.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær láglandið við Skógafoss úthlutað 43,6 milljónum. Hefja á vinnu við nýtt bílastæði árið 2020.

Skógafoss Skógaheiði

Stór hluti daggesta sem heimsækir Skógafoss gengur upp á Skógaheiði. Flestir ganga einungis að útsýnispalli ofan Skógafoss en einnig ganga margir 0,6-1 km upp á heiðina þar sem marga fossa er að sjá á leiðinni. Þá liggur ein vinsælasta hálendisgönguleið landsins frá Skógafossi yfir Fimmvörðuháls sem er einnig vinsæl hjólaleið. Búið er að klára frágang á malarstíg frá útsýnispalli að Fosstorfufossi eða um 650 metra langan kafla. Þann 24. mars 2018 var gönguleiðinni frá Fosstorfufossi, þar sem malarstígur endar, lokað vegna drullu og aurbleytu sem verður til vegna mikillar umferðar ferðamanna um svæðið á viðkvæmasta tíma ársins þegar frost er að fara úr jörðu. Talsvert rof er meðfram gönguleið og stór opin sár í gróðursverðinum á kafla. Búið er að gera áætlun um áframhaldandi viðhald og uppbyggingu gönguleiðarinnar eða um 3,5 km í heildina.

Skógafoss Skógaheiði - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	5,42
Innviðir áfangastaðar	4,17	5,24
Verðmæti áfangastaðar	3,65	5,96
Heildareinkunn áfangastaðar	4,23	5,65

Breytingar á milli ára

Kláraður var frágangur á fyrsta áfanga uppbyggingar og viðhalds á gönguleið á Skógaheiði. Gengið var frá áningarstað við upphaf gönguleiðar, sett upp leiðbeinandi skilti og girðingar meðfram göngustíg.

Úrbætur

Halda þarf áfram viðhaldi og uppbyggingu göngustígar á Skógaheiði. Einnig þarf að setja upp skilti við upphaf gönguleiðar með upplýsingum um gönguleiðina yfir Fimmvörðuháls og öryggi ferðamanna. Setja þarf upp meira af girðingum meðfram hluta gönguleiðarinnar til að halda umferð inn á göngustíg. Fjármagn þarf til að fara í áframhaldandi viðhald og framkvæmdir á gönguleið sem tekur við af malarstíg.

Miðhálandið

Fjallabak

Friðland að Fjallabaki er víðfeðmt svæði eða um 44.600 hektarar að stærð. Fjallabakssvæðið er hluti af Torfajökulssvæðinu sem er einstakt jarðminjasvæði á heimsmælikvarða. Innan svæðisins eru mörg háhitasvæði sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir ágangi. Umferð um svæðið er mikil og er þar ferðaþjónusta allt árið um kring. Svæðið er undir talsverðu álagi vegna ágangs ferðamanna. Landvarsla hefur verið aukin og einnig er nú starfrækt starfstöð í Hrauneyjum þar sem landverðir veita fræðslu og upplýsingar um svæðið og umgengnisreglur sem þar gilda. Helstu vandamál á svæðinu er akstur utan vega allt árið um kring sem veldur umtalsverðu tjóni á náttúru svæðisins. Svæðinu er lokað á vorin á meðan snjóá leysir og frost fer úr jörðu. Stjórnunar- og verndaráætlun er í vinnslu og stefnt á að hún verði tilbúin síðla árs 2019.

Fjallabak - Hrafninnusker

Hrafninnusker er um 1000 m.y.s. Þar er tjaldsvæði, gistiskáli og aðgangur að þurrsalernum og nestisaðstöðu sem rekin er af Ferðafélagi Íslands. Gönguleiðin um Laugaveg liggur um staðinn. Vegslóði liggur að skála Ferðafélagsins og er einungis ætlaður til að þjónusta skálann. Hrafninnusker er að mestu gróðursnautt en viðkvæmt hverasvæði í nágrenninu. Mikil umferð ferðamanna er um staðinn yfir sumartímann.

Fjallabak, Hrafninnusker	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,71	4,17
Innviðir áfangastaðar	3,75	6,67
Verðmæti áfangastaðar	5,10	6,79
Heildareinkunn áfangastaðar	4,86	6,21

Breytingar á milli ára

Eftirlit var aukið og stikuðum gönguleiðum viðhaldið.

Úrbætur

Gera þarf úrbætur í salernismálum, skipuleggja tjaldsvæði og koma á skipulagi á akstri vélknúinna ökutækja að skálasvæði. Setja þarf upp skilti með upplýsingum um náttúru, sögu og öryggi ferðamanna ásamt vegvísun. Auka þarf landvörslu yfir sumartímann.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær friðlandið að Fjallabaki úthlutun upp á 80.650.000. Þ.a. eru 7.150 þúsund til verkefna sem eiga að hefjast árið 2018, vegvísar, upplýsinga- og fræðsluskilti, viðhald og merking gönguleiðarinnar Laugavegarins, innan friðlandsins. Síðar á tímabilinu eru verkefni stígagerð frá Laugahrauni að Hrafninnuskeri, merkingar á reiðleiðum, skipulag og hönnun vegna Rauðufossa og viðhald og styrking eldri gönguleiða í friðlandinu.

Fjallabak - Landmannalaugar

Landmannalaugar er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á hálendi Íslands. Ferðamenn heimsækja staðinn nánast allt árið um kring. Vegur að Landmannalaugum er lítið við haldið og verður hann oft illfær á sumrin. Malarbílastæði við Námskvísl annar ekki fjölda bíla á svæðinu á háannatíma á sumrin. Bílastæði er einnig fyrir innan Námskvísl, en samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir að loka því fyrir almenna umferð. Ferðafélag Íslands rekur gístaðstöðu í skála og tjaldsvæði ásamt salernisaðstöðu. Heit laug í nágrenninu er mikið notuð af ferðamönnum og þangað er gengið eftir viðarpalli. Talsverð umferð hesta er um staðinn og aðstaða þar fyrir hestaleigu. Verslun og veitingasala er á staðnum yfir sumartímann. Margar gönguleiðir eru út frá Landmannalaugum og hefst ganga um Laugaveg þar. Mikið er um daggesti sem fara í styttri göngur og er vinsælt að ganga svokallaðan Laugahring þar sem gengið er hring um Laugahraun. Staðurinn eru viðkvæmur og vaxtartími gróðurs er mjög stuttur. Mikilvægt er að allri umferð um staðinn sé vel stýrt og að göngustígar beri þann fjölda gesta sem fer um Landmannalaugar. Hverasvæði er mjög viðkvæmt fyrir ágangi ferðamanna.

Fjallabak, Landmannalaugar - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,76	5,0
Innviðir áfangastaðar	5,56	6,0
Verðmæti áfangastaðar	3,65	5,96
Heildareinkunn áfangastaðar	4,40	5,77

Breytingar á milli ára

Aukin landvarsla og viðvera landvarar í Landmannalaugum. Sett var upp bráðabyrgða upplýsingaskiti um gönguleiðir og reglur sem gilda á svæðinu. Viðkvæm svæði voru girt af og sett upp leiðbeinandi skilti.

Úrbætur

Mikilvægt er að klára gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sem fyrst og marka stefnu um verndun svæðisins, nýtingu og uppbyggingu innviða. Skýra þarf reglur sem gilda eiga á svæðinu og auka samstarf við ferðaþjónustuaðila sem nýta svæðið um verndun þess. Auka þarf viðhald á vegum, skipuleggja bílastæði og rútustæði. Bæta þarf skipulag tjaldsvæðis og afmarka það betur. Koma þarf á landvörslu á svæðinu allt árið og setja upp aðstöðu fyrir landverði.

Fjallabak - Laugahringur

Laugahringurinn er gönguleið sem liggur um Laugahraun og GrænaGil frá Landmannalaugum. Gönguleiðin er sú vinsælasta á svæðinu og margir daggestir nýta sé hana. Hluti gönguleiðarinnar liggur um Laugaveg og hefur hluti göngustígsins þar verið lagfærður og byggður upp. Vinna við uppbyggingu göngustígs um Laugahraun hófst árið 2016 en fjármagni hefur verið naumlega skammtað í þá framkvæmd og hefur framkvæmdin því staðið yfir í þrjú ár. Á þeim hluta svæðisins sem framkvæmdum er lokið hefur tugum aflögustíga verið lokað og uppgræðsla hafin með staðbundnum gróðri. Útsýnistaðir hafa verið afmarkaðir og hluti gönguleiðarinnar girtur af til að koma í veg fyrir að gengið sé út fyrir stíginn. Landslagsarkitekt sá um hönnun og framkvæmd við göngustíginn og nær hönnunin yfir alla gönguleið Laugahringsins.

Upplýsinga- og fræðsluskilti eru takmörkuð á svæðinu en unnið er að uppsetningu vegvísa og búið að setja upp nokkur leiðbeinandi skilti um hvar megi ekki ganga.

Fjallabak, Laugahringur - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,76	5,42
Innviðir áfangastaðar	5,56	6,11
Verðmæti áfangastaðar	3,65	6,15
Heildareinkunn áfangastaðar	4,40	5,99

Breytingar á milli ára

Framkvæmdum við upphaf gönguleiðar um Laugahraun er að mestu lokið. Stikur hafa verið endurnýjaðar, þeim fjölgað og þær lagfærðar. Leiðbeinandi skilti hafa verið sett upp og villustígum lokað. Aukið eftirlit, fræðsla og upplýsingagjöf.

Úrbætur

Halda þarf áfram viðhaldi og uppbyggingu göngustíga sem fyrst til að koma í veg fyrir átroðning á viðkvæmum gróðri og jarðminjum á svæðinu. Koma þarf fyrir nýjum skiltum með upplýsingum um náttúru, sögu, öryggi ferðamanna og umgengnisreglur. Auka þarf landvörslu og tryggja daglega viðveru landvarar á svæðinu yfir sumartímann.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær svæðið 40 milljónir árið 2020 í verkefnið viðhald og styrkingu eldri göngustíga.

Fjallabak - Laugavegur

Gönguleiðin um Laugaveg liggur á milli Landmannalauga og Þórsmerkur og er fjölfarnasta gönguleiðin á hálendi Íslands. Hluti leiðarinnar er innan friðlands að Fjallabaki og liggur hluti hennar um mjög viðkvæm svæði þar sem skortur er á stýringu. Laugavegurinn er einnig vinsæl hjólaleið og þar sem gangandi umferð er mjög þétt verður bæði göngu- og hjólreiðafólki erfitt um vik. Leiðin er vel stikuð og viðhaldið reglulega. Skortur er á upplýsingaskiltum á leiðinni. Komið hefur til tals að gera einstefnu á gönguleiðina sem gæti dregið úr álagi á svæðið og bætt upplifun og öryggi gesta. Búið er að gera áætlun um viðhald og uppbyggingu gönguleiðarinnar úr Landmannalaugum að Brennisteinsöldu og er framkvæmdin um Laugahraun langt á veg komin.

Fjallabak, Laugavegur	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	3,81	5,0
Innviðir áfangastaðar	5,56	5,71
Verðmæti áfangastaðar	4,17	6,15
Heildareinkunn áfangastaðar	4,47	5,79

Breytingar á milli ára

Settir hafa verið upp vegvísar á hluta leiðarinnar. Hverasvæði við Brennisteinsöldu voru girt af og útsýnisstaðir afmarkaðir. Fjöldi villustíga í Laugahrauni og við Brennisteinsöldu var lokað og komið fyrir leiðbeinandi skiltum. Viðvera landvarðar var aukin á svæðinu við Laugahraun og Brennisteinsöldu.

Úrbætur

Gera þarf heildarskipulag fyrir alla gönguleiðina milli Landmannalaugar og Þórsmerkur og samræma áætlanir um uppbyggingu og stýringu á Laugaveginum bæði innan og utan friðlandsins. Klára þarf áætlaðar framkvæmdir við upphaf gönguleiðar í Landmannalaugum að Brennisteinsöldu sem liggur um eitt viðkvæmasta svæðið á leiðinni. Afmarka þarf útsýnisstaði og girða af viðkvæm svæði eins og hverasvæði. Auka þarf landvörslu sem og eftirlit landvarða á leiðinni milli Landmannalauga og Hrafninnuskers. Setja þarf upp teljara.

Fjallabak - Landmannahellir

Í Landmannahelli eru tjaldsvæði og fjallaskálar til útleigu og einkanota. Skáli landvarða er einnig í Landmannahelli. Viðkoma ferðamanna er umtalsvert minni en í Landmannalaugum og ferðamenn staldra stutt við. Lítið viðhald er á vegum og talsvert er um akstur utan vega. Bílastæði eru lítil, fá og illa afmörkuð. Salerni eru fyrir næturgesti á tjaldsvæði og í skálum. Nokkrar gönguleiðir liggja um og frá Landmannahelli. Hestaumferð er talsverð við Landmannahelli og aðstaða fyrir hesta er í gerði á svæðinu. Engin upplýsinga- og fræðsluskilti eru á staðnum.

Fjallabak, Landmannahellir	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	3,81	4,58
Innviðir áfangastaðar	4,44	5,19
Verðmæti áfangastaðar	4,42	6,73
Heildareinkunn áfangastaðar	4,30	5,86

Breytingar á milli ára

Aukið eftirlit og stýring bílaumferðar um staðinn.

Úrbætur

Endurskoða þarf deiliskipulag fyrir svæðið og skipuleggja tjaldsvæði, bílastæði og aðra innviði. Auka þarf viðhald á vegum og koma í veg fyrir akstur utan vega. Setja þarf upp skilti með upplýsingum um náttúru, sögu, umgengisreglur og öryggi ferðamanna ásamt vegvísunum á gönguleiðir. Auka þarf landvörslu allt árið um kring. Bæta þarf viðhald og merkingar á göngustígum.

Fjallabak - Rauðufossar og Rauðufossakvísl

Gönguleið að Rauðufossum og Rauðufossakvísl er ekki fjölfarin en umferð eykst nú frá ári til árs. Stikuð gönguleið er frá bílastæði að Rauðufossum en óljós gönguleið er áfram að Rauðufossakvísl. Enginn útsýnisstaður er afmarkaður við fossinn og hafa þar myndast nokkrir villustígar. Svæðið við Rauðufossa og á gönguleiða að Rauðufossakvísl er að stórum hluta vaxið mosa eða með þunnri lífrænn jarðvegsskán sem er sérstaklega viðkvæmt fyrir traðki. Nokkrir gönguslóðar hafa myndast ofan við fossinn á gönguleið að Rauðufossakvísl. Gamli vegslóðar liggja að Rauðufossum og bílaumferð um þá hafa valdið umtalsverðu jarðvegsrofi. Afmarkað bílastæði er við upphaf gönguleiðar en ummerki eru um utan vega akstur við bílastæðið. Engin skilti eru við Rauðufossa.

Fjallabak, Rauðufossar – ástand	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	2,86
Innviðir áfangastaðar	3,89
Verðmæti áfangastaðar	5,19
Heildareinkunn áfangastaðar	4,35

Úrbætur

Skipuleggja þarf staðinn sem áningarstað, setja upp skilti, afmarka betur bílastæði, stika gönguleið að Rauðufossakvísl og endurskoða skilgreinda vegslóða sem liggja að fossinum. Skilgreina þarf útsýnisstaði við Rauðufossa og Rauðufossakvísl, loka og græða upp villustíga og setja upp girðingar við viðkvæmustu svæðin til að koma í veg fyrir að gegnið sé um þau.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær svæðið 3 milljónir árið 2019 í verkefnið skipulag og hönnun vegna Rauðufossa.

Hveravellir

Hveravellir eru í kvos norðan við gosdyngjuna í Kjalhrauni í 630 m.y.s. Ástæður friðlýsingar byggja á hversu einstakt hverasvæðið þykir, enda talið að á Hveravöllum sé að finna fegurstu vatnshveri Íslands, vegna hins tæra og fagurlitaða vatns og hverahrúðri sem á svæðinu er að finna.

Fjöldi gesta á Hveravöllum hefur aukist á undanförunum árum. Í greinargerð Hveravallafélagsins kemur fram að áætlað er að árlegur fjöldi gesta sé um 35.000 og hafi fjölgað um 5-10 % á ári. Flestir gestir sem koma, dvelja hluta úr degi og fara aftur samdægurs.

Innviðir á Hveravöllum hafa verið endurbættir og eru í viðunandi ástandi. Malarstígur er frá hverasvæði fram hjá Eyvindarhelli að Eyvindarrétt og var gerður fyrir fé úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Helstu gönguleiðir eru merktar og er viðhaldið reglulega af landverði. Lítil vöktun er á gróðri enda landvarsla í lágmarki.

Hveravellir – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	5,24	7,08
Innviðir áfangastaðar	9,17	8,15
Verðmæti áfangastaðar	3,27	5,82
Heildareinkunn áfangastaðar	5,28	6,71

Úrbætur

Rannsa þyrfti hvort framkvæmdir við jaðar náttúruvættisins, n.t.t. nýlegar borholur séu að hafa áhrif á grunnvatnsstöðu svæðisins og þar af leiðandi hveravirkni sem nýtur verndar. Einnig er töluverður ágangur sauðkindarinnar innan náttúruvættisins og er þörf á að girða fyrir lausagöngu þeirra innan hverasvæðisins.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 er gert ráð fyrir úthlutun upp á tvær milljónir króna í verkefnið viðhald á göngustígum á Hveravöllum. Verkefnið á að hefjast árið 2019.

Þjósárver

Þjósárver eru ein víðáttumesta og afskekktasta gróðurvin á hálendi Íslands. Takmarkaðir innviðir eru innan friðlands Þjósárvera, en með endurskoðaðri friðlýsingu sem tók gildi haustið 2017, eru helstu aksturs-, göngu- og reiðleiðir skilgreindar.

Sérstaða Þjósárvera og tilvist er fyrst og fremst vegna samspils jökla, vatns, jarðvegs, veðurfars, gróðurfars og dýralífs. Þjósárver eru hluti mikilfenglegrar náttúru og landslagsheildar sem er að mestu ósnortin.

Náttúrufegurð Þjósárvera og umhverfis þeirra með jökulinn í baksýn er alþekkt og fjölbreyttur gróður, tjarnir og vötn, mikið fuglalíf og smærri dýr, jökulár og víðernið gera þetta svæði einstakt í sinni röð. Á Íslandi fækkar ört mannvirkjalausum svæðum þar sem ekki finnast skálar, kofar, vegir eða uppistöðulón. Þjósárver eru því án nokkurs vafa eitt dýrmætasta svæðið á hálendi Íslands.

Þjósárver- ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	0,48	3,75
Innviðir áfangastaðar	8,89	8,0
Verðmæti áfangastaðar	9,04	8,27
Heildareinkunn áfangastaðar	7,20	7,25

Úrbætur

Þörf er á að ljúka gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið og marka stefnu um verndun þess og nýtingu. Kynna þyrfti betur ákvæði friðlýsinga og auka samstarf við ferðapjónustuaðila sem nýta svæðið.

Brýn þörf er á upplýsingaskiltum við allar aðkomuleiðir sem kynna gestum svæðisins fyrir þeim verndarákvæðum sem í gildi eru auk almennrar upplýsinga varðandi umgengni.

Svæði á náttúruminjaskrá

Jafnframt hefur ástand ferðamannastaða sem annað hvort eru undir miklu álagi sem ferðamannastaðir eða í friðlýsingarferli verið metið.

Hér má sjá hvernig þessi svæði komu út

Tafla 5. Ástand svæða sem eru annað hvort í friðlýsingarferli eða fjölmennir ferðamannastaðir á náttúruminjaskrá.

Svæði	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Látrabjarg, Bjargtangar	5,42	5,24	5,96	5,65
Geysir	6,67	6,67	1,54	4,0
Fjaðrárgljúfur	5,19	4,76	6,79	5,91
Kerlingarfjöll	5,71	6,33	7,12	6,61
Kerlingarfjöll, hverasvæði	5,0	6,67	4,87	5,38
Þjórsárdalur, Gjáin	2,86	3,33	2,79	2,95

Áberandi er að þau svæði sem eru svæði í friðlýsingarferli eða á náttúruminjaskrá koma mjög illa út úr matinu, en þar hefur í flestum tilfellum raunveruleg uppbygging ekki átt sér stað til verndar náttúru svæðanna.

Látrabjarg, Bjargtangar

Látrabjarg er vinsæll viðkomustaður ferðamanna, þangað koma að meðaltali tæplega sexhundrað gestir daglega á háönn skv. talningum. Þar eru mestu fuglabjörg við Norður-Atlantshaf og marka Bjargtangar vestasta odda Íslands. Bjargið er mikilvæg varpstöð margra fuglategunda og ná nokkrar þeirra alþjóðlegum verndarviðmiðum. Látrabjarg er númer 307 á náttúruminjaskrá og hefur verið í friðlýsingarferli frá árinu 2011. Á Látrabjargi og í nágrenni eru nokkrir staðir sem ástandsmeta ætti sem áfangastaði ferðamanna en þungi ferðafólks dvelur á Bjargtöngum, á svæði sem markast af 450 metra leið frá Bjargtangavita að Ritugjá. Landvarsla var á bjarginu sumarið 2018 í átta vikur sumars en hafði þá ekki verið regluleg síðan árið 2014.

Bjargtangar – ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	3,81	5,42
Innviðir áfangastaðar	5,0	5,24
Verðmæti áfangastaðar	3,46	5,96
Heildareinkunn áfangastaðar	3,95	5,65

Breytingar á milli ára

Hækkuð einkunn þátta milli ára stjórnast m.a. af því að ástandsmatsverkfærið hefur verið endurskoðað og lagfært þannig að vægi stiga hefur breyst lítillega frá því árið 2017 með nýju orðalagi auk þess sem fleiri

þættir eru teknir inn sem geta hækkað heildarstigagjöf. Enn fremur var landvarsla á Látrabjargi árið 2018 og hafði það talsvert að segja.

Úrbætur

Nauðsynlegt er að friðlýsa Látrabjarg. Álag vegna ferðamanna á lífríki og náttúru hefur aukist mikið og þarf að grípa til verndarráðstafana strax svo snúa megi við hnignun á Bjargtöngum og í nágrenni þeirra. Brýnustu verkefni eru að vernda svæðið fyrir ágangi með stýringu og uppbyggingu innviða, þ.e. stækka og færa til bílastæði, leggja göngustíga og ákvarða áningarstaði. Einnig þarf að setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti og móta reglur um umgengni og afmörkun svæða sem ekki á að ganga um. Auka þarf viðveru landvarðar og bæta salernisaðstöðu. Mikilvægt er að stefnumarkandi áætlanir séu smíðaðar og settar fram. Svæðið hefur verið deiliskipulagt en um skipulagið ríkir ekki sátt og þarfnast það því endurskoðunar svo bæta megi úr. Vegur 612 frá Örlygshöfn að Látrabjargi er í mjög slæmu ástandi og ber ekki þann fjölda sem um hann fer.

Geysir

Geysir er einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna landsins og verða innviðir að taka mið af því. Góða stýringu þarf á ferðamönnum með uppbyggðu stígakerfi, girðingum og upplýsinga- og fræðsluskiltum. Settur var upp teljari við Gullfoss í maí 2017, samkvæmt honum voru ferðamenn um 700.000 frá maí fram að áramótum. Árið 2018 má áætla að um milljón ferðamenn hafi farið um Gullfoss samkvæmt teljara. Þar sem flestir ferðamenn heimsækja bæði Gullfoss og Geysi á „Gullna hringnum“ samtímis má áætla að fjöldi ferðamanna á Geysi hafi verið um milljón árið 2018.

Við Geysi er gömul hellulögn, sem er fyrir löngu úr sér gengin. Hellulögnin er aðeins á hluta svæðisins og fer á milli innganganna tveggja. Aðrar leiðir eru óuppbyggðar á þessum fjölsóttu áfangastað ferðamanna. Ferðamönnum er því stýrt með böndum og gengið yfir svæði sem eitt sinn var að hluta til gróið en er nú komið niður á hverahrúður eða hveraleir. Því eru engir uppbyggðir stígar á stórum hluta þess svæðis sem ferðamenn fara um til að skoða hverina heldur eingöngu bönd til stýringar um svæðið. Aðeins eru tvö lítil upplýsingaskilti við sinnhvorn inngang um hverasvæðið sem sjást oft ekki vegna fjölda ferðamanna. Pallur og upplýsingaskilti er einnig við Blesa. Eingöngu var einn heilsársstarfsmaður árið 2018 sem sinnti einnig Gullfossi. Aðrir starfsmenn voru tímabundið ráðnir.

Geysir - ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	6,19	6,67
Innviðir áfangastaðar	7,08	6,67
Verðmæti áfangastaðar	1,73	1,54
Heildareinkunn áfangastaðar	4,11	4,0

Breytingar á milli ára

Unnið var í stígakerfi upp á Laugafell frá tjaldstæði og niður á Geysissvæðið við Konungshver. Þeirri vinnu er ekki lokið þar sem klára þarf allan frágang og að setja upp útsýnispalla, tröppur og girðingar meðfram göngustígam.

Úrbætur

Við Geysi þarf að byggja allan staðinn upp frá grunni með uppbyggðum stígum og upplýsingaskiltum. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða sem fyrst og útbúa staðinn þannig að hann geti tekið sómasamlega við miklum fjölda ferðamanna. Fjölga þarf heilsársstörfum landvarða við Geysi. Skipulagsbreytingu þarf til vegna þess að þvera þarf Biskupstungnabraut til að komast frá bílastæðum og þjónustuhúsum yfir á Geysissvæðið sem skapar hættu fyrir ferðamenn.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 fær svæðið úthlutað 50 milljónum. Mikill hluti af því fer í göngustíg upp á Laugafell og voru framkvæmdir í gangi 2018. Hluti af fé fer í hönnun innan Geysissvæðis.

Fjaðrárgljúfur

Fjaðrárgljúfur er nr. 703 á náttúruminjaskrá. Landvarsla er í gljúfrinu hluta úr ári en Fjaðrárgljúfur er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í Skaftárhreppi. Samkvæmt tölum frá dr. Rögnvaldi Ólafssyni sem hefur sett upp teljara á veginn að Fjaðrárgljúfri, var fjöldi gesta 282.423 árið 2017 eða 82% fjölgun frá árinu áður. Svæðinu var lokað 16. mars til 1. júní 2018 fyrir gangandi umferð vegna ágangs á náttúru staðarins Akvegi að staðnum er illa við haldið og bílastæði of lítið og illa farið vegna skorts á viðhaldi. Salerni eru til staðar en þarfnast viðhalds og aðeins opin yfir sumartímann. Göngustígar eru illa farnir og ekki gerðir fyrir vetrarumferð. Hluti göngustígar sem liggur frá Lakavegi að útsýnispalli efst í gljúfrinu var byggður upp frá grunni. Göngustígur frá salernishúsi var lagfærður lítillaga í vor og bætt var við girðingum meðfram stígnum. Gróður á svæðinu lætur á sjá vegna lélegs ástands göngustíga, auk þess sem gestir fara kerfisbundið út fyrir stíga og yfir girðingar meðfram gljúfrinu. Fræðsluskilti er til staðar en bæta þarf við upplýsingum um umgengisreglur og öryggi gesta. Talsvert er um óábyrga markaðssetningu á Fjaðrárgljúfri sem hefur þau áhrif að gestir fylgja því sem fram kemur í auglýsingu og brjóta reglur sem gilda á svæðinu. Þesskonar markaðssetning veldur talsverðu álagi á svæðinu.

Fjaðrárgljúfur – ástand	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,29	5,19
Innviðir áfangastaðar	4,00	4,76
Verðmæti áfangastaðar	4,62	6,79
Heildareinkunn áfangastaðar	4,38	5,91

Breytingar á milli ára

Varanlegur göngustígur var gerður frá Lakavegi og malarefni borði í kafla á göngustíg frá salernishúsi. Girðingum var bætt við meðfram göngustíg. Viðvera landvarðar var aukin á svæðinu. Viðvera landvarðar var aukin á svæðinu. Svæðinu lokað á viðkvæmum tíma, endurheimt á gróðri meðfram göngustíg.

Úrbætur

Klára þarf friðlýsingu svæðisins og gera stjórnunar- og verndaráætlun. Stækka þarf og lagfæra bílastæði og útbúa aðstöðu fyrir rútur. Stækka þarf rotþró salernis og gera ráðstafanir til að halda salernum opnum allt árið. Klára þarf uppbyggingu göngustígs í samræmi við áætlun þar um. Gera þarf skilti með leiðbeiningum um umgengni og öryggi á svæðinu. Auka þarf landvörslu allt árið um kring.

Í verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 er gert ráð fyrir 10 milljónum króna í verkefnið bráðaaðgerðir vegna ástands gróðurs. Verkefnið var klárað árið 2018

Fyrirhugað friðland Kerlingarfjalla

Kerlingarfjöll búa yfir stórbrotinni náttúru. Þau eru vel afmarkaður fjallaklasi á hálendinu með einstaka litadýrð. Þar eru fjölbreyttar og sérstæðar jarðmyndanir og merkilegt samspil jarðhita, íss og gróðurs. Svæðið er hálent, hæstu fjöll 1200-1500 m. há og Snækollur þeirra hæstur. Kerlingarfjöll draga nafn sitt af móbergsdranga, Kerlingu, sem rís upp úr líparítskriðu sunnan í Tindi í vestanverðum fjöllunum.

Kerlingarfjallasvæðið nýtur mjög vaxandi vinsælda fyrir hvers konar útivist. Áður var þar vinsælt skíðasvæði en nú heimsækja gestir svæðið fyrst og fremst til útivistar þar sem víðerni, óröskuð náttúra og kyrrð og ró eru helsta aðdráttarafli svæðisins. Í Kerlingarfjöllum er vaxandi ferðapjónusta.

Umhverfisstofnun, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Kerlingarfjallavinir vinna nú að undirbúningi að friðlýsingu Kerlingarfjalla. Fyrirhugað friðland Kerlingarfjalla er þjóðlenda og fer forsætisráðherra með málefni þess. Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur fara með skipulagsvald innan hins fyrirhugaða friðlands. Í gildi er nýlega endurskoðað aðalskipulag Hrunamannahrepps auk þess sem deiliskipulag er í gildi fyrir Ásgarðssvæðið. Samstarfsnefnd er að störfum varðandi gerð og skilgreiningu á gönguleiðum og upplýsingakorti svæðisins sem Umhverfisstofnun stýrir.

Innviðir eru takmarkaðir í formi aðbúnaðar fyrir gesti svæðisins á áningarstöðum fyrir utan Ásgarðssvæðið, þar sem Fannborg ehf. hefur verið með rekstur frá 1964. Gönguleiðir eru að einhverju leyti merktar en óvíða hefur kvarnast úr stikuðum leiðum og er upplýsingagjöf varðandi gönguleiðir takmörkuð.

Gert er ráð fyrir að ferðamennska á svæðinu aukist á komandi árum, en með friðlýsingunni er ætlunin að setja tímanlega reglur og skipulag fyrir svæðið og byggja upp nauðsynlega innviði til verndar náttúrunni.

Kerlingarfjöll – ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	4,76	5,71
Innviðir áfangastaðar	5,93	6,33
Verðmæti áfangastaðar	3,59	7,12
Heildareinkunn áfangastaðar	4,47	6,61

Breytingar á milli ára

Þekking Umhverfisstofnunar hefur aukist á svæðinu sem mögulega skýrir breytingu að einhverju leyti. Annars voru takmarkaðar aðgerðir framkvæmdar innan svæðisins á yfirstandandi ári sem skýrt gætu breytingu á vægisþáttum.

Úrbætur

Skortur á skipulagi, innviðum og stýringu ásamt mikilli gestasókn veldur átroðningi á svæðinu. Komið getur til þess að fjölsóttir staðir Kerlingarfjalla missi gildi sitt, aðdráttarafli og upplifun gesta rýrni ef ekki kemur til aukningar á stýringu, eftirliti og upplýsingagjöf til gesta svæðisins.

Hverasvæði í fyrirhuguðu friðlandi Kerlingarfjalla

Hversvæðin í Kerlingarfjöllum njóta sérstakrar verndar í fyrirhugaðri friðlýsingu skv. 61. gr. X. kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérsaka vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl. Með auknu aðgengi til að auðvelda gestum yfirferð um Neðri hveradali, er þessum minjum verulega ógnað. Stýringu gesta innan svæðisins er verulega áfátt og víða sjást ummerki um að gengið er um viðkvæm svæði.

Innviðir eru takmarkaðir fyrir gesti svæðisins. Gönguleiðir eru að einhverju leyti merktar en óvíða hefur kvarnast úr stikuðum leiðum og er upplýsingagjöf varðandi gönguleiðir takmörkuð.

Gert er ráð fyrir að ferðamennska á svæðinu aukist á komandi árum, en með friðlýsingunni er ætlunin að setja tímanlega reglur og skipulag fyrir svæðið og byggja upp nauðsynlega innviði til verndar náttúrunni.

Kerlingarfjöll, hverasvæði - ástandsmat	Einkunn 2017	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	3,33	5,0
Innviðir áfangastaðar	2,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	-0,26	4,87
Heildareinkunn áfangastaðar	1,29	5,38

Breytingar á milli ára

Þekking Umhverfisstofnunar hefur aukist á svæðinu sem mögulega skýrir breytingu að einhverju leyti. Annars voru aðgerðir framkvæmdar innan svæðisins á yfirstandandi ári varðandi stýringu og upplýsingagjöf sem skýrt gætu breytingu á vægisþáttum.

Úrbætur

Skortur á skipulagi, innviðum og stýringu ásamt mikilli gestasókn veldur átroðningi á svæðinu. Komið getur til þess að viðkvæm svæði missi gildi sitt, aðdráttarafli og upplifun gesta rýrni ef ekki kemur til aukningar á stýringu, eftirlit og upplýsingagjöf til gesta svæðisins.

Fyrirhugað friðland í Þjórsárdal, Gjáin

Þjórsárdalur liggur á milli Búrfells við Þjórsá í austri og Skriðufells í vestri. Dalurinn er nokkuð sléttlendur og vikurborinn eftir endurtekin eldgos í Heklu. Í Þjórsárdal eru t.d. Stöng, Gjáin, Háifoss, Þjóðveldisbærinn og Vegghamrar. Skiptist Þjórsárdalur í tvo dalbotna um Rauðukamba, þar sem Fossá rennur í austari dalbotninum og Bergólfsstaðaá (framar Sandá) í hinum vestari. Sérstaða svæðisins felst fyrst og fremst í einstæðri náttúru og menningarminjum.

Gjáin hefur verið vinsæll ferðamannastaður og er helsta aðráttaraflíð óröskuð náttúra og friðsæld. Háifoss, Glanni og Stöng eru einnig fjölsóttir ferðamannastaðir í Þjórsárdal. Friðlýsing svæðis í Þjórsárdal, og þá sérstaklega Gjárinnar er hluti af átaki í friðlýsingum sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Innviðir eru takmarkaðir fyrir gesti svæðisins. Gönguleiðir eru að einhverju leyti merktar og er upplýsingagjöf varðandi gönguleiðir takmörkuð.

Gert er ráð fyrir að ferðamennska á svæðinu aukist á komandi árum, en með friðlýsingunni er ætlunin að setja tímalega reglur og skipulag fyrir svæðið og byggja upp nauðsynlega innviði til verndar náttúrunni.

Þjórsárdalur, Gjáin - ástandsmat	Einkunn 2018
Skipulag áfangastaðar	2,86
Innviðir áfangastaðar	3,33
Verðmæti áfangastaðar	2,79
Heildareinkunn áfangastaðar	2,95

Úrbætur

Skortur á skipulagi, innviðum og stýringu ásamt mikilli gestasókn veldur átroðningi á svæðinu. Komið getur til þess að viðkvæm svæði missi gildi sitt, aðráttarafl og upplifun gesta rýrni ef ekki kemur til aukningar á stýringu, eftirlit og upplýsingagjöf til gesta svæðisins.

Lokaorð

Starfsmenn Umhverfisstofnunar hafa nú unnið með ástandsmatsverkfærið í gegnum tvær matsumferðir. Er það trú okkar að það komi til með að nýtast vel við þá vinnu sem fram undan er, að vernda íslenska náttúru fyrir ágangi og til að forgangsraða úrbótaverkefnum innan hvers svæðis fyrir sig.

Milli áranna 2017 og 2018 var unnið við að sníða af þá vankanta sem upp komu fyrra árið. Teljum við verkfærið hafa batnað milli ára. Það þýðir þó ekki að verkfærið sé endanlega tilbúið heldur munum við rýna það betur fyrir ástandsmat 2019.

Við vonumst til að hægt verði að nýta matið til að fylgjast með þróun ástands á áfangastöðum ferðamanna og nota það til inngripa, áður en til ófna kemur.

Viðauki 1

Mat á ástandi ferðamannasvæða, leiðbeiningar

INNGANGUR

Undanfarin ár hefur ferðamönnum fjölgað verulega á vinsælum stöðum hérlendis. Margir staðir hafa samhliða orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna fjölgunarinnar. Á sumum ferðamannastöðum hefur álagið jafnvel valdið óafturkræfu tjóni á umhverfi og náttúru. Þar eru fyrst og fremst þrjú meginþættir sem bregðast.

Skipulag svæða:

Gestasókn verður oft stjórnlaus og án skipulags. Fólki fjölgar stöðugt án þess að hannaðar séu samhliða leiðir til að taka við fjöldanum. Lítil eða engin umsjón er með svæðunum og framtíðarsýn ekki til staðar.

Innviðir svæða:

Innviðir eru ásamt umsjón einn þeirra þátta sem eykur þol svæða gagnvart mikilli gestasókn. Innviðir geta verið í margskonar formi, s.s. akvegir, bílastæði, göngustígar, upplýsingar og leiðbeiningar, salerni o.s.frv. Innviðir auka stjórn á ferðum gesta og draga úr álagi. Skortur á innviðum veldur því að svæðum hnignar hratt, lítil stýring er á ferðum gesta með tilheyrandi raski á náttúru og umhverfi.

Verðmæti svæða:

Verðmætin geta verið í formi landslags, gróðurs, jarðminja, dýralífs og menningarminja. Verðmætin eru aðdráttarafl svæðanna og skapa upplifun gesta. Skortur á skipulagi og innviðum ásamt mikilli gestasókn getur valdið átroðningi og tjóni á verðmætum svæðum, jafnvel óafturkræfum. Mjög kostnaðarsamt getur reynst að koma röskuðum svæðum í samt lag á ný og mjög raskað svæði missir gildi sitt, aðdráttarafl og upplifun gesta.

Aðferðir til að meta ástand lands:

Ýmsar aðferðir hafa verið nýttar til að leggja mat á ástand ferðamannasvæða, ekki síst friðlýstra svæða sem draga til sín gesti. Eitt þeirra verkfæra er „Ástandsskýrsla“ Umhverfisstofnunar varðandi friðlýst svæði í umsjón hennar svo og „Rauðlistaskýrslan“ þar sem útlistuð eru þau svæði sem eru undir það miklu álagi að hætta er á að verndargildi þeirra tapist. Umræddar skýrslur hafa þó haft vissa hnökra, t.d. eru ólíkar aðferðir nýttar til að meta svæði, samanburðarhæfni ekki til staðar og þá hafa þær, ekki síst Rauðlistaskýrslan, haft á sér orð fyrir að vera hlutlægar á köflum.

Á vordögum 2016 gerðu Umhverfisstofnun og Stjórnstöð ferðamanna með sér samning um að fyrrgreindi aðilinn myndi hanna og þróa verkfæri sem nýta mætti til að leggja mat á svæði sem eru undir álagi vegna gestasóknar. Áhersla var lögð á að verkfærið legði hlutlægt mat á verndarsvæði, væri samanburðarhæft milli svæða og gæfi til kynna hvort ástand svæða færi batnandi eða versnandi milli ára. Umræddir þrjú meginþættir (skipulag, innviðir og verðmæti) eru metnir til að byrja með en bæta má við nýjum meginþáttum, fella þætti út ef þarf o.s.frv. Verkfærið sem hér fylgir er í þróun og verður sennilega áfram um komandi ár. Það á að geta aðlagð sig að breyttum

tímum, áherslum o.s.frv. Mikilvægt er að verkfærið sé einfalt í notkun og að ekki þurfi sérþekkingu til að nýta það. Verkfærið gefur hverjum meginþátta einkunn á bilinu 0 til 10 svo og svæðinu eina heildareinkunn.

Hönnun verkfærisins:

Ýmsar leiðir eru þekktar erlendis nýttar til að leggja mat á ástand og álag á fjölsótt svæði svo og mat á stjórnun þeirra. Við gerð þessa verkfæris voru ýmis erlend verkfæri skoðuð og hugmyndafræði þeirra nýtt. Ber sérstaklega að nefna *Management Effectiveness Tracking Tool - WWF* sem er verkfæri hannað til að meta virkni stjórnunar á friðlýstum svæðum. Aðferðarfræði ástandsmatsins er byggð á svipuðum grunni, þ.e. settar eru fram fullyrðingar um vissa þætti sem skipta ástand svæða máli og sú fullyrðing sem á best við gefur vissa einkunn (sjá síðar).

Sett voru fram alls 27 viðföng sem skiptast í þá þrjá meginþætti sem verkfærið leggur mat á, skipulag, innviði og verðmæti. Hvert viðfang hefur fjórar fullyrðingar sem gefa einkunn og einnig dálk sem merkt er í ef viðfang á ekki við umrætt svæði.

Kallaður var saman fundur margra hagsmunaaðila þar sem viðföng voru samin, rædd og metin, allt atriði sem skipta máli er kemur að ástandsmati ferðamannasvæða. Í kjölfarið voru viðföngin fínþússuð og sett fram með einkunnum. Þá var sett fram reiknilíkan til að leggja lokamat á einkunnargjöf hvers metins svæðis. Hafa ber í huga að þótt nothæft verkfæri sé þegar til staðar á það eftir að taka breytingum á komandi árum samhliða aukinni reynslu af notkun þess.

Úrvinnsla:

Við hönnun verkfærisins voru fjölmörg svæði sem Umhverfisstofnun hefur eftirlit með metin og verkfærið prófað. Eðlilega fundust hnökrar sem bætt var úr og mat þá endurtekið. Það verkfæri sem hér birtist er fyrsta útgáfa af ástandsmatinu. Verkfærið er ekki fullkomið og enn á eftir að laga margt til, bæta við viðföngum og jafnvel taka einhver út, en grunnurinn er lagður og fyrsta tilraunaútgáfa gerð með mati á svæðum frá 2017. Aftur verður lagt mat á umrædd svæði 2018 og fleirum bætt við. Samhliða verður matið lagfært, enda komin samanburður og reynsla af nýtingu verkfærisins.

Notkun, leiðbeiningar:

Hafa skal í huga að verkfæri þetta er hannað til að leggja mat á ástand svæða sem eru undir álagi vegna gestasóknar svo og þekktir ferðamannastaðir. Ekki er ástæða til að leggja mat á svæði sem fáir sækja heim og áhrif vegna gesta eru óveruleg. Það er þó mat hverju sinni. Sama á við ef álag á svæði er vegna náttúrulegra þátta og/eða vegna framkvæmda þriðja aðila s.s. virkjanir, vegafamkvæmdir eða annað álag sem ekki er hægt að rekja beint til ferðamanna. Verkfærið metur gestaálag og leiðir til úrbóta. Þó eru stök viðföng sem heyra ekki beint undir álag gesta, en geta haft áhrif á upplifun þeirra, t.d. landnýting, framandi ágengar lífverur o.s.frv.

Að fylla út matið:

Verkfærið samanstendur af 27 viðföngum, með fjórum til sex fullyrðingum í hverju viðfangi. Viðföngin skiptast í þrjá meginflokk (skipulag, innviðir, verðmæti). Sá sem tekur út svæði merkir við hvert viðfang þá fullyrðingu sem á best við. Vissulega getur komið upp að ástand sé metið

milli tveggja fullyrðinga (tvær fullyrðingar gætu átt við) og er þá hægt að fara milliveg og gefa einkunnir með kommu. Dæmi: svæðið liggur á milli 2 og 3 og má gefa einkunn 2,5 eða aðra þá tölu sem metandi telur gilda. Samhliða skal þá setja athugasemd við í athugasemdadálk, á hverju matið byggist.

Ástands- og úrbótarmat:

Tveir reitir eru aftan við einkunnargjöfina, annars vegar reitur fyrir ástand og hins vegar reitur fyrir úrbætur. Dæmi: Ástand; Talsvert er farið að sjá á göngustígum á svæðinu, sérstaklega í bleytutíð... Úrbætur; Mikilvægt er að bæta drenun göngustíga og setja betra burðalag í efsta hluta stíganna. Hér er bæði ástandi og úrbótum lýst. Mikilvægt er að textinn sé stuttur og hnitmiðaður og þegar skýrsla er unnin um ástand allra metinna svæða flyst þessi texti yfir í samanburðarskýrsluna. Gott er að hafa í huga að ekki er eingöngu verið að lýsa ástandi heldur og einnig úrbótum. Í raun má tala um ástands- og úrbótamat verkfærisins.

Við hvaða svæði miðast matið:

Líkt og fyrr segir er um að ræða svæði sem eru undir álagi vegna fjölda ferðamanna. Svæðin geta verið jafnt innan friðlýstra svæða, þjóðgarða eða svæði án hirðis sem draga að sér fjölda gesta. Svæðin sem metin eru, eru afmörkuð, þ.e. ekki er lagt mat á stórt heildarsvæði, D: Fjallabak, heldur umsetin svæði innan þeirra, t.d. Landmannalaugar, Laugahraun og Grænagil. Það eru þau svæði sem eru undir álagi vegna gesta. Benda má á að stór friðlönd eru yfirleitt í góðu ástandi þótt innan þeirra geti stöku staðir verið ofsetnir eða undir skemmdum. Á þau svæði er lagt mat og úrbætur. Fyrri ástandsmatsskýrslur lögðu fremur mat á heildarsvæði oft út frá einstaka stöðum sem illa voru farnir innan þeirra (Fjallabak var í heild á rauðum lista þó aðeins lítill hluti þeirra væri í raun undir óafturkræfu álagi). Metandi svæðis þarf því að hafa það í huga að leggja mat á álagssvæði og geta þau oft verið fleiri en eitt á stóru ferðamannasvæði. D: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, mat er lagt á Svalþúfu, Lóndranga, Malarif, Djúpalón, Saxhól, Skarðsvík, Öndverðarnes o.s.frv. en ekki á þjóðgarðinn í heild, enda stór hluti hans utan ferðamannaleiða og álags sem fylgir oft gestum. Öll svæðin eru sótt af fjölda ferðamanna. Einnig má leggja mat á einstaka göngustíga/ gönguleiðir (Laugahraun, gönguleiðin Stapar-Hellnar o.s.frv.).

Hvenær skal gera matið?

Strax og sjá fer á ferðamannasvæði eða þegar fjöldi gesta er orðinn það mikill að svæði verði hugsanlega fyrir neikvæðum áhrifum, skal gera ástandsmat. Einnig má gera mat á svæði sem er í mjög góðu standi og fáir gestir sækja heim, en þá munu mörg viðföng falla út (eiga ekki við). Mjög brýnt er að meta illa farin svæði. Gott er að gera matið þegar álagið er sýnilegt, t.d. á sumrin eða á haustin þegar fjöldi gesta kemur á svæði. Í raun má þó taka matið hvenær árs sem er. Ljúka þarf mati og skila því af sér um miðjan nóvember ár hvert. Þegar lokaskil liggja fyrir er unnin stöðugreining á öllum metnum svæðum. Benda skal á að með auknum fjölda gesta á vetrar- og vortíma hefur álag á mörgum stöðum breyst. Brýnt er að fylgjast með og skrá ástand álagssvæða á þeim tíma. Ástandsmat skal endurtekið árlega, þannig verður matið svæði samanburðarhæft milli ára og breyttar áherslur t.d. í úrbótum á umræddum svæðum skila sér árlega.

Hverjir fylla út matið (því fleiri, því betra)

Umsjónaraðili svæðis (ábyrgðaraðili) fyllir út matið þar sem slíkur aðili er til staðar. Hann getur jafnframt látið aðra (s.s. landverði) fylla út matið með leiðsögn og eftirliti svo rétt sé unnið. Ef enginn hefur umsjón með svæði getur fulltrúi sveitafélags unnið það, eigendur svæða o.s.frv. Best er að fleiri en einn aðili fylli út mat hvers svæðis, t.d. gætu einn eða fleiri landverðir fyllt út matið hver í sínu lagi og borið saman og rætt niðurstöður sínar í kjölfarið ásamt yfirmanni. Umhverfisstofnun sér um að setja upp matsskýrslu og skal skila gögnum til hennar. Fulltrúi stofnunarinnar metur áreiðanleika gagna og sækir frekari upplýsingar ef þörf er á um einstök svæði.

Viðföng:

Líkt og áður segir eru þrír meginþættir metnir á álagssvæðum. Þættirnir ásamt eintökum þáttum eru:

- Skipulag áfangastaðar
 - Leiðbeiningar og upplýsingar
 - Umsjón, landvarsla
 - Fjármögnun
 - Stefnumótun, stjórnunar- og verndaráætlun
 - Skipulagsáætlanir, aðalskipulag, deiliskipulag
 - Ólöglegt athæfi, utanvegarakstur, næturdvöl, veiði framkvæmdir, vísvitandi skemmdir á náttúru, vörðuhleðsla
 - Vöktun, talning gesta
- Innviðir
 - Göngustígar
 - Stikaðar varðaðar leiðir
 - Salerni
 - Bílastæði
 - Akvegir að/innan áfangastaðar
 - Umferð reiðhjóla
 - Reiðleiðir
 - Áningarstaðir, Útsýnisstaðir, þjónustustaðir (nestisstaðir)
 - Tjaldsvæði
- Verðmæti svæðis
 - Gróður
 - Ágengar, framandi tegundir
 - Landslag
 - Menningarminjar
 - Jarðminjar
 - Lífríki, Dýralíf
 - Landnýting á eða við áfangastaði ferðamanna, t.a.m. efnistaka, skógrækt, landbúnaður eða annað

Er hægt að tryggja að matið sé ekki huglægt?

Þegar mat og einkunn liggur fyrir eru niðurstöður skoðaðar, ekki síst ef svæði kemur illa út. Skoða þarf hvort ástandsmatið hafi verið fyllt rétt út og hvort metandi hafi gerst of huglægur eða misskilið viðföngin. Gott er að bera saman einkunnir nokkurra svæða. Ef einstakar einkunnir eru mjög á skjön skal skoða þær sérstaklega. Funda þarf um viðföng sem koma illa út og leggja sameiginlegt mat á hvort einkunnir séu réttar. Þetta skal gert til að tryggja að matið sé fyllt rétt út og fyrirbyggja að mat á ástandi sé byggt á huglægum forsendum.

Einstakir þættir matsins:

Hvað dregur úr álagi svæða og hvað skiptir framgang þess máli?

Skipulag áfangastaðar

Skipulag skiptir svæði miklu máli. Með skipulagi er átt við hvort einhver hafi umsjón og eftirlit með svæði, hvort leiðbeiningar um ferðahegðun séu til staðar og hvort þörf sé á þeim. Jafnframt hvort svæðið hafi fjármagn til að takast á við álagsvalda, s.s. með viðhaldi, uppbyggingi innviða, landvörslu o.s.frv. Er stefnumótun ráðandi og hvernig er opinberu skipulagi háttað? Gagnast gilt aðalskipulag svæðinu? Miðast deiliskipulag við þarfir og innra skipulag? Þá skal lagt mat á ólöglegt athæfi s.s. utanvegaakstur eða annað slíkt. Loks er lagt mat á vitneskju um álagsvalda s.s. fjölda ferðamanna, eigindi þeirra o.fl.

Innviðir áfangastaða

Innviðir eru flestum svæðum mjög mikilvægir, enda fylgir þeim stýring á álagi. Innviðir snúa að þörfum ferðamanna, að komast leiða sinna, njóta staða, öryggi og þægindi, læsileika áfangastaðar (hvar má ég ganga, sitja, leggja bílnum, borða nesti o.s.frv.), samhliða og vel hannaðir staðir auka á margbreytileika, fræðslu og upplifun gesta. Góðir innviðir hækka þol áfangastaða.

Verðmæti

Verðmætin liggja í náttúru og arfleifð svæða. Þau eru hið raunverulega aðráttarafl og væntingar og upplifun gesta stendur og fellur með ástandi þeirra. Í matinu er sýnilegt ástand gróðurs, jarðminja og menningarminja metið út frá álagstjóni sem gestir geta valdið (troðningar og rof). Þá er lagt mat á áhrif gesta á dýralíf, en slíkt er þó oft dulið og erfitt að meta án frekari rannsóknna. Fremur er skoðað hvort gestir geti haft áhrif á varplönd fugla o.s.frv. Landslag er einn matsþátta og mat lagt á hvort athafnir, vegir, mannvirki o.s.frv., hafi neikvæð áhrif á svæði og upplifun gesta. Jafnframt setur það þá kröfu á umsjónaraðila að standa vel að hönnun innviða og tryggja að þeir falli vel að umhverfi sínu. Loks er metin önnur landnýting s.s. efnistaka, beit, akuryrkja eða annað sem getur haft neikvæð áhrif á upplifun gesta og gildi svæðisins. Landslag og landnýting geta leitt til huglægs mats og þarf því að skoða þá þætti sérstaklega ef einkunnir eru lágar.

Einkunn:

Hvert viðfang gefur ákveðin stig. Þegar heildarfjöldi stiga er lagður saman fyrir öll viðföng kemur út talan 100 stig. Stigunum er skipt í tug og svæði með fullt hús stiga fær þannig 10 í einkunn. Slík einkunn yrði þó ósennileg. Einkunn er með tveimur aukastöfum (D: 5,42). Það getur komið fyrir að viðfang á ekki við áfangastað, t.d. svæðið er girt af og umferð hrossa bönnuð, reiðleið á þ.a.l.

ekki við í umræddu viðfangi. Í útreikningum er tekið tillit til þess sem á ekki við og fellur viðfangið út úr heildarreikningi svæðis. Það eru því eingöngu metin viðföng sem gefa einkunn.